GUÐMUNDUR HERMANNSSON

*Fór í andlega upplífgandi ferð til Grikklands*

ferðir • bílar • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




ANDRÉ BACHMANN

*Áritar í vinnunni við afgreiðsluborðið*

Selur plötuna sína á bensínstöðinni

FÓLK 30



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. september 2008 — 239. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Kjólameistarar fagna



Klæðskera- og kjólameistarafélagið heldur upp á 65 ára afmæli með sýningu á gömlum flíkum unnum af fagfólki.

TÍMAMÓT 18

### Baggalútur mættur til vinnu



Ritstjórnin hélt á Íslendingaslóðir í fríinu og sá meðal annars stærsta svín Iowa-fylkis.

FÓLK 24

### Afturhvarf til forneskju

„Heimgreiðslur til foreldra vinna beinlínis gegn markmiðum feðraorlofsins,“ skrifar Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir.

UMRÆÐAN 17

### Skórnir niður af hillunni



Kári Steinn hætti við að hætta og fór á kostum í sigri ÍA á Val.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR** Í dag verða austlægar áttir 3-8 m/s víðast hvar. Skýjað austan til og sums staðar við suðurströndina annars bjart með köflum. Hætt við smáskúrum syðst og súld á annesjum nyrðra. Hiti 7-14 stig.

VEÐUR 4




Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

# Pólstjörnufangar kröfðu samfanga um verndartolla

**Pólstjörnufangar sem afplána dóma á Litla-Hrauni hafa í tvígang ráðist á samfanga sína og slasað. Þeir hafa krafið aðra fanga um verndartolla. Fyrri árásin er komin til saksóknara en sú síðari er í rannsókn.**

**LÖGREGLUMÁL** Fangar sem afplána dóma á Litla-Hrauni vegna Pólstjörnumálsins hafa verið aðskildir vegna meintrar ofbeldisfullrar hegðunar innan veggja fangelsisins. Þeir hafa krafið samfanga um verndartolla, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Þá hafa þeir tvívegis ráðist á og slasað samfanga.

Fyrri líkamsárásin var í lok mars. Þá komu fjórir fangar inn í söluturn í fangelsinu þar sem fyrir var einn fangi. Hann vissi svo ekki fyrr en hann fékk sting í aðra rasskinnina. Þegar hann fór að huga betur að varð hann var við að í rasskinninni stóð útskurðarsporjárn sem einn mannanna fjögurra hafði stungið í hann.

Fanginn var fluttur á heilsugæsluna á Selfossi þar sem gert var að sárinu. Hann var síðan fluttur til áframhaldandi afplánunar í öðru fangelsi, þar sem hann dvelur nú. Hinir fjórir voru aðskildir og yfirheyrðir sem sakborningar.

Síðari árásin átti sér stað á fimmtudagsmorgun, í kennslustofu á Litla-Hrauni. Kennarinn þurfti að bregða sér frá örskamma stund. Þrír fangar notuðu tækifærið og réðust á samfanga sinn. Þeir létu högg og spörk dynja á honum þar sem hann lá á gólfinu. Meðal annars þurfti að sauma áverka á andliti hans, auk þess sem hann var blár og bólginn. Þá hafa borist kvartanir vegna þessara sömu manna þess efnis að þeir hafi krafið samfanga um verndartolla, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fangelsismálayfirvöld hafa gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir að atburðir af þessu tagi geti endurtekið sig. Lögreglan á Selfossi hefur fengið bæði líkamsárásarmálin til rannsóknar. Rannsókn stungumálsins er lokið og hefur það verið sent til ríkissaksóknara. Vegna síðari líkamsárásarinnar hefur lögregla yfirheyrt þrettán fanga, eða alla þá sem voru í skólastofunni. Unnið er að rannsókn málsins af fullum krafti, en fangarnir þrír sem grunaðir eru um verknaðinn hafa neitað sök, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. - jss



**FORNBÍLAKEPPNI Á ÍSLANDI** Bentley Darby, árgerð 1935 frá Bretlandi, er einn af þeim tæplega sjötíu fornbílum sem komu til landsins í gær. Þeir munu allir taka þátt í fornbílakeppni sem ber yfirskriftina „An Icelandic Odyssey“ og aka hringinn í kringum landið. Austin Mini Cooper, sem tók þátt í Monte Carlo-aksturskeppninni árið 1965, verður með í keppninni. Yngsti bíllinn í keppninni var framleiddur árið 1981 en sá elsti 1922. **sjá allt** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ríkissjóður tekur lán á betri kjörum en skuldatryggingarálag sjóðsins segir til um:

# Tekur 30 milljarða króna lán

**ALÞINGI** Besta leiðin til að vinna okkur út úr tímabundnum erfiðleikum er að framleiða, framleiða og aftur framleiða. Ríkissjóður tekur 30 milljarða gjaldeyrislán á hagstæðari kjörum en skuldatryggingarálag sjóðsins segir til um.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í umræðum um efnahagsmál á Alþingi í gær. Hann sagði að eftir lántökuna nú hafi gjaldeyrisforðinn verið fimmfaldaður á tveimur árum og sé rúmir 500 milljarðar króna.



GEIR H. HAARDE

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að hluti af þeim vanda sem Íslendingar glími við sé skort hafi traust á íslenskum efnahag og viðskiptalífi. „Frá því að gerðir voru gjaldmiðlaskiptasamningar við norræna seðlabanka hafa ekki verið stigin mikilvæg skref í þessum efnum. Þessi aðgerð er jákvæð í sjálfu sér, en veldur ekki straumhvörfum.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni að bankarnir þyrftu að hætta að skerða starfsfé sitt með óhóflegum bónus- og arðgreiðslum.

- bþs / ikh sjá síðu 4 og Markaðinn

Mannslátið á Skúlagötu:

## Tveir menn í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Karlmennirnir tveir sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur yfirheyrt vegna manns sem fannst látinn á Skúlagötu í fyrradag hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Nokkrir áverkar voru á enni mannsins og ljóst að hann hafði misst mikið blóð áður en hann lést, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Rannsókn stendur yfir og er beðið bráðabirgðaniðurstöðu krufningar. - jss / sjá síðu 6

Náttúruhamfarir á Íslandi:

## Ný lög þarf um almannavarnir

**ÖRYGGISMÁL** Þörf er á heildarlagasetningu um björgunar- og hjálparstarf, neyðaraðstoð og endurreisn eftir náttúruhamfarir. Ný almannavarnalög ganga of skammt.

Þetta er ein af meginniðurstöðum verkefnisins Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum sem unnið var á vegum Stofnunar Sæmundar fróða og ráðgjafarstofunnar Rainrace. - shá / sjá síðu 10

Fíkniefnafundur í Norrænu:

## Tugir kílóa fundust í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Tugir kílóa af fíkniefnum fundust í fólksbíl erlends karlmanns sem kom til landsins með Norrænu. Maðurinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í tvær vikur. Efnin fundust við tollafgreiðslu í gær en þau voru vandlega falin. Leit í bílnum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Málið er nú í höndum fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Endanlegt magn eða nákvæm samsetning efnanna liggur ekki fyrir. Samstarf tollgæslunnar á Íslandi og í Færeyjum leiddi til þess að efnin fundust. - shá

nýtt

OPIÐ ALLA DAGA

11-20

IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

**SPURNING DAGSINS**



*Hafdís, fallið þið enn í kramið?*

„Já, heldur betur, og erum langt því frá að lenda í ellikröm.“

Hafdís Árnadóttir er eigandi Kramhússins, sem fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir.

Ríkissaksóknari ákærir vegna líkamsárása:

# Grófar árásir á lögreglumenn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út þrjár ákærur á hendur einstaklingum sem ráðist hafa gróflega að lögreglumönnum við skyldustörf. Málin hafa öll verið þingfest í Héraðsdómi Reykjaness.

Rúmlega þrítugur Hafnfirðingur var ákærður fyrir að sparka í vinstri sköflung lögreglumanns, sem var við störf í Leifsstöð. Lögreglumaðurinn hlaut nokkra áverka þegar maðurinn sparkaði í hann.

Sami einstaklingur var einnig ákærður fyrir að hafa sparkað í klof annars lögreglumanns í lögreglubifreið sem hafði verið stöðvuð við hringtorg á mótum Ásbrautar og Strandgötu í Hafnarfirði.

Þá var annar einstaklingur á fimmtugsaldri, einnig úr Hafnarfirði, ákærður fyrir að hafa rifið í hár lögreglukonu, sem þar var við skyldustörf, stungið fingrum sínum upp í munn hennar, klórað hana í tannholdið og slegið hana með krepptum hnefa í vinstri kjálka. Hún hlaut opið sár á vör og í munnhol sem sauma þurfti með nokkrum sporum og eymsli hægra megin í kjálka og kjálkalið. **- jss**



**LÖGREGLUMENN** Lögreglumenn mega búa við árásir og hótanir þegar þeir eru við skyldustörf eins og dæmin sanna.

Ekkert haust í veðurkortunum:

# Bjartir og góðir dagar í vikunni

**VEÐUR** „Það er útlit fyrir bjarta og góða daga um mest allt land næstu daga,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

Einar býst við góðviðri fram að helgi en þá fari að þykkna upp, helst vestanlands.

„Það þykknar upp um helgina með sunnanáttum en fram að þeim tíma verður lítið um ský og tiltölulega hlýtt loft yfir landinu,“ segir Einar. Landsmenn ættu því víðast hvar að geta séð til sólar. „Sumir kalla þetta sumarauka, þegar komið er fram í september og gerir góða daga, en samkvæmt skilgreiningunni er sumarið út september.“ **- ovd**



**BURJ DUBAI** Svona mun turninn líta út þegar hann hefur verið kláraður í september á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæsta bygging heims:

# Turninn 688 metrar hár

**DUBAI/AP Burj Dubai-skýjakljúfurinn í Sameinuðu arabísku furstadæmunum er orðinn sá hæsti í heimi, eða 688 metrar á hæð.**

**Enn er verið að byggja skýjakljúfinn og fær enginn að vita hvað hann verður nákvæmlega hár fyrr en framkvæmdum lýkur í september á næsta ári. Skýjakljúfurinn Taipei 101 hefur verið hæsta byggingin síðan 2004.** **- vsp**

Héraðsdómur Reykjaness:

# Sýknaður af kynferðisbroti

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sýknaður í máli, þar sem honum var gefið að sök að hafa nauðgað heyrnarskertri konu, sem gat ekki vegna ölvunar og svefndrunga spornað gegn verknaðinum.

Maðurinn neitaði sök. Í málinu var ekki ágreiningur um að maðurinn og konan hefðu haft samfarir. Hins vegar taldi dómurinn vafa leika á því að maðurinn hefði mátt ætla að þær væru gegn vilja konunnar eða að hún væri í því ástandi að geta ekki spornað við þeim. Þessi vafi var manninum í hag, þannig að hann var sýknaður. **- jss**

# Íslendingahópur fékk salmonellu á Rhodos

**Framhaldsskólanemar og fjölskyldufólk vill bætur vegna salmonellusýkingar og lélegs aðbúnaðar á Rhodos. Forstjóri Heimsferða segir orsök veikindanna enn óljósa en sóttvarnarlæknir á Íslandi rekur sýkinguna til hótelsins ytra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er verst að læknir skuli hafa greint þetta á rangan hátt,“ segir Einar Þórðarson, faðir drengs sem veiktist hastarlega af salmonellusýkingu á Rhodos í ágúst.

Sonur Einars var í tíu pilta hópi æskuvina úr Grafarvogi sem hélt til Rhodos 9. ágúst síðastliðinn. Hópurinn dvaldist á hótelinu Forum Beach og var þar í fullu fæði.

„Þeir borðuðu á hótelinu fyrsta kvöldið og hádegismat daginn eftir. Um kvöldið veiktust þeir einn af öðrum. Það sama gerðist með sjö af átta meðlimum tveggja íslenskra fjölskyldna og átta úr fimmtán manna hópi úr Menntaskólanum í Kópavogi,“ segir Einar.

Sumir Íslendinganna fóru til læknis og fengu, að sögn Einars, þann úrskurð að þeir hefðu smitast af vírus og var gefið lyf samkvæmt því. Eftir heimkomuna til Íslands 23. ágúst kom hins vegar í ljós að um salmonellusýkingu var að ræða. Að sögn Einars var einn pilturinn svo illa haldinn að hann reyndist þurfa á aðgerð að halda. „Og annar fjölskyldufaðirinn fékk sýkinguna í liði og er enn veikur,“ segir Einar.

Drengir í hópnum halda því fram að aðbúnaðinn á Forum Beach hafi verið fyrir neðan allar hellur. Hótelið hafi verið afar óþrifalegt og að maturinn hafi verið mjög ólystugur. Endað hafi með að þeir hafi neytt flestra sinna máltíða utan hótelsins þrátt fyrir að hafa greitt fyrir fullt fæði.



**VEIKTUST Á RHODOS** „Þessi ferð var alger skita,“ er samdóma álit piltanna úr Grafarvogi sem sýktust af salmonellu á Rhodos. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Þeir borðuðu á hótelinu fyrsta kvöldið og hádegismat daginn eftir. Um kvöldið veiktust þeir enn af öðrum.
>
> **EINAR ÞÓRÐARSON**
> FAÐIR DRENGS SEM VEIKTIST

„Það er vont að viðbrögð fararstjóranna voru bara afneitun á því hversu ástandið var alvarlegt,“ segir Einar sem kveður þá sem sýktust nú hafa borið saman bækur sínar. Þeir vilji fá bætur og vari aðra við.

Sóttvarnarlæknir hér heima hefur rannsakað málið og rekur sýkinguna til hótelsins ytra. Hann hefur verið í sambandi við erlend sóttvarnaryfirvöld. Hópur Svía sem dvaldist á hótelinu sýktist einnig.

Tómas Gestsson, forstjóri Heimsferða, segir að til að geta gert kröfu á Forum Beach þurfi meðal annars að liggja fyrir skjalfestar sjúkdómsgreiningar sem hægt sé að senda utan. „Við munum aðstoða okkar farþega til að ná fram rétti sínum en til þess þurfum við að hafa eitthvað í höndunum. Það getur vel verið að þetta fólk hafi borðað eitthvað annars staðar,“ bendir Tómas á og segir að fjöldi annarra gesta á hótelinu hafi ekki veikst.

Forstjórinn er ekki sammála því að starfsmenn Heimsferða hafi verið sinnulitlir. „Við reynum að gera eins og við gátum.“

gar@frettabladid.is

Rætt um virkjanir og stóriðju:

# Tveggja stunda umræður í dag

**ALÞINGI Rætt verður um stefnu ríkisstjórnarinnar í virkjana- og stóriðjumálum utan dagskrár á Alþingi í dag. Standa umræðurnar í tvær klukkustundir. Fara þær fram að ósk Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG, og verður Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra til andsvara.**



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

**Við upphaf þingfundarins verða óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra.** **- bþs**

Grunaður um kynferðisbrot:

# Laus úr fangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Manninum sem setið hefur í gæsluvarðhaldi undanfarna daga vegna gruns um kynferðisbrot gegn fósturdóttur sinni var sleppt úr haldi í gær, þar sem rannsóknarhagsmunir voru ekki lengur til staðar.

Maðurinn var handtekinn fyrir rétti viku og úrskurðaður í gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna rannsóknarhagsmuna. Hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann.

Maðurinn var í skýrslutökum hjá lögreglu í gær, en var sleppt að þeim loknum. Rannsókn málsins er langt komin. Það verður sent ákæruvaldinu innan tíðar. **- jss**

**REYKJAVÍK**

**Fisk og franskar í Moggahöll**

Eigendur veitingastaðarins Fish & Chips í Tryggvagötu fá jákvæðar undirtektir byggingarfulltrúa við ósk um að innrétta veitingastað í núverandi móttökusal og skrifstofu á fyrstu og annarri hæð gamla Morgunblaðshússins í Aðalstræti.




Heilbrigðisstofnanir búa sig undir verkfall ljósmæðra í kvöld:

# Sækja um undanþágur í dag

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnendur Fæðingardeildarinnar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ætla að sækja um undanþágur í boðuðu tveggja sólarhringa verkfalli ljósmæðra sem hefst á miðnætti í kvöld. Ef allt gengur eftir verður ein ljósmóðir á dagvakt og ein á næturvakt í verkfallinu. Sjúkraliði verður á kvöldvakt eins og alltaf en engin ljósmóðir. Ein ljósmóðir verður hins vegar á bakvakt á Suðurnesjum og verður hún kölluð til ef þörf krefur.

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sendi í gær frá sér tilkynningu um að sótt yrði um heimild hjá undanþágunefnd í dag um að ávallt sé ljósmóðir á vakt á fæðingardeildinni á Selfossi í verkfallinu. Mæðravernd félli hins vegar niður á heilsugæslustöðinni í Laugarási.

Mönnun á fæðingar- og sængurlegudeild Landspítala verður með eðlilegum hætti ef verkfall skellur á. Anna Stefánsdóttir, forstjóri Landspítalans, segir að þjónustustig verði óbreytt hvað fæðingar varðar í verkfallinu.

„Við erum að undirbúa það að veita alla nauðsynlega þjónustu við fæðandi konur og munum gera það,“ segir hún. „Við verðum með heila sængurlegudeild opna og okkar áætlun gerir ráð fyrir að þar geti konur fætt. Okkar neyðaráætlun gerir ráð fyrir að við sinnum þeim konum sem leita til okkar.“

Í dag verður skipað í undanþágunefnd, sem skipuð verður einum fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins og einum fulltrúa Ljósmæðrafélagsins. Samningafundur hefur ekki verið boðaður fyrr en á morgun. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kveðst ekki úrkula vonar um að samninganefndum takist að ná samningum. **- ghs**



**VILJA LJÓSMÓÐUR Á VAKT** Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sækir um undanþágur fyrir ljósmóður á vakt í dag og sama gildir um Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Ljósmóðir verður því kannski á vakt á báðum stöðum þrátt fyrir verkfall.




Bókaðu
núna!

# Kóngurinn í Køben

**Bubbi Morthens**, í samvinnu við Iceland Express, heldur stórtónleika í hinum glæsilega **Falconer Salen** í Kaupmannahöfn **18. október**. Þar mun Bubbi ásamt hljómsveit sinni flytja sín þekktustu lög í bland við nýrra efni.

» **Aðdáendur Bubba á öllum aldri mega hreinlega ekki missa af þessum stórviðburði!**

» Verð frá:

**43.900 kr.**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Kynntu þér mismunandi pakkaferðir
á tónleikana á **www.expressferdir.is**

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 02.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 83,97 | 84,37 |
| Sterlingspund | 149,56 | 150,28 |
| Evra | 121,68 | 122,36 |
| Dönsk króna | 16,311 | 16,407 |
| Norsk króna | 15,207 | 15,297 |
| Sænsk króna | 12,860 | 12,936 |
| Japanskt jen | 0,772 | 0,7766 |
| SDR | 130,62 | 131,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
159,18

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðbrögð aðila á vinnumarkaði við ræðu forsætisráðherra um efnahagsmál:

# Enginn með töfralausn á vandanum

**STJÓRNMÁL** „Við munum að sjálfsögðu mæta með ýmsar hugmyndir í farteskinu og leggja þær í púkkið,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, um ræðu Geirs H. Haarde forsætisráðherra á Alþingi í gær þar sem hann boðaði að ríkisstjórnin hygðist leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins og fleiri.

„Þessu höfum við verið að kalla eftir síðan í vor. Það er auðvitað aldrei of seint og þess vegna reikna ég með því að við verðum kallaðir til á næstu dögum til samráðs og samvinnu,“ segir Grétar.

Hann segir slíka samvinnu oft hafa reynst með ágætum. Síðasta dæmið séu þrengingarnar á árunum 2001 og 2002 þó þær séu ekkert í líkingu við ástandið í dag.

„Þótt enginn sé með töfralausnina þá eru allir með einhverjar hugmyndir og þegar þeir setjast saman þá skilar það oftar en ekki verulegum árangri.“


GRÉTAR ÞORSTEINSSON


VILHJÁLMUR EGILSSON

Vilhjálmi Egilssyni, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, fannst tilkynning Geirs um að ríkinu hefði tekist að taka lán á góðum kjörum vera mjög jákvætt skref.

„Það er atlaga að því að rjúfa þetta umsátur um íslenska fjármagnsmarkaðinn þar sem okkur hefur ekki tekist að njóta eðlilegra lánskjara,“ segir Vilhjálmur. „Þetta er eitt af því sem menn hafa verið að kalla eftir, að ríkið stigi fram og tæki lán á eðlilegum kjörum og efldi gjaldeyrisforðasjóðinn.“ Nú sé von til að bankarnir geti fylgt á eftir og notið betri kjara en þeir njóta nú.

Eins fannst Vilhjálmi jákvætt hvernig forsætisráðherra talaði um auðlindir og nýtingu þeirra. „Ég held að það sé mjög mikilvægt að fá skýr skilaboð frá ríkisstjórninni í þeim efnum. Þetta eflir mönnum trú á framtíðina og hagvaxtarmöguleika á Íslandi.“ - ovd

# Mikilvægt að virkja og auka framleiðslu

**Forsætisráðherra segir brýnt að auka verðmætasköpun með virkjun auðlinda og aukinni framleiðslu. Hann segir teikn á lofti um að verðbólgan hjaðni með haustinu. Verið er að ganga frá erlendri lántöku til að auka gjaldeyrisforðann.**

**ALÞINGI** Besta andsvar okkar við núverandi efnahagsþrengingum er að virkja auðlindirnar í auknum mæli með ábyrgum hætti – jarðhita jafnt sem vatnsafl. Og besta leiðin til að vinna okkur út úr tímabundnum erfiðleikum er að framleiða, framleiða og aftur framleiða.

Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í umræðum um efnahagsmál á Alþingi í gær. Geir flutti þinginu skýrslu um ástand og horfur og rakti þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda. Sagði hann ásakanir um að ríkisstjórnin hefði ekkert aðhafst ekki á rökum reistar. Taldi hann til rýmri reglur Seðlabanka um veð í viðskiptum við fjármálastofnanir, gjaldeyrisskiptasamninga, ráðstafanir tengdar Íbúðalánasjóði, skuldabréfa- og víxlaútgáfu, niðurfellingu stimpilgjalda, skattalækkanir á fyrirtæki og aðild að samkomulagi Evrópusambandsþjóða um viðbrögð við fjármálakreppu.

Sagði hann einnig frá því að þessa dagana væri verið að ganga frá nýju gjaldeyrisláni að fjárhæð að minnsta kosti 250 milljónir evra. Eru það rúmir 30 milljarðar króna. Lánið væri á mun hagstæðari kjörum en skuldatryggingarálag ríkissjóðs gæfi til kynna. Með nýja láninu og öðrum ráðstöfunum hefði gjaldeyrisforðinn fimmfaldast á tveimur árum og næmi rúmum 500 milljörðum króna.

Geir sagði margt benda til þess að frá og með haustinu muni verðbólgan ganga niður á nýjan leik, að því gefnu að ekki verði óvænt áföll. Við þær aðstæður gætu vextir lækkað hratt og fyrirtækin í landinu á ný ráðið fleira fólk. Sagði hann ríkisstjórnina leita samráðs og hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og fleiri til að ná sem bestri samstöðu í baráttunni gegn tímabundinni kjaraskerðingu. Hvatti hann heimilin til að sýna aðhaldssemi; í verðbólgu væri fátt skynsamlegra en að borga niður skuldir og leggja fé til hliðar. Sagði hann jafnframt brýnt að allir sem hlut eiga að máli standist þá freistingu að hækka verð.

Geir sagði að þótt þrenginga hefði orðið vart á vinnumarkaði upp á síðkastið mætti ekki gleyma að langflestir gætu gengið að fullri atvinnu með vissu. Sagði hann þá sem missa vinnuna geta treyst á velferðarkerfið og sveigjanleika vinnumarkaðarins. En eftir sem áður væri það forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að tryggja að hér verði full atvinna fyrir vinnufúsar hendur.

bjorn@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI
**EFNAHAGSMÁLIN RÆDD Á ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra flutti skýrslu um efnahagsmál við upphaf septemberþings í gær.

# Óðaverðbólga og okurvextir

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, rakti ástand mála í nokkrum orðum. Uppsagnir, niðurskurður, mikil verðbólga, aukin vanskil, óheyrilegur vaxtamunur við útlönd, gengisvísitala nálægt sögulegu lágmarki og brostnar forsendur kjarasamninga væru staðreyndir sem töluðu sínu máli.


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Veruleikinn er sá að við erum föst í vítahring óðaverðbólgu og okurvaxta sem skerða nú lífskjör í landinu upp á hvern einasta dag. Rýra kaupmátt landsmanna, skrúfa upp lánin og valda miklum erfiðleikum,“ sagði hann og gaf lítið fyrir mat stjórnarflokkanna á ástandinu. - bþs

# Bankarnir taki til í eigin ranni

„Það eru blikur á lofti í efnahagsmálum en ekki óveður,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra. Fram undan væri að greiða úr lausafjárvanda bankanna, kljást við verðbólguna og vinna að stöðugleika og langtímahagvexti. Sagði hún bankana þurfa að hætta að skerða starfsfé sitt með óhóflegum bónus- og arðgreiðslum. Ingibjörg sagði forsendur kjarasamninga brostnar og á því þyrftu að taka. Mikilvægt væri að endurskoða peningamálastefnuna og móta þyrfti orkunýtingarstefnu til framtíðar.


INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

- bþs

# Ekkert aðhafst gegn verðbólgu

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir aðgerðaleysi gegn verðbólgu. Ekkert hefði verið gert til að bæta hag heimilanna í hinu erfiða árferði. Nefndi hann álögur á olíu og bensín sérstaklega; það myndi koma sér vel fyrir fólk ef ríkið lækkaði þær.


GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

Guðjón sagði að auka þyrfti atvinnu og tekjur og mælti með auknum þorskveiðum í því sambandi. Varaði hann jafnframt við innleiðingu matvælalöggjafar ESB enda gætu þúsundir starfa í úrvinnsluiðnaði tapast við það. Kvaðst Guðjón einnig óttast að ungt fólk yfirgæfi landið í því árferði sem nú ríkti. - bþs

# Ábyrgðin Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn ber fulla ábyrgð á hvernig er að fara fyrir efnahagsmálunum um þessar mundir, sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefði tekist á við málin af fullri ábyrgð í stjórnarsamstarfinu við Framsókn en gerði það ekki nú. Guðni gaf lítið fyrir ræðu forsætisráðherra; ríkisstjórnin aðhefðist ekkert til að bjarga hag heimilanna og sjá til þess að atvinnulífið efldist. Hún hefði brugðist. Þó væri jákvætt að hún hefði nú, í fyrsta sinn, viðurkennt að eitthvað væri að. - bþs


GUÐNI ÁGÚSTSSON


Útsalan í fullum gangi

Fjöldi frábærra tilboða

Vandaður slökunarstóll
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð með áklæði
kr. 49.900.-
Verð áður kr.69.000.-

Tilboðsverð með leðri
kr. 69.900.-
Verð áður kr.86.000.-

Einnig 3 sæta slökunarsófi
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð með áklæði
kr. 118.000.-
Verð áður kr. 148.000.-

Tilboðsverð með leðri
kr. 149.000.-
Verð áður kr. 192.000.-



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
www.valhusgogn.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**FÍNASTA VEÐUR**
Hægur vindur er í kortunum í dag og næstu daga. Er helst að sjá að á sunndaginn bæti í vind vestan til á landinu. Má búast við úrkomulitlu veðri fram undir helgi þótt einhverjir dropar kunni að falla hér og þar, einkum þó með ströndum. Hann er heldur að kólna frá því sem verið hefur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 16° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 19° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 31° |
| Mallorca | 30° |
| Basel | 24° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 32° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR
R-61321
Velkomin á bensínstöðvar Shell um allt land
Skeljungur
– með þér alla leið
Shell umboð
Vörumerki Shell eru notuð með leyfi Shell Brands International AG
DYNAMO REYKJAVÍK

**KJÖRKASSINN**



*Fórst þú á Jemen-markaðinn um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 5,1% |
| Nei | 94,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Velur þú frekar innlenda framleiðslu en innflutta vöru?*

Segðu skoðun þína á vísi.is

vísir

Bræðrum bjargað af 26 tonna brennandi eikarbáti á Skjálfandaflóa í gær:

# Bræður þakka sínu sæla að hafa sloppið

**BRUNI** „Þetta var ekki langur tími en manni fannst þetta vera heil eilífð,“ segir Guðmundur Karlsson skipstjóri, sem í gær var bjargað ásamt bróður sínum af bátnum Sigurpáli ÞH-130. Eldur kom upp í bátnum þegar hann var um fjórar mílur norður af Húsavík, á Skjálfandaflóa á ellefta tímanum í gærmorgun.

Þeir bræður hafa í sumar veitt kúfisk og róið frá Þórshöfn en voru í gær að sækja sér fisk í soðið. Þegar þeir hugðust færa bátinn urðu þeir varir við reykjarlykt. „Þegar ég kom aftur í stýrishús og opnaði hlerann niður í mótorinn varð bara eins og sprenging,“ segir Guðmundur. Mikill hiti og reykur hafi staðið upp úr vélarrúminu og stuttu síðar stóðu eldtungurnar út úr stýrishúsinu.

„Þetta skeði svo snöggt að við réðum ekki við eitt né neitt og þökkum okkar sæla að sleppa fram á hádekk,“ segir Guðmundur sem fékk snert af reykeitrun og brenndist á kinn við að ná í neyðartalstöð í logandi stýrishúsinu. Með henni kölluðu bræðurnir á aðstoð neyðarlínunnar sem sendi björgunarskipið Jón Kjartansson frá Húsavík á staðinn auk þess sem bátar á svæðinu komu til aðstoðar.

Björgunarskipið var komið að Sigurpáli á rúmum tíu mínútum og flutti það þá bræður að landi á Húsavík þar sem þeir fengu aðhlynningu á heilsugæslustöð.

Slökkviliðsmenn og lögreglumenn náðu að slökkva eldinn í bátunum og var hann svo dreginn í höfn á Húsavík þar sem slökkt var í frekari glæðum. Eldsupptök eru ókunn en báturinn er mikið skemmdur. - ovd




**VIÐ BRYGGJU Á HÚSAVÍK** Sigurpáll ÞH-130 er 26 tonna eikarbátur, smíðaður árið 1972 á Akureyri, en slökkviliðsmenn slökktu í glæðum í bátnum við bryggjuna á Húsavík. SÍMAMYND/ÖRLYGUR HNEFILL




# Hinn látni hafði misst mikið blóð

**Maðurinn sem fannst látinn á heimili sínu við Skúlagötu í fyrrakvöld var með áverka á enni og hafði misst mikið blóð. Bráðabirgðaniðurstöður krufningar væntanlegar í dag. Tveir karlmenn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald.**

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrir áverkar voru á enni mannsins sem fannst látinn á heimili sínu við Skúlagötu í fyrrakvöld. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvort þeir hafi leitt manninn til dauða, eða hvort honum hafi blætt út. Ljóst er af aðkomunni að hann hafði misst mikið af blóði áður en hann lést, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gærkvöldi karlmennina sem yfirheyrðir hafa verið síðustu daga vegna málsins í gæsluvarðhald til mánudags.

Það var um kvöldmatarleytið í fyrradag, sem lögreglunni barst tilkynning um að eitthvað gæti verið athugunarvert í tilteknu húsi við Skúlagötu. Karlmaður sem hringdi í lögreglu hafði ætlað að heimsækja manninn en enginn kom til dyra þegar hann hringdi dyrabjöllunni ítrekað. Lögregla fór þegar á staðinn. Þegar þangað var komið reyndist húsráðandi vera látinn. Er talið að hann hafi látist nokkrum klukkustundum áður en lögregla kom á vettvang.

Maðurinn sem hringdi í lögregluna reyndist vera í annarlegu vímuástandi svo að hann gisti fangageymslur í fyrrinótt. Ekki var unnt að yfirheyra hann fyrr en í gærdag.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf þegar að leita manna sem hugsanlega höfðu verið á heimili hins látna áður en til þess atviks kom sem hugsanlega leiddi hann til dauða. Lögreglan hafði síðan upp á karlmanni sem einnig var í yfirheyrslum í gær. Hann var jafnvel talinn geta varpað einhverju ljósi á málið.

Maðurinn sem lést var 68 ára og var hann einhleypur. Rannsókn lögreglu er í fullum gangi. Meðal annars er beðið bráðabirgðaniðurstöðu krufningar, sem mun væntanlega liggja fyrir í dag.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að mennirnir tveir hafi verið yfirheyrðir í gær. Aðrir en þeir hafi ekki komið við rannsókn málsins, að hans sögn. jss@frettabladid.is




**SKÚLAGATA** Nær sjötugur karlmaður fannst látinn á heimili sínu við Skúlagötu í fyrrakvöld. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Viðskiptaráðherra fundar með fjármála- og bankamálaráðherra Bretlands:

# Stormasamt ár á mörkuðum

**EFNAHAGSMÁL** „Mest ræddum við hvaða lærdóm má draga af þessu stormasama ári á fjármálamörkuðum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um fund sinn í gær með Alistair Darling, fjármála- og bankamálaráðherra Bretlands.

Hann segir Breta hafa lagt í mikla vinnu við að skoða það sem fram hefur farið á fjármálamörkuðum undanfarið ár og hvað megi læra af því. Hvernig bæta megi eftirlit með fjármálastarfsemi eftir niðursveiflu í kjölfar þess að undirmálslán í Bandaríkjunum gáfu sig.

Björgvin segir þá einnig hafa rætt horfur á mörkuðum og samskipti landanna. „Bretland er langstærsta samskiptaland okkar á sviði fjármálastarfsemi og hann var ánægður með hvað samskipti landanna væru mikil á þessu sviði,“ segir Björgvin.

Í gærmorgun heimsótti Björgvin útibú Glitnis og Landsbankans í Lundúnum. Hann segir heimsóknirnar hafa verið gagnlegar og fróðlegar en þar hafi forstöðumenn farið yfir stöðu mála og hvað væri fram undan.

„Eftir gríðarlega útrás á undanförnum árum eru bankarnir að hægja á og ná utan um starfsemina.“ Það sé fjarri því að vera neinn svartsýnis- eða uppgjafartónn í bönkunum því eftir aðlögun sé stefnt á frekari landvinninga. - ovd



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**



**ALISTAIR DARLING** Fjármálaráðherra Bretlands átti fund með Björgvini G. Sigurðssyni í gær.

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

# Af hverju nota kanínur ekki gleraugu?

**Nokkur atriði um jákvæð áhrif gulróta, meðal annars á sjón og meltingu.**





ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 38068 07/08

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hver var heildarkostnaður forsetahjónanna og forsetaritara vegna ferðar á Ólypíuleikana í Peking?*

**2.** *Í hvaða á eru stundaðar tilraunaveiðar eftir mengunarslys í fyrra?*

**3.** *Hvaða fornfræga tímarit kemur út í netútgáfu á næstunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Hörð átök milli stjórnarandstæðinga og stuðningsmanna stjórnarinnar í Taílandi:

# Samak lýsir yfir neyðarástandi

**TAÍLAND, AP** Samak Sundaravej, forsætisráðherra Taílands, lýsti í gær yfir neyðarástandi í Bangkok eftir að hörð átök brutust þar út í fyrrinótt milli andstæðinga og stuðningsmanna stjórnar hans.

Átökin kostuðu einn mann lífið og hátt í fimmtíu manns slösuðust.

Með því að lýsa yfir neyðarástandi fær her landsins víðtæk völd til að hindra mótmælafundi gegn stjórninni, svipta fólk réttindum tímabundið og koma í veg fyrir óþægilegan fréttaflutning.

Mikil spenna hefur verið í landinu undanfarna viku, eftir að stjórnarandstæðingar hófu mótmæli úti á götum Bangkok þar sem fjöldi fólks hafðist við dag og nótt til að krefjast afsagnar stjórnarinnar.

Samak er sakaður um að ganga erinda fyrrverandi forsætisráðherra, Thaksin Shinawatra, sem hrökklaðist frá völdum í stjórnarbyltingu, sem herinn gerði árið 2006. Thaksin var sakaður um margháttaða spillingu og er enn í sjálfskipaðri útlegð í Bretlandi.

Stuðningsmenn stjórnarinnar hafa svarað þessum mótmælum með því að safnast einnig saman í Bangkok, á öðrum stað þó en stjórnarandstæðingarnir, til að lýsa yfir stuðningi sínum við Samak. - gb



**ÓEIRÐIR Í BANGKOK** Ýmis konar vopnum var brugðið á loft í átökunum í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samningaviðræður á Kýpur:

# Lausn sögð vera skammt undan

**KÝPUR, AP Leiðtogar Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja hefja í dag samningaviðræður um deilumál, sem klofið hafa eyjuna í tvo aðskilda hluta í 34 ár.**

**Dimitris Christofia, forseti Kýpur, og Mehmet Ali Talat, leiðtogi Kýpur-Tyrkja, segjast báðir staðráðnir í að finna lausn, sem dugi til að sameina eyjarskeggja.**

**Yfirlýsingar þeirra hafa vakið vonir um að lausn á deilunni sé nú loksins í sjónmáli, því aldrei fyrr hafa leiðtogar beggja hluta eyjunnar lýst jafn eindregnum vilja til að ná samningum.**

- gb



**FRÁ HÚSDÝRAGARÐINUM** Hans Kristján Árnason, Hjörtur Hjartarson og Ólafur Hannibalsson á blaðamannafundi í Húsdýragarðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eftirlaunamálið þolir enga bið:

# Áminning til þingmanna

**STJÓRNMÁL** Félagar í Þjóðarhreyfingunni - með lýðræði ætla á næstu dögum að afhenda alþingismönnum sérstaka útgáfu af bókinni Dýrabær eða Animal Farm eftir George Orwell.

Í tilkynningu frá Þjóðarhreyfingunni segir að tilgangur bókagjafarinnar sé að hvetja þingmenn til góðra verka. Bókin sé færð þingmönnum í von um að hún verði þeim hvatning til lýðræðislegra dáða, sérstaklega við endurskoðun svonefndra eftirlaunalaga.

„Þjóðin býr í grundvallaratriðum við sömu lífeyrisréttindi. Alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar eiga einfaldlega að njóta sömu réttinda og aðrir opinberir starfsmenn. Sú leiðrétting þolir enga bið," segir í umsögn hreyfingarinnar til allsherjarnefndar Alþingis. - ovd

Verið vel vakandi þegar þið pantið hjá Icelandair:

# Dýrt að gera mistök

Núorðið bóka flestir ferðalög sín á netinu. Nauðsynlegt er að vera vel vakandi og með hugann við efnið þegar bókað er – a.m.k. hjá Icelandair – til að lenda ekki í óþarfa kostnaði. Guðni Th. Jóhannesson skrifar: „*Okkur hjónunum tókst að gera smá mistök í netbókun á flugi til London með Icelandair, rugla fornafni og eftirnafni þannig að eftirnafnið kom fyrst og svo fornafnið. Ég fékk þær upplýsingar hjá starfsmanni flugfélagsins (sem var reyndar alveg nógu vinsamleg) að þessu yrði að breyta. En það fellur undir breytingu á bókun sem kostar 4.000 kr. Þessi breyting tekur örugglega í mesta lagi mínútu í framkvæmd og getur nú varla talist stórvægileg. 4.000 krónur skulu það samt vera.*"

Anna S. Guðfinnsdóttir er með annað dæmi um háan aukakostnað hjá Icelandair: „*Ég pantaði far á svokölluðu „best price" fargjaldi til London um daginn en þurfti svo því miður að breyta því þar sem mér höfðu orðið á mistök. Þegar ég hef samband við söluskrifstofuna er mér tjáð að það kosti mig 10.000 kr. að breyta miðanum plús mismun í verði á fargjöldunum, en þau áttu einungis dýrari sæti á þeim dagsetningum sem um ræddi. Þegar upp er staðið þarf ég að borga nálægt 50.000 kr fyrir farmiða sem kostaði mig rúmar 36.000 kr – „best price", einmitt! Mér finnst þetta heldur lágkúruleg aðferð hjá félaginu til að hala inn aukapening því það er ekki eins og fólk geri það að gamni sínu að breyta farmiðum yfir höfuð.*"

Hjá söluskrifstofu Icelandair fékkst staðfesting á þessum gjöldum.






**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**



**SARAH PALIN OG CINDY MCCAIN** Varaforsetaefni Johns McCain og eiginkona hans á flugvellinum í Minneapolis á sunnudaginn, þegar þær komu til að vera viðstaddar landsþing repúblikana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óþægilegar uppljóstranir

**Bandaríkjamenn velta sér upp úr umdeildum atriðum úr fortíð og nútíð varaforsetaefnis Repúblikanaflokksins. McCain ítrekar þó ánægju sína með valið.**

**BANDARÍKIN, AP** Það var ekki aðeins fellibylurinn Gústav, sem setti strik í reikninginn við upphaf landsþings Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, heldur tóku vandræðalegar uppljóstranir um fortíð Söruh Palin einnig sinn skerf af athygli landsfundargesta jafnt sem fjölmiðla.

John McCain verður formlega útnefndur forsetaefni flokksins á landsþinginu, sem stendur fram á fimmtudag. Hann þótti taka áhættu í síðustu viku með því að velja Palin, sem er ríkisstjóri í Alaska, sér við hlið sem varaforsetaefni.

Sú áhætta kom honum að nokkru í koll strax fyrstu dagana, því fjölmiðlar hafa keppst við að segja Bandaríkjamönnum fréttir á borð við þá, að sautján ára dóttir Palin sé ófrísk, en ætli að giftast barnsföðurnum, sem einnig er sautján ára. Einnig að Palin hafi ráðið lögfræðing til að verja sig fyrir rétti í máli sem snýst um siðferðisbrot. Þá var skýrt frá því að eiginmaður hennar, Todd Palin, hafi verið handtekinn fyrir tveimur áratugum fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

Palin er einnig sögð hafa stutt furðulegan stjórnmálaflokk sem berst fyrir því að Alaska lýsi yfir sjálfstæði. Hún er sögð hafa stutt smíði brúar í Alaska, sem McCain hefur tekið sem dæmi um gjörsamlega tilgangslausan austur úr ríkissjóði.

Þetta, og fleira til, er haft til marks um að McCain og liðsmenn hans hafi ekki bara tekið áhættu, heldur sýnt fljótfærni í því að velja Palin sem varaforsetaefni. Bakgrunnur hennar hafi ekki verið kannaður jafn vandlega og nauðsynlegt er, þegar varaforsetaefni er valið.

Orðrómur um að yngsta barn Palins, fjögurra mánaða sonur, sé í raun sonur elstu dóttur hennar, var þó jafnharðan borinn til baka og reyndist tilhæfulaus.

Arthur B. Culvahouse, repúblikani sem stjórnaði leit McCains að varaforsetaefni, sagðist halda að allt sem hugsanlega gæti farið fyrir brjóstið á kjósendum varðandi Palin hafi nú komið fram í dagsljósið.

McCain sagði sjálfur að bakgrunnur hennar hafi verið ítarlega rannsakaður og hann sé ánægður með útkomuna. Búist er við því að McCain flytji ræðu sína á fimmtudag, en dagskrá þingsins fór mikið til úr skorðum vegna fellibylsins Gústavs, sem gerði minni usla í New Orleans en fyrirfram var búist við.

gudsteinn@frettabladid.is


Heimurinn er hér!

Opinn fundur með Miguel Ángel Moratinos utanríkisráðherra Spánar og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra.





Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 15.00 Í IÐNÓ

Á fundinum verður m.a. rætt um Evrópumál, málefni Miðausturlanda og árangur spænska verkamannaflokksins í ríkisstjórn.

Árni Páll Árnason þingmaður stjórnar umræðum.

Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin

Accord

HONDA
The Power of Dreams

## Hvar dregurðu mörkin í lífi þínu?

Við öryggi fyrir þig?

Við öryggi fyrir fjölskylduna?

Við öryggi fyrir aðra í umferðinni?

**Við öryggi fyrir umhverfið?**

Framtíðin er í dag. Nýr Honda Accord markar breytta tíma. Hann er glæsilegur og tæknilega fullkominn með fremsta öryggisbúnað sem völ er á. Honda Accord dregur úr mengun og skynjar vel umhverfi sitt. Um borð í Honda Accord verða allir örugglega sigurvegarar: Ökumaður, farþegar, næsta kynslóð og síðast en ekki síst - móðir jörð.

**Dragðu ný mörk og nýjar öruggar leiðir umhverfis lífið þitt - komdu og skoðaðu nýjustu útfærsluna af Honda Accord.**




www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Píanóskóli Þorsteins Gauta
Ármúli 38 / við Selmúla
S: 551-6751 691-6980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolinn.is
Píanónám
Allir aldurshópar. Byrjendur og lengra komnir.
Einkatímar. Hóptímar . Námskeið hefjast 8. sept.
Nemendur í Vogaskóla fá píanókennslu á skólatíma.
Börn 6-18 ára geta notað frístundakort Í.T.R.




Ballettskóli
Guðbjargar Björgvins

Innritun hafin
Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri
Ballett - Jazzballett
Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast
Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399
www.gbballett.is
Frístundakortið

Ólafur F. Magnússon var stóryrtur í garð forseta borgarstjórnar í gær:

# Ásakanir um svik og brigsl

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri, var stóryrtur í garð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, forseta borgarstjórnar, á borgarstjórnarfundi í gær þegar rætt var um tillögu Ólafs um að ganga til kosninga um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri. Í ræðu sinni sagði Ólafur að Vilhjálmur væri í hjarta sínu þeirrar skoðunar að flugvöllurinn ætti að vera áfram í Vatnsmýrinni.

„En Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stendur yfirleitt ekki við orð sín,“ sagði Ólafur, að sögn Vísis, og bætti við að Vilhjálmur hefði nánast grátbeðið sig „um að koma í samstarf með Sjálfstæðisflokknum og gaf mér drengskaparheit sitt fyrir því að það samstarf yrði ekki rofið. Það er ekkert að marka orð þín, borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Ég bíð spenntur eftir því að sjá hvaða dúsu þú færð fyrir svik þín við mig,“ sagði hann og taldi Vilhjálm hafa tekið hagsmuni og völd fram yfir eigin sannfæringu. „Hann hefur verið niðurlægður af samherjum sínum.“


ÓLAFUR F. MAGNÚSSON


VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Vilhjálmur svaraði fyrir sig og sagði „ótrúlegt að hlusta á Ólaf hreyta fúkyrðum í minn garð. Ummæli hans dæma sig sjálf og ég ætla ekki að hreyta í hann fúkyrðum á móti. Við höfum ekki verið sammála um allt, en tal um svik og brigsl er út í hött. Það er ekki sæmandi fyrrverandi borgarstjóra að tala með þessum hætti,“ sagði hann.

Samþykkt var að vísa frá tillögu Ólafs með öllum greiddum atkvæðum nema Ólafs F. Magnússonar. - ghs


**FLATEYRI 1995** Snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri árið 1995 ásamt jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000 voru valin til að greina hvað betur má fara í viðbrögðum þegar náttúruhamfarir ríða yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ný lög um almannavarnir ófullnægjandi

**Setja þarf ný lög sem taka til allra þeirra vandamála sem koma upp í kjölfar náttúruhamfara. Ný almannavarnalög ganga allt of skammt og taka ekki til nokkurra grundvallarþátta sem varða endurreisn samfélaga eftir þung áföll.**

**ÖRYGGISMÁL** Þörf er á heildarlagasetningu um björgunar- og hjálparstarf, neyðaraðstoð og endurreisn eftir náttúruhamfarir. Ný almannavarnalög ganga of skammt. Þar er ekki minnst á lögbundin verkefni sveitarfélaga sem varða viðbrögð við náttúruhamförum, þrátt fyrir að mörg lögbundin verkefni þeirra verði mikilvægari en nokkru sinni eftir samfélagsáföll. Fjölmörg verkefni sem lúta að aðstoð við þolendur eru ekki nefnd í lögunum frekar en skilgreind verkefni þeirra fagráðuneyta sem gegna stóru hlutverki í kjölfar áfalla.

Þetta er ein af meginniðurstöðum verkefnisins Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum sem unnin var á vegum Stofnunar Sæmundar fróða og ráðgjafarstofunnar Rainrace.

Sólveig Þorvaldsdóttir, ráðgjafarverkfræðingur hjá Rainrace og fyrrverandi framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, segir ekki nóg að endurskrifa almannavarnalögin heldur verði að setja ný lög út frá sjónarhóli þeirra fjölbreyttu vandamála sem koma upp í kjölfar stórra áfalla. „Það er skýrt kveðið á um fyrstu viðbrögð þegar náttúruhamfarir ríða yfir og snýr að lögreglu. En það vantar í lögin hvernig taka skal á vanda þess fólks sem býður áralöng barátta við að koma lífi sínu á réttan kjöl.“ Sólveig segir að samkvæmt núgildandi lögum sé stjórnun aðgerða á hendi lögreglustjóra, án þess að skilgreina þátt sveitarstjórna, sem valdi óvissu hjá íbúum og sveitarfélögum. „Sveitarfélögin eiga að annast neyðaraðstoð og endurreisn en lögreglustjóri björgunar- og hjálparstarf.

Sólveig segir að þáttur forsætisráðherra sé mikilvægur þar sem ráðherra stjórnar almannavarna- og öryggismálaráði og á að sinna stefnumótun í málaflokknum. Hins vegar sé hlutverk forsætisráðuneytisins ekki skilgreint í nýju lögunum en reynslan sýni að það gegnir mikilvægu hlutverki í kjölfar náttúruhamfara. „Lögin snúast fyrst og fremst um dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóra, en skilgreina þarf þátt annarra ráðuneyta, til dæmis félags-, umhverfis- og fjármála-, sem hafa stóru hlutverki að gegna.“

Afurð verkefnisins eru leiðbeiningar sem sveitarfélög geta nýtt til að útbúa áætlun um viðbrögð vegna neyðaraðstoðar og endurreisnar. Rannsóknin verður kynnt á morgun í hátíðarsal Háskóla Íslands. Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpar fundinn.
svavar@frettabladid.is

Yasuo Fukuda, forsætisráðherra Japans, segir óvænt af sér:

# Fukuda hættir eftir tæpt ár í starfi

**JAPAN, AP** Yasuo Fukuda, forsætisráðherra Japans, sagði óvænt af sér á mánudagskvöld. Hann sagði sér ekki annað fært þar sem sér hafi ekki tekist að losa ríkisstjórnina út úr pattstöðu gagnvart stjórnarandstöðu á þinginu.

Stjórnarandstaðan krefst þess nú að efnt verði til kosninga sem fyrst, en Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn, flokkur forsætisráðherrans, hefur boðað leiðtogakjör 22. september.

Taro Aso, fyrrverandi utanríkisráðherra, þykir líklegur arftaki Fukudas, sem er annar forsætisráðherra Japans í röð sem segir af sér eftir að hafa setið innan við ár í embættinu. - gb


**JASUO FUKUDA** Hneigði sig að loknum blaðamannafundi þar sem hann skýrði frá afsögn sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI
collezione

LLOYD

SARAR

PAL ZILERI




OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



**KRÓKÓDÍLL STEKKUR** Í Ástralíu eru ferðamenn farnir að flykkjast í krókódílaskoðun til að sjá dýrin stökkva hátt í loft upp eftir vænum kjötbita. NORDICPHOTOS/AFP

Hernaðarandstæðingar:

## Vonbrigði með Norður-Víking

**HERNAÐUR** Samtök hernaðarandstæðinga lýsa vonbrigðum sínum með að íslensk stjórnvöld skuli ákveða að gera landið að æfingasvæði erlends herliðs.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að heræfingar, eins og Norður-Víkingur, séu leifar frá kalda stríðinu, sem hafi engu jákvæðu hlutverki að gegna fyrir samfélagið. Þær séu kostnaðarsamar og erfitt sé að ímynda sér fánýtari leið til að eyða fé úr sameiginlegum sjóðum. - kóþ

KÓPAVOGUR

### Landsliðsmenn fá bæjarlaun

Bæjarráð Kópavogs hefur formlega staðfest vinnureglu um að landsliðsfólk sem er í sumarvinnu hjá Kópavogsbæ haldi dagvinnulaunum sínum meðan á landsliðsferðum stendur.

# Saka bæjaryfirvöld um að sýna uppbyggingu áhugaleysi

**Fulltrúar Kjarnabúðar saka bæjaryfirvöld í Bolungarvík um að sýna 700 hundruð milljóna króna uppbyggingu í bænum áhugaleysi. Bæjarstjóri segir málið í eðlilegum farvegi. Meirihlutaskipti hafa áhrif á málið.**

**BOLUNGARVÍK** Haukur Vagnsson, einn aðstandenda Kjarnabúðar ehf. í Bolungarvík, segir bæjaryfirvöld sýna 700 hundruð milljóna króna uppbyggingu í bænum áhugaleysi. Hætta sé á að verkefnið fari annað ef ekki fáist niðurstaða fljótt.

„Við sóttum um lóð fyrir fimm mánuðum en enn þá er ekki búið að auglýsa skipulag. Fyrirhugað var að selja strax í ferðir á næsta ári, en það fer að standa ansi tæpt með það,“ segir Haukur Vagnsson, einn forsvarsmanna Kjarnabúðar.



ELÍAS JÓNATANSSON



HAUKUR VAGNSSON

Líkt og Fréttablaðið greindi frá náðust í maí samningar á milli Kjarnabúðar og þýsku ferðaskrifstofunnar Kingfisher Reisen um uppbyggingu sjóstangveiði í Bolungarvík. Heildarverðmæti samningsins er 700 milljónir.

Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, vísar því alfarið á bug að bæjaryfirvöld dragi lappirnar. „Málið tafðist í um hálfan mánuð hjá fyrri meirihluta og líklega í um hálfan mánuð vegna meirihlutaskiptanna. Að öðru leyti hefur málið verið í eðlilegum farvegi,“ segir Elías.

> Við viljum vera hér í Bolungarvík en hljótum auðvitað að hugsa okkar gang með viðskiptahagsmuni okkar í huga.
>
> HAUKUR VAGNSSON
> FORSVARSMAÐUR KJARNABÚÐAR

Hann segir að þrjú fyrirtæki hafi sótt um aðstöðu fyrir sjóstangveiði og uppbyggingu fyrir ferðamenn. „Samanlagt er þetta húsnæði fyrir um 300 manns í um 900 manna bæjarfélagi og því ástæða til að vanda vel til verksins. Þetta mun hafa mikil áhrif á ásýnd bæjarfélagsins.“

Elías segir að það hafi verið samkomulag allra aðila að vinna skipulag á svæðinu.

Haukur segir varla hægt að kalla það samkomulag, bæjaryfirvöld hafi kynnt vilja sinn. Hann segir forsvarsmenn fyrirtækisins hafa lagt til ýmsar lausnir til að flýta fyrir ferlinu, en ekkert hafi gengið. Nú sé svo komið að menn hugsi sinn gang.

„Samkomulagið við Kingfisher Reisen er við Kjarnabúð, ekki Bolungarvíkurkaupstað. Þrjú sveitarfélög hafa haft samband við okkur og boðið okkur til sín með verkefnið. Við viljum vera hér í Bolungarvík en hljótum auðvitað að hugsa okkar gang með viðskiptahagsmuni okkar í huga,“ segir Haukur.

Elías segist mjög gjarnan vilja fá fyrirtækið í bæinn, en ekki sé hægt að segja til um hvenær skipulagið verði tilbúið.

kolbeinn@frettabladid.is




**BURSTABÆIR Í BOLUNGARVÍK** Kjarnabúð fyrirhugar að reisa 20 hús í burstabæjarstíl til gistingar fyrir sjóstangveiðimenn.

### MEIRIHLUTASKIPTI

Soffía Vagnsdóttir, einn forsvarsmanna Kjarnabúðar, var oddviti K-listans við síðustu bæjarstjórnarkosningar. Hann myndaði meirihluta með A-lista og varð Soffía forseti bæjarstjórnar.

Meirihlutinn sprakk í apríl og voru umsvif Soffíu nefnd í því samhengi, ekki síst í tengslum við gistingu starfsmanna fyrirtækisins Ósafls.

Forsvarsmenn Kjarnabúðar saka núverandi meirihluta um seinagang.



# Nám í kerfisstjórnun

# MCITP / MCSA



**Tölvuskólinn iSoft-Þekking mun nú á haustönn ríða á vaðið og bjóða upp á nýja námsbraut í Microsoft Server 2008 umhverfinu ásamt rekstri á Microsoft Exchange 2007 póstþjónum.**

Nemendur útskrifast með tvær prófgráður – annars vegar MCITP[1] Server Administrator 2008 (Áður MCSA[2]) og MCTS[3] í Exchange 2007.

**Að námi loknu eiga nemendur að færir um rekstur á:**

- *Netþjónum í Microsoft Server 2008 umhverfi*
- *Netþjónum í Microsoft Server 2003 umhverfi*
- *Netþjónum í Microsoft Server 2000 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2007 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2003 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2000 umhverfi*

**Bjóðum einnig upp á:**

Námsbrautir í

- *Rekstri á Microsoft SQL 2008 gagnagrunnum*
- *Forritun í .NET 3.5 umhverfinu*

Námskeið í

- *Microsoft Office Sharepoint 2007*
- *Microsoft CRM 4.0*
- *Microsoft System Center Configuration Manger*
- *Microsoft Exchange 2007*

Kennt er tvö kvöld í viku og einn laugardag í mánuði frá byrjun september og fram til loka janúar 2009.
Einnig er boðið upp á námið í fjarkennslu með takmörkuðu sætaframboði.

Allir kennarar námsins eru starfandi sérfræðingar í netstjórnun og hafa mikla reynslu í kennslu á sviði upplýsingatækni ásamt tilheyrandi kennslugráðum.

MCITP[1] – Microsoft Certified ID Professional
MCSA[2] – Microsoft Certified Systems Administrator
MCTS[3] - Microsoft Certified Technology Specialist

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

**Allar nánari upplýsingar veittar í síma 511-3080**
**og á vefnum www.isoft.is**

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

**100% FJÁRMÖGNUN**
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

## Bílstjórar athugið!

# Eigum nokkur gullegg



HYUNDAI

8 stk. á sértilboði

**Hyundai Getz**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 1.990.000**

**1.790.000**

**200.000 afsláttur**





RENAULT

2stk. ~~4 stk.~~ á sértilboði

**Renault Megane II**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 2.750.000**

**2.450.000**

**300.000 afsláttur**

HYUNDAI

6 stk. á sértilboði

**Hyundai i30**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 2.620.000**

**2.350.000**

**270.000 afsláttur**



**Ertu með gull í greipum?**
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´08). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

**Gríptu gæsina í dag og gerðu (g)eggjað góð kaup**



# í fórum okkar

## Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur



~~5 stk.~~ 4 stk. á sértilboði

RENAULT

**Megane Sport Tourer**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 2.850.000**

**2.550.000**

**300.000 afsláttur**



~~13 stk.~~ 8 stk. á sértilboði

HYUNDAI

**Hyundai Santa Fe**
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.670.000**

**4.190.000**

**480.000 afsláttur**



5 stk. á sértilboði

RENAULT

**Hyundai Tucson**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**Verð áður: 3.350.000**

**2.990.000**

**360.000 afsláttur**

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara.

**Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.**
HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggari bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingi:

# Gott skrið

ÞORSTEINN PÁLSSON

Það er nýr háttur á Alþingi að koma saman í septemberbyrjun til að ljúka afgreiðslu óútræddra mála frá liðnu vori. Áður þurfti að byrja slíkar umræður að nýju við upphaf næsta þings. Nú er unnt að taka til við þær þar sem frá var horfið. Þetta losar lítið eitt um þá tímaspennitreyju sem þingumræður festast í á hverju vori.

Eins og viðgangur þjóðlífsins hefur verið er álitaefni hvort rök standa yfir höfuð til að skipta kjörtímabilinu upp í sjálfstæð þing. Störf þingsins gætu orðið enn skilvirkari með því að hverfa frá þessari gömlu hefð ef einföld leið fyndist til að afskrifa þau mál sem ekki hafa fylgi. Til þess að þetta megi verða þarf væntanlega að breyta stjórnarskránni. En það er verðugt umhugsunarefni.

Breytingar sem gerðar voru á þingsköpum fyrr á þessu ári fólu í sér takmarkanir á málþófsmöguleikum. Þær hafa bætt umræður í þinginu. Ýmsir óttuðust að möguleikar stjórnarandstöðunnar til að koma skilaboðum á framfæri við þjóðina myndu þrengjast við þetta. Sú hefur ekki orðið raunin. Umræðurnar eru einfaldlega beinskeyttari.

Forsætisnefndin hefur kunngert opnun á störfum þingnefnda. Þær geta nú kallað ráðherra til samráðs eða yfirheyrslu um mikilvæg mál í heyranda hljóði. Fari svo að yfirborðskenndar utandagskrárumræður í þingsal færist yfir á þennan vettvang má reikna með að þær verði bæði dýpri og beittari en þó umfram allt meira upplýsandi. Takist vel til getur þessi háttur oðrið liður í markvissara aðhaldi að framkvæmdavaldinu. Árangurinn gæti birst í sterkara þingi.

Formaður utanríkisnefndar hefur réttilega vakið athygli á umfjöllunarleysi Alþingis um nýjar gerðir og reglur Evrópusambandsins sem hér fá lagagildi. Þetta er alvarleg brotalöm í þingstörfunum. Í ljósi þeirra róttæku breytinga sem forseti þingsins hefur þegar komið fram væri þetta viðfangsefni rökréttur næsti áfangi í umbótastarfinu.

Upplýst hefur verið að forsætisnefnd vinni nú að reglum sem þingmenn geti farið eftir til að upplýsa um hagsmunatengsl sem rétt þykir að séu kunn og opinber. Vel fer á því. En mikilvægt er að hafa í huga að staða alþingismanna er í eðli sínu önnur en embættismanna. Frelsi kjósenda til að velja þá sem þeim sýnist til setu á Alþingi verður ekki skert með vanhæfisreglum. Þeir eiga einfaldlega rétt á að velja menn til setu á Alþingi til þess að verja þá hagsmuni sem þeir telja brýnasta hverju sinni og hver eftir sínu höfði.

Hitt er annað að miklu skiptir fyrir lýðræðislega umræðu og allt mat á störfum þingmanna að skoðanir þeirra séu kunnar. Að sama skapi getur verið þörf á að hagsmunatengsl þeirra séu gegnsæ. Því hafa skráningarreglur þar um víða verið settar.

Að ýmsu er að hyggja í því sambandi. Er gagn af þeim nái þær ekki til maka? Sums staðar hefur það á hinn veginn verið talið andstætt jafnréttisreglum að kalla eftir slíkum upplýsingum. Er gagn af eignaskráningu ef skuldaskráning fylgir ekki? Eiga reglur af þessu tagi að ná til annarra? Nefna má sveitarstjórnarmenn, forseta Íslands og jafnvel ábyrgðarmenn fjölmiðla.

Umræður um þetta viðfangsefni og þær breytingar sem þegar eru ráðnar sýna að forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, er á góðu skriði við að laga starfshættina að nýjum tímum og nýjum kröfum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## Sveinssafn

**auglýsir eftir listaverkum eftir Svein Björnsson**





Eigendur meðfylgjandi listaverka eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Sveinssafn sem bæði hefur áhuga á að skrá verkin og að fá þau lánuð á sýninguna “SJÓRINN OG SJÁVARPLÁSSIÐ”, sem safnið opnar í Hafnarborg 15. nóv n.k.

Þeir sem eiga í fórum sínum myndir eftir Svein frá Hafnarfirði þar sem skip og höfnin gegna hlutverki í myndfletinum eru sömuleiðis hvattir til að hafa samband við safnið.

Vinsaml. hafið samband við Erlend Sveinsson í síma: 8610562 eða 5525235.



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Netið góða

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, fór aðeins fram úr sjálfum sér á Alþingi í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra hafði talað um aðsteðjandi þrengingar á vinnumarkaði í ræðu sinni og sagði meðal annars: „Þeir sem missa vinnuna geta treyst á netið sem sterkt velferðarkerfi býður uppá.” Þetta tók Guðni óstinnt upp en illu heilli virðist hann þó aðeins hafa hlustað á hálfa setninguna: „Og forsætisráðherra segir fólki bara að treysta á netið,“ sagði Guðni í umvöndunartón, ekki par hrifinn af brýningu Geirs um að hinir atvinnulausu dræpu tímann með bloggi.



### Hanna og Hanna

„Hitabeltisstormurinn Hanna er ekki lengur skilgreindur sem fellibylur en talið er að hann gæti náð styrk fellibyls á ný.“ Þetta mátti lesa á Mbl.is í gær. Hanna hitabeltisstormur virðist vera að ganga í gegnum nákvæmlega sömu sviptingar og nafna hennar, borgarstjórinn í Reykjavík.

### The National Movement

Hans Kristján Árnason og félagar í Þjóðarhreyfingunni gáfu þingmönnum í gær bókina Animal Farm, eða Dýrabæ, eftir George Orwell. Um er að ræða sérútgáfu sem kemur út í 63 eintökum, hvert þeirra ánafnað og merkt einum tilteknum þingmanni. Með þessu vill Þjóðarhreyfingin hvetja alþingismenn til góðra verka, ekki síst í eftirlaunamálinu, sem hreyfingin hefur andmælt af krafti. Athygli vekur aftur á móti, að þótt til sé ágæt íslensk þýðing á Dýrabæ eftir Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, er útgáfan sem þingmennirnir fengu að gjöf á frummálinu, ensku. Ekki mjög þjóðlegt hjá Þjóðarhreyfingunni.

bergsteinn@frettabladid.is

# Skothríðin



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Sarkozy og herinn

Vera má að einhverjum finnist undarlegt hve Nikulás Sarkozy forseti skipar mikið rúm á þessum blöðum mínum, en þá er því til að svara að það er nánast ógerningur að skrifa um einhver frönsk málefni þessa stundina, hver sem þau eru, án þess að hann skjóti upp kollinum einhvers staðar í einhverjum línum eða þá á milli þeirra. Það er nefnilega ekki ofmælt að hann sé upphaf flestra þeirra tíðinda sem nú verða í Frakklandi eða endir þeirra, nema hvort tveggja sé. Og þetta sannaðist fyrir nokkru á dramatískan hátt.

Síðast í júní var haldin mikil hersýning í borginni Carcassonne sunnarlega í landinu, sem er einn af þeim stöðum þar sem herbúðir með setuliði hafa verið staðsettar frá fornu fari. Sýningin var reyndar kölluð „opinn dagur“ í herbúðunum, og eitt af því sem var til sýnis voru handbrögð hermannanna við að gera árás til að leysa gísla úr haldi. En þegar hermennirnir stukku fram og byrjuðu að freta úr sínum hólkum, gerðist furðulegur og í rauninni óskiljanlegur atburður. Það kom í ljós að einn hermannanna hafði ekki hlaðið hríðskotabyssu sína með púðurskotum eins og lög gera ráð fyrir, heldur hafði hann sett í hana raunveruleg skot með 5,56 mm kúlum, og nú skaut hann þeim á ímyndaðan hryðjuverkamann mitt í áhorfendaskaranum. Eftir skothríðina lágu sautján særðir. Fjórir voru mjög alvarlega særðir, þ.á m. tveir lífshættulega, en fyrir guðs miskunn lifðu þeir allir. Engin skýring fékkst á þessum atburði, og var ekki ljóst hvort þetta voru „mannleg mistök“ eins og sagt er, hreinn og beinn klaufaskapur – frumhlaup hermanns sem ímyndaði sér öfugt við alla skynsemi að það væri meira púður í að hafa alvöru kúlur – eða þá vísvitandi spellvirki.

Þetta síðasta er þó langólíklegast. Hermálaráðherrann og yfirmaður herforingjaráðs landhersins, Bruno Cuche hershöfðingi, fóru þegar á stúfana og heimsóttu þá sem særst höfðu. Um leið var boðuð rannsókn í málinu, og sá sem var talinn bera ábyrgðina var settur í gæsluvarðhald.

Þetta var hörmulegur atburður, og voru viðbrögð yfirvalda í réttu samræmi við það; meira var varla hægt að gera að svo stöddu. En þá fann Sarkozy forseti brýna þörf fyrir að uppljúka sínum túla. Hann fór sjálfur til Carcassonne, gekk um sjúkrahúsið í fylgd með hermönnum, en hann heilsaði engum þeirra heldur rak hann vísifingurinn í áttina að Cuche hershöfðingja og sagði í bræði: „Þið eruð fúskarar! Það er ekki til í ykkur nein atvinnumennska!“ Hann bætti því við, að hann vildi að mönnum yrði refsað yfir alla línuna, og svipuð orð lét hann falla í sjónvarpinu sama kvöld, af meiri hófsemi að vísu.

Viðbrögðin við þessu voru þau að Bruno Cuche hershöfðingi sagði þegar af sér embætti sínu sem yfirmaður herforingjaráðs alls landhersins. Engin yfirlýsing var gefin, enda kalla Frakkar herinn gjarnan „hinn mikla þegjanda“. En í orðræðum blaðamanna við herforingja sem „vildu ekki láta nafns síns getið“ kom í ljós að hermenn voru yfirleitt sárir og reiðir, þeir töldu rangt að gera herinn í heild ábyrgan fyrir slysi einstaklings og einnig fannst þeim ómaklega farið með Cuche hershöfðingja. En við þetta bættist nú annað. Í júní var gefin út „hvít bók“ um nýskipun franska hersins, og mátti þar lesa að í hinum mikla sparnaði hins opinbera og niðurskurði á öllum sviðum væri röðin nú komin að honum: það á sem sé að fækka í hernum um 54.000 menn á næstu árum og annað eftir því. Í eina tíð þurfti stórorrustu til að valda svo miklu mannfalli. Þetta þótti mörgum nokkuð langt gengið, ekki síst nú þegar herflokkar eru sendir til Afganistans: hvað svo sem mönnum finnst um þær aðgerðir er ekki álitamál að sá her sem fær slíkt hlutverk verður að vera vel búinn að mönnum og öðru. Hinir þöglu hermenn sögðu þó ekki neitt um þessa nýskipun, en þeim mun meira heyrðist í borgarstjórum á stöðum eins og Carcassonne þar sem hermenn hafa löngum verið staðsettir, gjarnan með fjölskyldum sínum. Þeir sáu fram á efnahagslegt hrun sinna borga ef herbúðirnar yrðu skyndilega lagðar niður, að þeim forspurðum, svo og lokun skóla og sjúkrahúsa og annað af því tagi.

Nú er því svo komið að hyldýpisgjá virðist hafa opnast milli Sarkozys og hersins. Fréttaskýrendum kemur það ekki að öllu leyti á óvart, þeir sjá lítið sameiginlegt með herforingjum sem eru gjarnan kaþólskir, íhaldssamir upp á gamla móðinn og standandi á gömlum merg, afkomendur herforingja í marga ættliði, og svo á hinn bóginn þeim nýríku frjálshyggjumönnum og stjörnum skemmtanaiðnaðarins sem Sarkozy safnar í kringum sig. En þá vaknar spurningin: er hyggilegt af forsetanum að láta þessa gjá opnast og breikka? Það hefði de Gaulle varla talið.

# Með þakklæti og handboltakveðju

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Ingvarsson og Ólafur Stefánsson skrifa um handbolta



GUÐMUNDUR INGVARSSON



ÓLAFUR STEFÁNSSON

Viðburðaríkasta vika í sögu handknattleiks á Íslandi er nú að baki. Landslið karla í handknattleik og stjórn HSÍ vilja með örfáum orðum þakka fyrir þá gríðarlegu samstöðu og stuðning sem við höfum fundið fyrir frá þjóðinni allri.

Íþróttamenn eru ávallt stoltir af því að keppa undir merkjum Íslands og á Ólympíuleikum getur heilbrigt þjóðarstolt verið mikill drifkraftur til árangurs. Það var landsliðinu í handbolta mikils virði að finna stuðning forseta landsins og ráðherra íþróttamála á keppnisstað í Kína. Leikmenn leyfðu sér margir að túlka það sem táknræna nærveru þjóðarinnar allrar, enda sá liðið jákvæðni í hverju horni, eins og landsmenn þekkja. Landslið karla í handknattleik hefur áður fundið meðbyr hjá þjóðinni en líklega aldrei eins sterkt og á þessum leikum.

Þegar kom að því að taka á móti silfurverðlaunum var það stór stund fyrir leikmenn og hópinn allan. En þær mögnuðu móttökur sem liðið fékk, þegar íslenska þjóðin fagnaði heimkomunni, tóku öllu fram sem þessi hópur hefur áður upplifað. Ráðherra íþróttamála lofaði okkur góðum móttökum þegar heim kæmi, en engan okkar óraði fyrir því að hún og hennar ráðuneyti, ásamt borgaryfirvöldum, gætu skipulagt heila „þjóðhátíð“ með svo skömmum fyrirvara.

Handboltalandsliðið og handknattleikshreyfingin vilja láta í ljós þakklæti fyrir stuðninginn, móttökurnar og þá jákvæðu strauma sem við höfum fundið. Sá fjárhagslegi styrkur sem nú berst handboltanum í landinu, gefur auk þess von um fleiri þjóðhátíðir í framtíðinni.

Íslensk þjóð er að læra að láta ekkert „bíb“ skemma einbeitinguna og einblínir þess í stað á jákvæðni og metnaðarfull markmið.

Takk fyrir okkur – og áfram Ísland.

*Guðmundur Ingvarsson er formaður HSÍ. Ólafur Stefánsson er fyrirliði landsliðs karla í handknattleik.*


ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS


# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Vistvænn kostur!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 3. september 2008 – 36. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


**Orðskýringin**

Hvað eru uppboðs-skuldabréf?



6

**Ríkisstjórnin lokar augunum**

Leitað verður lausna



4-5

**Þór Sigfússon**

Efnahagsundrið engin bóla



6

## XL í endurfjármögnun

Vonir standa til þess að endurfjármögnun á XL Leisure Group takist í þessari viku, að því er fram kemur í breskum fjölmiðlum. Óttast hafði verið að tafir yrðu á slíku samkomulagi, en Barclays og Straumur Burðarás, sem eru helstu lánadrottnar XL, hafa tekið þátt í samningafundum síðustu daga.

XL Leisure er þriðja stærsta fyrirtæki í Bretlandi á sviði ferðaþjónustu. Fyrirtækið tapaði tæplega fjórum milljörðum króna á síðasta rekstrarári, samfara því að skuldir félagsins jukust stórlega.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að Eimskip hafi selt félagið í október 2006 til stjórnenda þess og hóps fjárfesta fyrir um 38 milljarða króna. Við söluna gekk Eimskip í ábyrgð fyrir láni að upphæð 280 milljónir Bandaríkjadala, sem er enn í gildi. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru litlar líkur taldar á því að Eimskip losni við þá ábyrgð á næstunni og geti jafnvel þurft að afskrifa hana að hluta eða öllu leyti. - bih


TrackWell

Tíma - og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com


### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Dregur úr neyslu** Heldur dró úr neyslu bandarísks almennings í júlí þegar áhrif skattendurgreiðslna tóku að fjara út og verðbólga jókst. Bandaríska viðskiptaráðuneytið segir verðlag ekki hafa hækkað jafn mikið í sautján ár.

**Fasteignaverð hrynur** Fasteignaverð í Bretlandi hefur fallið að meðaltali um 10,5 prósent frá áramótum. Verðlækkun sem þessi hefur ekki sést í ríki Elísabetar Englandsdrottningar í átján ár, samkvæmt úttekt breska fasteignalánaveitandans Nationwide.




**Dagarnir taldir** Útgáfu danska dagblaðsins Nyhedsavisen var hætt á sunnudag. Dótturfélag Dagsbrúnar stofnaði blaðið fyrir um tveimur árum og gjörbreytti dönskum auglýsingamarkaði. Þrátt fyrir taprekstur var það mest lesna dagblað landsins.

**Minni verðbólga** Tólf mánaða verðbólga mælist 3,8 prósent á evrusvæðinu, samkvæmt áætlun frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þetta er undir svartsýnisspám.

**Beðið hærri vaxta** Þegar næst verður hreyft við stýrivöxtum í Bandaríkjunum þá verða þeir hækkaðir. Þetta kemur fram í minnispunktum af síðasta vaxtaákvörðunarfundi bandaríska seðlabankans í síðasta mánuði. Reiknað er með óbreyttum vöxtum fram í nóvember.

# Lán ríkisins er einn áfangi á langri leið

## Forsætisráðherra hefur tilkynnt um evrulán á mun betri kjörum en sem nemur skuldatryggingarálagi ríkisins. Prófessor segir þetta ekki koma að öllu leyti á óvart.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Þetta eru auðvitað jákvæð tíðindi, en ég bendi á að kjör lánsins eru óþekkt,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

Geir H. Haarde forsætisráðherra tilkynnti í gær um lántöku upp á að minnsta kosti 250 milljónir evra, eða sem svarar um 30 milljörðum íslenskra króna. „Á kjörum sem eru mun hagstæðari en svokallað skuldatryggingarálag á ríkissjóð gefur til kynna,“ sagði Geir í ræðu á Alþingi.

Ekki kom fram í ræðu Geirs hver veitir lánið. Geir sagði að forðinn nemi nú um 500 milljörðum króna.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er skuldatryggingarálag á ríkið nú töluvert yfir 200 punktum, en einnig hefur verið sagt við Markaðinn að í sumar hafi ríkinu boðist öllu verri kjör.

Ásgeir Jónsson segir að lántakan geti sent tvíþætt skilaboð til markaðsaðila. Ríkinu bjóðist betri kjör en sem nemur álaginu og að litið verði á þetta sem áfanga í ferli.

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að hluti af þeim vanda sem Íslendingar glími við sé að skort hafi traust á íslenskum efnahag og viðskiptalífi. „Frá því að gerðir voru gjaldmiðlaskiptasamningar við norræna seðlabanka hafa ekki verið stigin mikilvæg skref í þessum efnum. Þessi aðgerð er jákvæð í sjálfu sér, en veldur ekki straumhvörfum.“

„Þetta er jákvætt, en um leið er þetta klárlega aðeins eitt skref af mörgum sem þarf að stíga,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hann segir að þótt lánið sé ekki stórt og fjárhæðin hafi ekki mikil áhrif á stöðu gjaldeyrisforðans í heild, þá sýni þetta að hægt sé að sækja fé á góðum kjörum.

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, bendir á að hvorki hafi komið fram hver veitti lánið, né til hversu langs tíma það sé. Hvort tveggja skipti máli. „Annars kemur þetta ekki að öllu leyti á óvart,“ segir Þórólfur, og minnist lántöku sveitarfélaga fyrr á árinu, sem voru „á kjörum sem voru langt undir öllum skuldatryggingarálögum“.

Viðmælandi Markaðarins bendir á að þótt kjörin á láninu séu fín, hljóti þau að vera öllu verri en á meðan allt lék í lyndi.

# Spáir Bakkavör örum vexti

## Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, í stórviðtali við Financial Times.

Sala á vörum Bakkavarar mun aukast um 166% á næstu fjórum árum. Þetta kemur fram í viðtali Financial Times við Ágúst Guðmundsson forstjóra í gær. Hann segir hraðan vöxt í Kína.

Í greininni er sagt frá Bakkavör og vexti þess, sem byggður er að mestu á yfirtökum, ekki síst í Bretlandi. Ágúst segir fyrirtækið stefna á frekari vöxt og óttist ekki að kaupa fyrirtæki sem sé stærra en það sjálft. Vitnað er til kaupanna á fyrirtækjunum Katsouris Fresh Foods og Geest en það fyrrnefnda var fimm sinnum stærra en Bakkavör þegar það var keypt 2001. Þá er nefnt að Bakkavör hafi fest sér tæpan 11% hlut í írska samlokufyrirtækinu Greencore sem geti bent til yfirtöku á næstu misserum. Ágúst segir kaupin óheppileg. Gengi bréfa í félaginu hafi fallið hratt og Bakkavör tapað 46,2 milljónum punda á þeim fyrri hluta árs. Hann sé hins vegar viss um að gengið muni jafna sig á endanum. - jab


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK GBP DKK USD EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 2,4% | -1,2% |
| Atorka | -2,5% | -49,4% |
| Bakkavör | -1,1% | -54,4% |
| Exista | -0,4% | -61,0% |
| Glitnir | -2,0% | -31,4% |
| Eimskipafélagið | 2,5% | -58,2% |
| Icelandair | 2,3% | -26,8% |
| Kaupþing | 0,7% | -19,2% |
| Landsbankinn | 0,4% | -32,5% |
| Marel | 0,5% | -15,1% |
| SPRON | 1,4% | -60,6% |
| Straumur | -2,2% | -39,3% |
| Össur | 4,4% | -3,6% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*

# Alfesca skilar góðu uppgjöri

Fjárfestirinn frá Katar kemur líklega inn í hluthafahópinn í næsta mánuði.

Alfesca hagnaðist um 3,5 milljónir evra, jafnvirði 429 milljóna íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi, sem er sá fjórði í bókum félagsins. Þetta er svo til óbreytt staða frá því fyrir ári. Hagnaðurinn á árinu öllu nam 28,6 milljónum evra sem er 27,6 prósenta aukning á milli ára.

Uppgjörið er yfir væntingum enda samdráttur á neytendamörkuðum í Evrópu líkt og sölutölur Alfesca benda til. en þær drógust saman um 5,4 prósent. Greiningardeild Glitnis bendir á að jákvæð skattfærsla upp á 3,5 milljónir evra hífi afkomuna upp auk þess að páskar féllu á fjórða ársfjórðung.

Xavier Govare forstjóri er ánægður með afkomuna. Hann segir stjórnendur ekki hafa óráð fyrir þeim verðhækkunum sem skollið hafi á og gert umhverfið afar krefjandi. Reiknað er með svipuðu árferði í nokkurn tíma.



XAVIER GOVARE

Greint var frá því í júní að Sheikh Mohamed bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins í Katar, ætli að kaupa 12,6 prósenta hlut í Alfesca.

Af því hefur enn ekki orðið en líkur eru á að af því verði fyrir ársfund félagsins í næsta mánuði. Þá verður sömuleiðis lagt til að greiddur verði út arður í fyrsta sinn, jafnvirði um 1,5 milljarða íslenskra króna. - jab

# Ástralir lækka

Seðlabanki Ástralíu ákvað í gær að lækka stýrivexti bankans um 0,25 prósentustig, úr 7,25% í 7,0%, líkt og markaðs- og greiningaraðilar höfðu búist við. Er þetta fyrsta vaxtalækkun bankans í sjö ár.

Erfið skilyrði á fjármálamörkuðum ásamt vísbendingum um að hægja muni á vexti einkaneyslu og hagvexti í Ástralíu á næstunni eru meðal helstu skýringa fyrir lækkuninni nú.

Seðlabankar í Bretlandi, Kanada og Svíþjóð kynna nýjar vaxtaákvarðanir á næstu dögum, sem og Seðlabanki Evrópu. - bih

# Gnúpur sektaður

„Sektin verður borguð," segir Lárentsínus Kristjánsson, lögmaður og stjórnarformaður Gnúps fjárfestingafélags.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að sekta Gnúp um tvær milljónir króna fyrir að brjóta gegn flöggunarskyldu. Málið varðar viðskipti með töluvert hlutafé í FL Group í janúar síðastliðnum. Þá fór hlutur Gnúps úr rúmum ellefu prósentum og niður í 8,54 prósent. Fyrirtækjum er skylt að flagga ef atkvæðisréttur nær, fer yfir eða lækkar niður fyrir 5 prósent, 10 prósent og önnur fimm prósenta bil.

Lárentsínus segir að þetta mál hafi komið upp fyrir mistök, og fyrir sína tíð hjá félaginu. Þótt ekki fari mikið fyrir Gnúpi um þessar mundir þá séu svona mál gerð upp.

Um gengi félagsins að öðru leyti segir Lárentsínus að það fari „eins og vindar blása".

Gnúpur var í eigu Kristins Björnssonar sem eitt sinn var forstjóri Skeljungs, Þórðar Más Jóhannessonar sem stýrði Straumi hér áður fyrr og Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum og eiganda Toyota-umboðsins hér á landi. Félagið tapaði stórfé á hruni FL Group. - ikh

# Novator að selja P4?

Finnsk og pólsk viðskiptablöð greina frá því að fjarskiptafyrirtækið TeliaSonera sé í viðræðum við Novator um kaup á pólska farsímafyrirtækinu P4. Novator á 75 prósenta hlut í P4.

Pólska viðskiptablaðið Puls Biznesu segist hafa heimildir fyrir því að Novator hafi leitað kaupenda að P4 síðan í apríl og að viðræður við TeliaSonera séu á forstigi. Talsmaður Novator í Póllandi og talsmaður TeliaSonera höfnuðu þessum vangaveltum.

„Þetta eru ekkert nema vangaveltur á markaði í Póllandi," segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novator. „Play er eitt af systurfélögum Nova og það er allt á áætlun hjá Play, og rúmlega það." Ásgeir bætti við að Play væri „hálfgert Spútnikfyrirtæki" á pólska farsímamarkaðnum. - msh

# Olíuverð fellur hratt

Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði hratt í gær, fór niður um tæpa tíu dali á tunnu og stóð um miðjan dag í rúmum 105 dölum. Viðlíka verð hefur ekki sést síðan snemma í apríl í vor.

Nokkrir þættir eiga hlut að máli. Í fyrsta lagi olli fellibylurinn Gústav minna tjóni við Mexíkóflóa en búist var við.

Í ofanálag eru væntingar um að þrengingar í stærstu hagkerfum heimsins muni leiða til þess að draga muni úr olíu- og eldsneytisnotkun og þrýstir það verðinu neðar, að sögn Bloomberg-fréttastofunnar. Olíuverðið fór í hæstu hæðir í júlí, í rúma 147 dali á tunnu. Miðað við verðið um miðjan dag í gær hefur það lækkað um 28 prósent síðan þá. Danska dagblaðið Börsen hefur eftir bankamönnum í gær að olíuverðið geti farið hratt niður á næstunni, jafnvel allt niður fyrir níutíu dali á tunnu. Næstu árin geti það svo farið allt upp í 200 dalina. - jab

# Smærri fjármálafyrirtæki horfa til Byrs sparisjóðs

Óformlegar viðræður eru í gangi um mögulegan samruna þriggja fjármálafyrirtækja. Beðið er eftir niðurstöðu um stefnu Byrs í samrunamálum sem ráða muni miklu um framhaldið.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Í fjármálageiranum er beðið niðurstöðu um hvert Byr sparisjóður stefnir í samrunaáætlunum. Samkvæmt heimildum Markaðarins verða aðrar þreifingar tæpast nema óformlegar þangað til.

„Ég held að það dyljist engum sem fylgist með markaðnum að allir boltar eru á lofti," sagði Agnar Hansson, bankastjóri Icebank, í nýlegu viðtali við Markaðinn, en greint hefur verið frá óformlegum viðræðum Icebank, VBS fjárfestingarbanka og Saga Capital um mögulegan samruna. Heimildir Markaðarins herma þó að þær séu tæpast á því stigi að geta kallast þríhliða viðræður.

Jón Þórisson, forstjóri VBS, segir að leitað verði leiða til að finna sameiningargrundvöll, en hafnar því um leið að slæm staða reki fyrirtækin til sameiningar. „En að sjálfsögðu skoðum við öll tækifæri sem upp kunna að koma."

Fyrir helgi kom hins vegar fram bæði í máli Ragnars Z. Guðjónssonar, sparisjóðsstjóra Byrs, og Jóns Þorsteins Jónssonar stjórnarformanns að hugur þeirra stæði fremur til sameiningar sem styrkti sparisjóðinn. Byr hefur engu að síður verið sterklega orðaður við samruna inn í annaðhvort Landsbankann eða Glitnir, þar sem stórir hluthafar í báðum fyrirtækjunum, kunna að sjá samlegðarábrif.

Heimildir Markaðarins herma hins vegar að smærri fjármálafyrirtæki horfi til Byrs sem sparisjóðs sem burði hafi til að vera nokkurs konar sameiningarafl á þeim markaði og tæki til að búa til fjórða stóra bankann á markaði hér.



**Í FORSVARI FYRIR BYR** Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, og Ragnar Z. Guðjónsson hafa fremur horft til þess að styrkja sparisjóðinn í mögulegum samruna, en að hann renni inn í stærri banka. MARKAÐURINN/PJETUR

Varðandi óformlegar viðræður annarra fyrirtækja segist Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, hafa heyrt af einhverjum kaffifundum. Hann bendir á að Byr eigi hlut bæði í Saga Capital og Icebank. „Og geri ég ráð fyrir að við komum að þessu ef mál ná eitthvað lengra."

Þá má einnig rifja upp að í byrjun þessa árs var frá því greint að Byr sparisjóður hefði falast eftir því að kaupa hlut bæði Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Mýrasýslu í VBS fjárfestingarbanka.

# Allianz tapar á bankasölu

Samningar náðust um helgina um kaup hins þýska Commerzbank á Dresdner-banka. Kaupverð nemur 9,8 milljörðum evra, jafnvirði 1.200 milljörðum íslenskra króna. Seljandi er tryggingarisinn Allianz.

Blekið var varla orðið þurrt á samningum þegar niðurskurðarhnífurinn fór á loft en níu þúsund starfsmönnum verður sagt upp.

Allianz þykir hafa stórtapað á viðskiptunum. Fyrirtækið keypti Dresdner-banka fyrir sjö árum og pungaði út einum 28 milljörðum evra. Bankinn hefur komið illa undan lausafjárkreppunni og neyðst til að afskrifa fimm milljarða evra úr bókum sínum fram til þessa, að sögn breska dagblaðsins Times. - jab




„Vel í sveit settur"

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur."

**Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri, Vöndull ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Humanscale™



# freedom™

## margverðlaunaður skrifstofustóll frá Humanscale



### ÞÚ ÞARFT EKKI LEIÐBEININGAR

Freedom stóllinn er einn háþróaðasti stóll sögunnar, þægilegur, styður vel við líkamann og er mjög auðveldur í stillingum.

Þú þarft ekki að velta fyrir þér leiðbeiningum um það hvernig eigi að stilla stólinn svo hann henti þér. Freedom sér um það fyrir þig.

Það eina sem að þú þarft að gera er að sitja!

**Tilboð kr. 103.990,-**
Fullt verð kr. 189.990,-
Cava áklæði

Viðurkenningar sem Freedom stóllinn hefur hlotið

Hér eru örfá fyrirtæki sem sjá ástæðu til að kaupa eingöngu stóla frá Humanscale:
Abbott Laboratories, ABN AMRO, ADP, AIG, Alliance Bernstein, American Express, AMGEN, AOL, Apple Computer, Bank of NY, Baxter Healthcare, Bloomberg, Boeing, BP, Bristol Myers Squibb, Caterpillar, Chevron Texaco, Chubb, Cisco Systems, Citigroup, Colgate-Palmolive, Deloitte & Touche, Ford, GE, Hewitt Associates, Hewlett-Packard, Hilton Hotels, Honeywell, HSBC, Hyatt Hotels Corporation, Ingram Mirco, John Deere, Johnson & Johnson, JP Morgan Chase/Bank One, Juniper Networks, McKinsey Merrill Lynch, Morgan Stanley, Motorola Mark, Novartis, Nvidia Corporation, Oracle Corporation, Pfizer Pharmecutical, Siemens, Sony.

Bæjarlind 12 - 201 Kópavogur - Sími 568 2828 - www.buumbetur.is

BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

# Ríkisstjórnin horfist ekki í augu við *aðsteðjandi vanda*

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir mikilvægt að stóriðjuframkvæmdir fari í gang. Til lengri tíma verði að ræða aðild að Evrópusambandinu í alvöru. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, vill að menn læri af fyrri stóriðjumistökum og býður krafta sína til víðtæks samstarfs um lausn aðsteðjandi vanda. *Ingimar Karl Helgason* settist niður með hvoru um sig og spurði um lausnir.



Eitt er víst. Við getum ekki búið við óbreytt ástand," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Óðaverðbólga brenni upp kaupmátt launa. „Hann var nú svo sem ekki beysinn fyrir hjá ýmsum. Núna situr almenningur í landinu við eldhúsborðið með heimilisbókhaldið og og hugsar væntanlega sem svo. Bíddu, þetta er svo það sem ég er að fá út úr þessu, allri þessari snilld; stóriðju, skattalækkana- og útrásarveislunni?"

### VERÐUM AÐ RJÚFA VÍTAHRINGINN

„Og ég spyr þá," segir Steingrímur. „Hvað segja nýfrjálshyggjuog stóriðjupostularnir við við almenning? Er lausnin meira af því sama? Að fara nýjan hring? Ég segi nei. Við verðum að snúa okkur að því viðfangsefni að rjúfa þennan vítahring."

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir að nú séu menn hættir að tala um mjúka lendingu. Hún minnir á aðdraganda síðustu alþingiskosninga. „Við framsóknarmenn vildum halda áfram að nýta okkar orkuauðlindir okkar til uppbyggingar atvinnulífs og til að skapa verðmæti." Síðan hafi sjálfstæðismenn ekkert lagt á sig til að tryggja að Samfylkingin væri tilbúin til að halda uppbyggingunni áfram í ríkisstjórnarsamstarfi. „Það er ekki minnst á iðnað í stjórnarsáttmálanum. Miðað við hvernig Samfylkingin talaði í kosningabaráttunni hefði forsætisráðherra vitaskuld átt að tryggja þetta við myndun ríkisstjórnar," segir Valgerður.

### ORÐ ÚT Í LOFTIÐ

Valgerður heldur áfram. „Formaður Samfylkingarinnar sagði fyrir kosningar að það væri hægt að stoppa þessar framkvæmdir, „stóriðjustopp". En það voru þá bara orð út í loftið."

Nú liggi fyrir að ekki sé hægt að stöðva framkvæmdir við Helguvík og á Bakka við Húsavík ef öll skilyrði og leyfisveitingar eru uppfylltar. „Þá virðist lögð sú lína að reyna að tefja fyrir framkvæmdunum. Og skilaboðin, sérstaklega frá þingmönnum Samfylkingarinnar, hafa verið misvísandi. Það skapar mikla óvissu og minnkar tiltrú, bæði á því sem ríkisstjórnin er að gera og á Ísland út á við."

Valgerður bætir því við að hálft ár sé liðið frá ummælum forsætisráðherra um að styrkja þurfi gjaldeyrisforðann. Svo hafi Alþingi samþykkt slíka lánsheimild í vor.

„Og ekkert gerist. Þannig að þetta er auðvitað þáttur sem rýrir mjög traust á Íslandi, og Seðlabankanum og peningastjórninni." Valgerður minnist einnig orða forsætisráðherra um að endurskoða peningastefnu Seðlabankans. „Nú virðist hann hins vegar stefna frá þessu, eða sinnir því að minnsta kosti í engu. Svo það er ýmislegt sem setur okkur í þá stöðu sem við erum í dag. Við hrekjumst lengra og lengra út í kviksyndið, ekki síst vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar."

### EITT VERKEFNI ÖÐRUM BRÝNNA

Steingrímur gagnrýnir einnig ríkisstjórnina og nefnir sem dæmi samráðsfundi við verkalýðshreyfinguna um efnahagsmálin. „Tveir fundir með löngu millibili. Svo er upplýst að það er ekkert á þessum fundum nema kaffi."

Steingrímur segir eitt verkefni brýnna en önnur. „Ég held að það sé mikilvægast af öllu að breyta andrúmsloftinu í samfélaginu. Að skapa á nýjan leik þá stemningu og endurreisa þá trú og tilfinningu manna að við ætlum að sigrast á þessu. Því andlegi þátturinn er alltaf stór í svona löguðu."

Steingrímur leggur einnig til aðgerðaáætlun í tíu liðum. Það verði að styrkja gjaldeyrisforðann. Endurskoða eigi lög um Seðlabankann. Fara verði yfir leiðir til sveiflujöfnunar í þjóðarbúskapnum, og til dæmis mætti í því skyni draga lærdóma af ríkjunum sem lentu í Asíukreppunni á sínum tíma. Endurskoða þurfi verkaskiptingu stjórnarráðsins frekar. Skoða eigi kosti öflugs efnahags-, viðskipta og ríkisfjármálaráðuneytis. Þetta gangi ekki nógu vel við núverandi fyrirkomulag. „En auðvitað má ekki kenna árunum ef það eru ræðararnir sem eru að bregðast."

### ÞJÓÐHAGSSTOFNUN STRAX

Steingrímur segir að endurreisa eigi Þjóðhagsstofnun strax. Þá verði að auka skilyrði til að efla sparnað. Það megi til dæmis gera með frítekjumarki á fjármagnstekjur. Enn fremur þurfi að kortleggja og fylgjast með þróun erlendra skulda þjóðarbúsins og ná þeim niður.

„Besta sveiflujöfnunin er fólgin í traustum innviðum og styrkum stoðum undir þjóðarbúskapnum og samfélaginu," segir Steingrímur og á þar meðal annars við opinbera fjárfestingu í samgöngum, fjarskiptum, heilbrigðis- og menntakerfi. „Nú er tíminn til að byggja hjúkrunarheimilin, búa betur að geðfötluðum, halda við opinberu húsnæði og svo framvegis."

Einnig þurfi að styrkja stöðu sveitarfélaganna og veita til þeirra auknu fé.

„Þá þarf nýja, þverpólitíska og þverfaglega þjóðarsátt. Ég er annars ekki viss um að við eigum að nota hugtakið þjóðarsátt. Hún var gerð við aðrar aðstæður á öðrum tíma og það snerist fyrst og fremst um eitt; að ná niður verðbólgu. Þá höfðu menn meiri tök á verðlagsmálum og það var meira af þeim bundið í miðstýrðum ákvörðunum. Ég held við ættum kannski frekar núna að

**Menn að vera menn til að líta til baka og viðurkenna mistök, en síðan látum við þau liggja milli hluta.**





# Montreal - Kanada

## 26. sept.

## frá kr. 49.990



M. a. frábært sértilboð
Frá kr. 49.990

*** Helgarferð – síðustu sætin ***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum í helgarferð 26. sept. til Montreal í Kanada. Bjóðum frábært sértilboð á Best Western Ville Marie hótelinu sem er gott og vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytni. Það er frábært að versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

**Verð kr. 49.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal í 3 nætur. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra nátta ferð 9.-13. okt. kr. 54.990. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000.

**Verð kr. 54.990**
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Best Western Ville Marie **** í 3 nætur. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Fjögurra nátta ferð 9.-13. okt. kr. 59.990. Aukagjald fyrir einbýli kr. 21.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





**Peugeot 406 coupe 98**
ekinn cr 120þ, sjálskiptur,2,0l, ekkert áhvílandi. **690þ. stgr**
áhugasamir hafið samband í s:6616986 eða golsi85@hotmail.com




Guðmundur Hermannsson er hæstánægður með ferðina til Grikklands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gengið um Grikkland

**Gönguferðir gefa nærtæka mynd af umhverfinu og eru í senn heillandi útivist og líkamsrækt. Þetta veit Guðmundur Hermannsson sem hefur verið í gönguhóp um árabil og gengið bæði hér heima og erlendis.**

„Á gamla vinnustað mínum í Þorlákshöfn var myndaður gönguhópur fyrir rúmum áratug og höfum við farið í allnokkrar ferðir. Fyrstu þrjú árin gengum við innanlands en höfum svo þrívegis farið til útlanda og nú síðast til Grikklands,“ segir Guðmundur Hermannsson, fulltrúi á Skattstofu Reykjanesumdæmis, sem einnig hefur farið með hópnum til Ítalíu og Spánar.

Ferðin til Grikklands, sem var á vegum Úrvals-Útsýnar, hófst á Krít en þaðan var siglt yfir til Aþenu og Akrópólíshæð barin augum. „Þaðan var svo keyrt í lítið þorp sem heitir Kala Nera en þar dvöldum við í sex nætur meðan á gönguferðunum stóð. Frá þorpinu var ýmist gengið eða farið með rútu og yfirleitt voru gönguferðirnar um fjögurra til sex tíma langar,“ segir Guðmundur en meðal annars var gengið við rætur Ólympusfjalls, hæsta fjalls Grikklands, og um hin ýmsu þorp.

Guðmundur segir ferðina hafa verið ljómandi góða og hitann ekki óbærilegan. „Ég hef einu sinni gengið á Krít seint um sumar og þá var hitinn svo mikill að varla mátti nema staðar án þess að standa undir laufguðu tré. Í slíkum hita er reynt að leggja af stað snemma á morgnana til þess að það sem er upp í móti sé að baki þegar sólin er komin hæst á loft.“

Guðmundur segir að gönguferðir sem þessar gefi færi á því að kynnast landi og þjóð með allt öðrum hætti en á hefðbundnum ferðalögum og lýsir síðustu ferð sem andlega upplífgandi. *vera@frettbladid.is*


SPORT KLÚBBURINN

Kaupauki að verðmæti 59.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

• frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
• frír mánuður fyrir vin
• tækjakennsla
• bolur
• brúsi

• 5 tímar í skvass
• 5 tímar í Golf
• máltíð á BK Kjúkling
• 5 tímar í ljós

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is



;ALLT
FERÐIR

Alla miðvikudaga og laugardaga



**WWW.IMOTORMAG.CO.UK** stóð nýlega fyrir vali á tíu verstu bílum í breskri bílaframleiðslu að áliti Breta sjálfra. Rover 800 og Triumph Acclaim eru á meðal þeirra bíla sem lenda á listanum, en Austin Allegro trónir á toppnum með 24,3 prósent atkvæða þeirra sem tóku þátt.


SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep DODGE Skoda Peugeot CRYSTLER
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is




Þessi Jaguar XK 120 árgerð 1954 mun aka um götur landsins næstu daga en hér má sjá hann á vegarslóða þar sem svokallaðar „Hill Climbs“ uppákomur fóru fram á árum áður.

MYND/REMY STEINEGGER



Tryggvi Magnús Þórðarson segir ýmsa stórmerkilega bíla væntanlega á göturnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fornbílar á ferð um landið

**Tugir fornbíla munu næstu daga aka hringveginn um landið en þeir eru hluti af alþjóðlegu fornbílarallíi sem ber yfirskriftina An Icelandic Odyssey og er um að ræða stóran viðburð í heimi fornbíla.**

Breski bílaklúbburinn HERO (Historic Endurance Rallying Organisation) stendur fyrir fornbíla-rallíi hér á landi og komu hátt í sjötíu eðalvagnar til landsins í gær. Yngsti bíllinn var framleiddur árið 1981 en sá elsti 1922.

Í rallíinu, sem ber yfirskriftina An Icelandic Odyssey og fer fram dagana sjöunda til tólfta september, verður farið hringinn í kringum landið og er um að ræða blöndu af keppni og ferðamennsku.

Keppnin hefst klukkan níu á sunnudagsmorgun en Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri mun ræsa hana frá Ráðhúsi Reykjavíkur. Síðan verður farið á Þingvöll, Gullfoss og Geysi og endað á ljósanótt í Keflavík. Næstu daga á eftir verður svo haldið á Suðurland, austur á firði, til Akureyrar og endað í Reykjavík.

Tryggvi Magnús Þórðarson, meðlimur Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, sem hefur verið HERO innan handar við skipulagningu, segir fyrst hafa verið komið að máli við sig um keppnina fyrir átta árum.

„Það er að ýmsu að hyggja þegar fara á með 200 manna hóp hringinn í kringum landið en nú er málið í höfn og er um að ræða stærsta viðburð í fornbílaheiminum á árinu.“

Tryggvi segir að keppnin verði brotin upp með ýmsum hætti og munu keppendur nema staðar við helstu náttúruperlur landsins. Hann segir ýmsa stórmerkilega bíla væntanlega á göturnar og nefnir Bentley-bíla frá því fyrir stríð og íslenskan Trabant. „Þá verður þarna til dæmis Austin Mini Cooper í eigu feðganna Tonys og Chris Newman en sá bíll tók þátt í Monte-Carlo aksturskeppninni árið 1965 og er mikið augnayndi.“

*vera@frettabladid.is*




Til sölu flugvélin TF-Kex
sem er Cessna 177 Cardinal.
Uppl. í síma 862-8994 Ólafur.

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa
og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur
Vindrafalar
Gasmiðstöðvar
Ljósavélar
Sparljós og perur
Vatnshitarar






Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.
rotor
VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900

;ALLT MATUR
Alla föstudaga

**KÓSÍTÍMINN ER NÚ GENGINN Í GARÐ** Veðrið er hráslagalegt og kuldaboli lætur æ oftar á sér kræla. Þá er fátt betra en að sitja inni í hlýjunni og leyfa ljósunum að loga. Hlýlegir lampar og ljósakrónur rjúka alla jafna út á þessum árstíma og kertin koma sterk inn.





Vörur frá Neon Living hafa vakið athygli og ratað á síður tímarita eins og Bo Bedre.

# Fáanlegar í fyrsta sinn

**Verslunin Snúðar & snældur bjóða nú upp á vörur frá danska fyrirtækinu Neon Living.**

„Vörurnar eru nýkomnar til okkar og viðtökur hafa vægast sagt verið frábærar. Það er alltaf gaman að geta boðið upp á fallegar vörur og sérstaklega þegar ungar kraftmiklar konur eins og Henriette standa á bak við þær,“ segir Lovísa Guðmundsdóttir, eigandi verslunarinnar Snúða & snældna á Selfossi, sem býður nú upp á vörur frá danska fyrirtækinu Neon Living en þær hafa ekki fengist áður hérlendis.

Þess má geta að Neon Living er ungt danskt fyrirtæki stofnað af Henriette Hylgaard, sem rekur fyrirtækið frá heimili sínu í Ikast í Danmörku, og hefur verið tíður gestur húsbúnaðartímarita á borð við Bo Bedre og Bolig.

# Léttari leiðin til húsbygginga

**Íslenskir húsbyggjendur hafa tekið léttum steypumótum frá slóvanska framleiðandanum ePic Eco fagnandi og fegins hendi, enda er í þeim fólgin frábær og langþráð lausn sem sparar allt í senn; tíma, mannskap, vélar, vinnu og peninga.**

„Við stofnuðum Létt Mót í janúar á þessu ári og móttökurnar hafa verið þannig að við erum alltaf með tómt hús,“ segir Bragi Sigurðsson, annar eigandi innflutningsfyrirtækisins Létt Mót ehf. í Keflavík, en meðeigandi hans er Héðinn Sigurjónsson.

„Ég kynntist ePic Eco-mótakerfinu á byggingariðnaðarsýningu í Þýskalandi og ákvað að hefja á því innflutning til Íslands. Ég sá strax að mótin yrðu kjörin viðbót við önnur steypumót á markaðnum, því svo lengi hefur vantað léttari mót í byggingarvinnu. Í áratugi hafa framleiðendur reynt að búa til slík mót fyrir byggingariðnað, en án árangurs þar til Slóvenar komu með ePic Eco-mótakerfið á markað, en þau eru framleidd úr níðsterkum glertrefjum,“ segir Bragi um ePic Eco-mótakerfið sem virkar nákvæmlega eins og önnur steypumót í uppsetningu, en eru ekki nema einn tíundi af þyngd annarra móta.

„Hingað til hafa menn verið í vandræðum með að steypa grunna og skjólveggi, og koma mótum á bak við hús og aðra erfiða staði, án þess að vera með krana eða tiltækan mannskap í burð á þungum steypumótum. Því hefur þrautalendingin verið sú að slá upp mótatimbri, sem tekur fjórum sinnum lengri tíma. Léttu mótunum hefur því verið tekið fagnandi hérlendis, enda frábær kostur sem hentar vel í lóðarveggi, grunna og hefur úrval móta alveg upp í loftplötur, enda heilu húsin nú byggð með ePic Eco. Loftmótin eru einstaklega sniðug því þau eru létt, sterk og einföld í notkun, koma í stað tvöfaldra timburbita og spara mikla fjármuni og tíma,“ segir Bragi.

„Léttu mótin fást bæði keypt og til leigu. Þau eru þægileg í notkun og einföld í uppsetningu, ásamt því að spara mikla peninga þegar kemur að mannskap og flutningi. Stórir verktakar sjá mikla hagkvæmni í notkun þeirra því þannig sparast kostnaður krana og kranamanna til að byrja með og þá eru mótin mjög vinsæl hjá sumarhúsaeigendum því þeir geta flutt þau í sveitina á léttri kerru og dundað við þetta einir,“ segir Bragi.

Á haustmánuðum tekur Bragi á móti ýmsum ítölskum lausnum í byggingariðnaði sem að hans sögn eiga eftir að gjörbylta grunna- og lóðaframkvæmdum á Íslandi, en fyrst taka við ítarlegar rannsóknir á því hvernig þær nýjungar henta íslenskum aðstæðum.

Allt um ePic Eco-mótin má sjá á www.lettmot.is. *thordis@frettabladid.is*



Bragi Sigurðsson og Héðinn Sigurjónsson standa hér hjá hinum fisléttu en níðsterku ePic Eco-steypumótum, sem gerð eru úr glertrefjum. MYND/VÍKURFRÉTTIR





Volvo XC90 06/05. Ekinn 45þ. 7 manna. Vel útbúinn. V. 4.790þ. Áhv. 3.3m. Sk. á ód. Björn 699-7572



Toyota HiLux Double Cap 3,0 Diesel árg. 2007 ekinn 33 þ. 33 „ dekk. Hús ofl ofl. Verð 4.490. Tilboð 3990. S. 898 2811.



GOTT VERÐ GOTT VERÐ. Land Rover Discovery 4,4 V8 árg. 2006 ekinn 38þ. km. Topplúga, leður. Einn með öllu. Verð 5.990. Tilboð 4.690. S. 898 2811.



**Fæst á 490.000**

Til sölu Jeep Grand Cherokee árg. 1999. V8 einn með öllu ek. 97þ. mílur. Þarfnast smá lagf. fæst á 490.000. Uppl. í s. 844 0542.



VW Polo árg. '00. Ek.119 þ. Ný tímareim. Nýsk. Ásett verð 450 þ. Uppl. í s. 659 3459.



Mazda 323 árg.'99 Nýsk. Ek. 169 þ. Ný tímareim. Ssk. Verð hugmynd 190 þ. ath smá klesstur. Uppl. í s. 659 3459.



Til sölu Lotus Espirit Turbo, árg 1987, ekinn aðeins 40þ km, eini á landinu, þarfnast ástar og umhyggju, Verð aðeins 1 millj stgr, uppl í s: 892 1116



**38" LC90**

Toyota LC90 38" breyttur árg 99 ek. 188 þ.km, sjálfsk, intercooler, tölvukubbur, öflugri gormar, grind, kastar, tjakkfestingar, kassi á afturhurð ofl ofl Verð 2,290þ skipt ath uppl. í s. 618 4444 og 618 4440

2 Góðir Bens 87 300E Fourmatic og Skoda Octavia 02 Uppl í S:8453555

Til sölu VW Transporter langur, árg.'98, dísel, ssk , ek. 260 þ. km. Verð 250 þ. Uppl. í s. 864 4003.

Toyota Hiace 4x4 dísel, árg. '99. Ek. 170 þ. Góður vinnubíll, nýskoðaður. V. 850 þ. eða yfirtaka + vsk. Mán.gr. eru ca. 23 þ. Uppl. í s. 895 8519. Pétur.

## 0-250 þús.

Renault Megan Cl. árg. '98, ek. 162 þ. Góður skólabíll. v. 180þ. Uppl. 8204595

Toyota Corolla Touring.árg96.Þarfnast smá lagfæringar. Góður bíll s.8944327

Toyota Touring árg.' 95 nýsk., litur þokkalega út. Uppl. í s. 847 2138.

## 250-499 þús.



Ford Focus Ambiente 1400 árg 2000 Ek.101Þ beinsk verð yfirtaka á láni 380Þ s:8434412

Til sölu Hyunday Elantra 2,0L árg 2003 ekinn aðeins 72,000KM mjög góður bíll, 2 eigendur. Verð 550.000 Visa raðgreiðslur í boði upplýsingar í síma 898-3888.

Til sölu nýsk. bíll árg. '00 eyðir 9L/100 km. Verð 250 þ. Uppl. í s. 848 5280.

## 500-999 þús.



W Passat árg.2000. Skoðaður '09, ekinn 118 þ. Mjög vel með farinn, beinskiptur, ný tímareim ofl. Verð 750 þús. Upplýs. í síma 869 5507

## 2 milljónir +



Honda Accord 2008 módel ekinn aðeins 11 þús km. til sölu filmur,krómfelgur,ný sumar og vetradekk fylgja með. verð 2,8 endilega gerið samt tilboð hlusta á allt. ÁHVL S:6639667

## Bílar óskast

Óska eftir bíl ekki eldri en 1998. Fyrir 20 til 150 þúsund. Margt kemur til greina. S. 895 2811.

Óska eftir ódýrum bíl sem farfnast viðgerðar, má vera ónýtur á verðbilinu 0-100 þús. Uppl. hosier@visir.is

Óska eftir smábíl eða jeppling á 0-150 þús., ekki eldri enn '98 árgerð, helst skoð. '09, enn má þarfnast smá lagfæringar. S. 841 8955.

## Jeppar



KIA EX Sorento árg. 06 Luxury, ekinn 47 þús. km . sjálfskiptur, leður cruise control einn með öllu. Gott verð. s. 8941871.



Til sölu Hummer H2 nýskr 2008 ekin 15þ, leður 7 manna, cromepakki, Verð aðeins 8.400 þús, uppl í s 892 5005



Til sölu Isuzu Trooper TDI, árg 2000, 7manna, sjálfskiptur, ekin 160þ, ný dekk, bremsur, ofl, gott eintak, áhv 900þ, verð 1150þ uppl í s 892 1116



Til sölu Lincoln Navigator Ultimatum, árg 2005, ekin 54þkm, einn með öllu, verð 5.600þ uppl í s 892 1116



Til sölu Range Rover Vouge, árg 2003, ekinn 102þ, einn með öllu, mjög vel með farinn, verð 5.4 millj, uppl í s 892 1116

Til sölu. Nissan Patrol árg 02- 44" dekk ekinn ca 160.000 þ Upplýsingar 8603804

Nissan Terrano ll. 2,7 dísel. árg'99. 33"breyttur. ssk. ekinn 133 þús. Bíl í toppstandi. uppl. 6949984

## Sendibílar



**Sendi - húsbílaefni**

LDV. Maxus. (breskur) árg.'06. Ek. 49 þús. Sk.'09. Verð 1,6 m. S. 868 8565.



Renault Master langur árg. 25 júl. '07. Ek. 23þ. Litaðar rúður í hurðum, olíumistöð, burðarálfelgur, naglad. á felg. Eins & nýr. Verð 3750 þ. Engin skipti. S. 894 0426.

## Vörubílar

Til sölu Volvo FH 16 660 2007 ek. ca. 50þ. ásamt Langendorf malarvagni og frystivagni. Uppl. í s. 892 9673.



Til sölu Scania 113 árg. '90 með Phalfinger 55TM+Jibb. Pallur lengjanlegur um 9 m. Gul nr. Verð 4,2 áhv. 3 mil. S. 896 0399.



Langendorf árgerð 2007 gleiðöxla með rafmagnsyfirbreiðslu er með erlendu láni skoða skifti á vinnuvél Sími:8665156

## Mótorhjól



1999 Kawasaki KE100, on/off road, keyrt 1.900 km, topp standi, hjálmur fylgir. 150 þús. 820-4298



Til sölu Honda VTX 1300S '07. Ekið 3700 km. Sissybar fylgir. Mjög fallegt hjól Upplýsingar í síma 693-2910, Óli.



Kawazaki 250F árg. 2008 lítið sem ekkert notað til sölu. Uppl. í síma 697 7248 eftir kl. 15.00 Kristján.



Til sölu Honda Valkyrie Rune árg 2005, 6cyl 1832cc, ekið 2400km, einstakt hjól aðeins 1200 hjól framleidd, uppl í s: 892 1116



Til sölu Honda CBR 1000, nýtt óekið hjól, verð aðeins 1090þ, uppl í s 892 5005

## Kerrur



Til sölu bílakerra árg 2004, burðargeta 3500kg , lítið notuð, verð 680þ uppl í s: 892 1116

## Hjólhýsi



Fendt Diamant VIP 620 tf. árg. '07. Glæsilegt lúxushús hlaðið aukabúnaði, markisa 5 metra, sólarsella 135W, auka rafgeymir, 17" flatsjónvarp m/DVD, grjótgrind, bakkmyndavél, loftræsting (hiti og kæling) ofl, ofl. Lítið notað. Kostar nýtt 5,5. Fæst á yfirtöku 3,5. Uppl. í síma 865 2200.

## Fellihýsi

**Tilboð**

Til sölu Palomino Filly 12 fet árg. '00 selst á aðeins 390 þ. stgr. S. 896 0399.

## Tjaldvagnar

Ægisvagn árg. 2004 í toppstandi. Fortjald fylgir. Kostakaup kr. 350 þúsund. uppl. í síma 8600662 Einar

## Vinnuvélar

Til sölu grjótkló og 2 skt. krabbar á krana selst allt saman á 100þ. S. 896 0399.

Óska eftir Vörubílskrana 20-25 tonn metra. Uppl. í s. 892 2693.

## Bátar

**Skemmtibátar**

Bóklegur hluti í fjarnámi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, SIG102, SIR102, STL102 og SIT102. Stefnt er á verklegt próf víðsvegar um land í samráði við nemendur. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 4708070 Umsóknafrestur til 15.september 2008 og hefst kennsla 22.september.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Atilö
Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif ★ Hreingerningar
Teppahreinsun ★ Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
★★★★★
Létt viðhald á eignum
fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Tökum garðinn í gegn!
Golfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Regluleg ræstingar í sameignum
og fyrirtækjum
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti



Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi

**JP Verk ehf.**

Hellulögn, sólpallar og önnur garðvinna. Sími 822 9653.

Fellum tré og fjarlægjum. Ódýr og góð þjónustu. Uppl. í s. 821 3182.

**Haustklippingar runna**

Garðsláttur, alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

ATOZ

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar, bókhaldsþjónusta, samningar við lánardrottna, viðskiptaáætlanir, samningagerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

## Til sölu



**Lexus IS200**
Limited (135533)

5/2004, bensín, ssk, ekinn 97 þús km, spoilerkit, leður, xenon, litað gler, ofl... Virkilega flottur bíll. Ásett verð 2.350 þús. Áhvílandi 1.700 þús. Skoða skipti. **Nánari uppl í síma 664-8004 og 480-8000.**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



Opel Astra OPC 9/2006 ekinn 34þús km Ásett
**verð 2.450 Tilboð 2.150**
**leður 18" álfelgur**



Opel Astra Station 2/2006 ekinn 24þús km bsk
**Ásett verð 1.790**
**Tilboð 1.390**



Hyundai Getz GL 3/2007 ekinn 14þús km bsk
**Ásett verð 1.530**



Renault Clio 10/2006 ekinn 10þús km bsk
**Ásett verð 1.750**
**ákv 800**



M.Benz E200 Kompressor 1/2007 ekinn 33þús km ssk
**Ásett verð 3.990**
**Topplúga**



Volvo V50 1,8 9/2005 ekinn 28þús km bsk
**Ásett verð 2.490**



Subaru Legacy Wagon 2/2004 ekin 78þús km ssk
**Ásett verð 1.890**
**Ákv. 1.000**



MMC Outlander 5/2006 ekin 21þús km ssk
**Ásett verð 2.640**
**Ákv. 2.100**

**Vantar nýlega bíla á staðinn myndavélaeftirlits-kerfi á svæðinu.**

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**INTENSIVE ICELANDIC I-IV**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 18/8, 15/9, 13/10. Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 18/8, 6/10. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 23/9, Level IV: 10 weeks; sat/sun 10-11:30 start: 27/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




Píanó til sölu Steinbach Maghony mjög vel með farið. Sími 565 2508 & 661 6700.

## Antík



Ýmislegt skondið og skemmtilegt í búðinni okkar ! Langur lau. 6. sept. www.maddomurnar.com

## Dýrahald



Til sölu hreinræktaðir Beagle-hvolpar. Veiði- og fjölskylduhundar. Afh. e. miðjan sept. S:8955055/8469408

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Fyrir veiðimenn

LAXAMAÐKAR TIL SÖLU. 35 KR. STK. SÍMI 562 5013 & 866 8112.



**Sjóstöng- Sjóstöng!**
Fyrirtæki,starfsmannafélög nú er tíminn að skella sér í veiði. Ísafold er eitt besta skipið fyrir stærri hópa í sjóstöng. Leitið tilboða og skoðið einnig síðuna okkar www.sjavarferdir.is Frábær skemmtun fyrir alla konur sem karla. Sjávarferðir - Ísafold s. 861 6062 & 861 5828.

## Ýmislegt

Þythokkíborð. Stærð: 2,15x 1,10 m. Verð kr. 10,000 Uppl. í s:5874525 e. kl. 17

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Herbergi í 101!**
**Til leigu 2 fullbúin herbergi í 101 m/aðgangi að eldhúsi og baði, laus strax í allan vetur Frábært fyrir einstaklinga eða pör, á besta stað í bænum! Upplýsingar í síma 661 7015 og 690 0760.**

72 fm, 2ja fermetra íbúð til sölu á besta stað í Hafnarfirði. Sér inngangur með palli og sér garði. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla, tilvalið fyrir skólafólk, par, fyrirtæki - gæludýr velkomin. Upplýsingar í síma 6951676

**Free rent in September**
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

**Opnunartilboð**
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

**Íbúð til leigu**
Kósý 60fm íbúð á svæði 108 til leigu og laus strax. Leiga 125þ á mán. uppl í síma 898 1276.

**ÍBÚÐIR TIL LEIGU Í KAUPMANNAHÖFN**
Lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða arnar@stracta.com

10 ferm.kjallara herbergi í 108Rvk. Snyrtilegt og bjart með sameiginlegan aðgang að baðherbergi með sturtu. Laust 1.sept. S. 588 4106.

3. herb. íbúð 112 fm. í Hafnarf. til leigu frá 6. sept. Leiguv. 140 þús. á mán. Uppl. í s. 898 1037.

Tæplega 160fm glæsileg íbúð til leigu 4-5 herb. á svæði 110. Leigist reglusömu fólki á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 822 8558 & 699 6617.

101 Reyjavík - Meðleigjandi óskast! Íbúð á rólegum stað í Vestubæ. Herb. með sérinngang. Leiga 62þ. S. 849 9595 & 857 7275.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 45 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

2 manna herb. m. svölum í Álftamýri til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 899 6876 e. kl. 16.

Leigjendur óskast í sjarmerandi 70m2 3ja herbergja íbúð í hverfi 108. Leiga 120þús. Íbúðin leigist til maí/júní eftir samkomulagi. Kristín: 8485838

Raðhús í Seljahverfi til leigu. 4-5 svefnherb., einhver húsgögn geta fylgt. Aðeins reglusamir og ábyrgir aðilar koma til greina. Leiguverð er 220 þús. laust 24. sept. leigist til 1. júní 2009. Nánari uppl. í síma 856-2018

Engihjalli, 4ja herb. björt 97fm. íbúð til langtímaleigu. verð 145þús. hússjóður, hiti innif. einhver húsgögn geta fylgt. uppl. í síma 8991129 og 5612129 e.kl. 16

room for rent (105), laundry,all bills plus internet included 6622993 after 5

Til leigu snyrtileg stúdíóíbúð í góðu hverfi í Grafarvogi. Aðgangur að þvottahúsi m. þvottavél og þurrkara. S. 893 6814.

3-4 herb íbúð á 3hæð í 107 til leigu. 90fm. Laus. Leiguv 145 þús. á mánuði. 2 mánuðir fyrirfram. Uppl. í s. 860 4971.

Lúxus íbúð í 101 til leigu í lengri eða skemmri tíma. M/ öllum húsbúnaði. S. 841 8446.

**Lítið herbergi**
Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441. e.kl 10.

4. herb. íbúð (121 fm) í Grafarholti til leigu f.o.m. 15. sept. Uppl. í s. 824 0807. Leiga 150.000.

Glæsileg 3ja herb. íbúð í Grafarholti. Leigutími, 6 mán., með húsgögn. Mánuður fyrirfr. og tryggingav. Uppl. í s. 562 5410.

Björt og falleg 4 herb. á jarðhæð + bílastæði í bílskýli. 165þús. S. 695 3881 / kroyer66@gmail.com

Herb. til leigu í Stórholti. Uppl. í s. 899 3749.

Til leigu 2 & 3 herb. íbúðir í 6 íbúða húsi í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 & leigufelagid@verkvik.is

Snotur 90 fm (3-4 herb.) íbúð til leigu í miðbænum. Verð 165þ. á mán. Nánari uppl. í s. 693 1836 eftir kl. 18.

Til leigu stúdíóíbúð í Selbrekku, 200 Kóp. Sérinngangur, ca. 22 fm. Verð 70 þús pr mán. Uppl. í s. 699 5552.

**1 og 2 manna**
Herbergi við lokastíg 101 Reykjavík, aðgangur að eldhúsi og þvottavél. Langtíma leiga 45.000. til 70.000. á mánuði 2 mánuðir fyrirfram. Sími 861 4142 kl 8.oo til 16.oo en ekki á öðrum tímum

## Húsnæði óskast

Mæðgur með lítið barn vantar 2-3 herb. íbúð. Greiðslugeta 80-120þús., eru með gæludýr. S. 552 6831.

Óska eftir 2-4 herb. íbúð með húsg., skammtímaleiga 3-6 mán. Greiðslugeta 150 þ. S. 896 3806.

46 ára karlmaður óskar eftir herbergi til leigu í RVK. sími 6928320.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdío íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

Skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði, 30-90 fm, til leigu. Uppl. í s. 552 5354.

Erum ljósastofa á Grensásvegi 16 með 40 fm. auka sér rími sem við viljum leigja út. Helst í eitthvað sem tengist snyrtingu. T.d. nöglum eða eitthvað álíka. Áhugasamir hafi samband í s. 690 5484 Jón.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

## Gisting

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

**Spánn**
3 herb. íbúð á Torrevieja svæðinu, hagstæð langtímaleiga. S. 820 7701.

## Til leigu

# Íbúð til leigu

Björt og snyrtileg 2ja herb. íbúð í tvíbýli á góðum stað í **Vesturbæ Rvk.** til leigu. Hentar vel fyrir einstakling, par eða par m/ungt barn. Leigist með húsgögnum og húsbúnaði.

**Nánari upplýsingar í síma: 891-9568**

## Fundir / Mannfagnaður

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

# Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður í kvöld miðvikudaginn 3. september, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Fundarsalur er Setrið.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Stefán Ólafsson prófessor halda erindi um aðstæður gigtarfólks á Norðulöndum. Hann mun ræða niðursöður nýrrar könnunar sem hann vann fyrir Norræna gigtarráðið sem nefnist; Félagslegur og persónulegur kostnaður við liðbólgur og gigtarsjúkdóma.

**Allir eru velkomnir**

**Gigtarfélag Íslands**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast á bar um helgar.**
**Upplýsingar í síma 869 5037 & 899 3258.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun - Um er að ræða hentugan vinnutíma í hlutastarf. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Ánanaust 15 & Eddufelli 6 eða í síma 581 1515.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
**Óskar eftir starfsmönnum í verslun nú þegar. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur.**
**Umsóknir sendist á fjardarbakari@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445, Sjöfn. Halldór s. 895 7355 eða Bragi s. 862 9363.**

**Smiðir**
**Óskum eftir smiðum. Mjög mikil vinna framundan.**
**Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni á síma við móttöku pantana alla virka daga frá 09-17.**
**Upplýsingar í síma 617 2929 og á www.keiluhollin.is**

## Atvinna

# Okkur vantar fleiri vinnufélaga!

Okkur vantar: **VAKTSTJÓRA.**
Hressa og metnaðarfulla
Okkur vantar: **BARÞJÓNA.**
Sem kunna að blanda flotta kokkteila
Okkur vantar: **ÞJÓNUSTUFÓLK Í SAL.**
Sem hefur gaman af fólki
Okkur vantar: **ÞJÓNUSTUFÓLK Í MORGUNVERÐ.**
Morgunhanar
Okkur vantar: **HREINGERNINGAR FÓLK.**
Morgun Frá kl 04-07

# We need more people in our team!

We need: **SHIFT MANAGER.** Cheerful and ambitious
We need: **BAR TENDERS.** Must know how to mix long-drink cocktails
We need: **WAITERS IN RESTAURANT.** Must like people
We need: **WAITERS. BREAKFAST.** Early bird
We need: **CLEANERS.** Morning

**Upplýsingar í síma 897 6694 eða 822 3313**
**For information, call 897 6694 or 822 3313**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Kennari
## í nýbúadeild Austurbæjarskóla

**Kennari óskast í nýbúadeild Austurbæjarskóla til að kenna nemendum frá Litháen.**

Um er að ræða kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og kennslu í litháísku sem móðurmáli.

**Umsóknarfrestur er til 30. september.**

Upplýsingar veitir Guðmundur Sighvatsson skólastjóri, netfang: skolastjori@austurbaejarskoli.is, sími 411 7200.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Dyraverðir óskast. Mikil vinna í boði fyrir rétta aðilann. Uppl. í s. 821 8500 Arnar eða 820 5888 Logi og á arnar@cafeoliver.is

**Atvinna Atvinna**
**Deildastjóri barnadeildar óskast til starfa í Rúmfatalagernum Smáratorgi.**
**Upplýsingar gefur Njáll í síma 820 8004 eða á staðnum.**
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi**

**Atvinna Atvinna**
**Óskum eftir fólki í húsgagnadeild í nýja verslun okkar að Korputorgi.**
**Upplýsingar gefur Ómar í síma 820 8015 eða omar@rfl.is**
**Rúmfatalagerinn Korputorgi**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**Atvinna í boði**
**Óskum eftir rösku og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa við áfyllingu, afgreiðslu í kjötborði og kassaafgreiðslu. Um er að ræða heilsdagsstörf virka daga og/eða vaktavinnu.**
**Frekari upplýsingar gefur verslunarstjóri í síma 551 0224 eða í versluninni. Melabúðin, Hagamel 39. melabudin@thinverslun.is**

**Óskum eftir rafvirkjum og verkamönnum**
**Óskum eftir rafvirkjum og verkamönnum í fjölbreytilega vinnu.**
**Sigurtak@internet.is**

**Poszukujemy pracowników powyzes 25 lat. Z doswiadczeniem drzy.**
**-Panele**
**-Beton**
**-Gegips**
**Numer Kontaktowy: 868 2487.**

**Hefur þú metnað og áhuga til að veita góða þjónustu?**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfólki í sal. Starfmenn Pizza Hut fá alþjóðlega þjálfun sem byggir á þjónustugleði, gæðum og áreiðanleika. Vilt þú koma í Pizza Hut liðið? Lágmarksaldur er 18 ára, Góð tök á íslensku er skilyrði . Umsóknir sendist á www.pizzahut.is . Allar nánari upplýsingar veitir Abdhul veitingastjóri í Smáralind í síma 6929759.

**Vaktstjóri á Pizza Hu**
Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Vaktstjórar Pizza Hut fá alþjóðlega stjórnunarþjálfun. Hæfniskröfur: Reynsla af þjónustu og stjórnun, þjónustulund, samviskusemi, og hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Allar nánari upplýsingar veitir Leó veitingastjóri á Nordica í síma 865-9691

**American Style Hafnafirði, Nýbýlavegi og Tryggvagötu, fullt starf**
Fólki líður vel í vinnu hjá okkur! Í boði er vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Á tímum kreppunnar er þetta öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Góð íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Blend leitar að stundvísum og metnaðarfullum starfsmönnum. Full störf og hlutastörf í boði. Uppl. veitir Unnur í kringlunni unnur@blend.is og Stefán í smáralind 660 1758

1. vélstjóra vantar á 29 tonna dragnótabát sem rær frá Vestfjörðum, vélastærð 328 KW. Uppl. í s. 852 777 & 892 3877.

**Sandholt Laugavegi og Hverafold**
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. sem fyrst. Uppl. í s. 897 0350 Stefán.

Óska eftir mönnum vönum múrviðgerðun inni og úti. Uppl. í s. 698 6738.

Vantar starfsfólk um helgar og eftir kl. 15 á virkum dögum. S. 555 6565 / stjornustelpur.is

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað sem first. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 892 5522.

Reddarinn óskar eftir málurum, smiðum, múrurum, rafvirkjum og pipurum. Óskum einnig eftir handlögnum aðlum i alhliða verkefni. Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á reddarinn@reddarinn.is

**Grillhúsið**
Óskar eftir þjónum á hádegisvaktir og einnig þjónum í hlutastarf á kvöldin og um helgar.íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við Lindu í s. 697 6797 eða 562 3456.

**Verkfag ehf.**
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach. Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
Auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á dagvakt. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Reyndur vef og windows forritari óskar eftir starfi við forritun. Uppl. í s. 8968202. Sigurjón.

Verktaki getur bætt við sig verkefnum. Vinnur meðal annars með gips veggi. Gott verð! S. 821 8310.

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## Fasteignir



**Bóas**
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind










Verið velkomin á sölusýningu í dag

**Hörðukór 3**

**90% LÁN - EKKERT UPPGREIÐSLUGJALD**

- Glæsilegt útsýni
- Stutt í alla þjónustu
- Parket í "Gulllínunni" frá Harðviðarval fylgir öllum íbúðum
- Innréttingar frá HTH

**Sjá nánari upplýsingar á www.hordukor.is**

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

## Fasteignir



Helgi Svavar Leifur Ingólfur Örn Hrafnhildur

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**

Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



## Kvistavellir 26-32. Verð frá 31,2 millj.

Um er að ræða staðsteypt tveggja hæða raðhús samtals 217,6 m/2. Brúttó. 1 hæð 110,7 m/2 þar af bílsakúr 29,3 m/2. 2 hæð 106,9 m/2. Svalir 7,2 m/2. Inngangur er á 1 hæð. Á 1 hæð er forstofa, eldhús, stofa, gestabaðherbergi ásamt bílskúr og geymslu með hurð út í garð. Á 2 hæð er hjónaherbergi ásamt þremur barnaherbergjum, sjónvarpshol, þvottaherbergi og baðherbergi. Gengið er út á svalir úr sjónvarpsholi. **Eignirnar skilast fullbúnar að utan með grófjafnaðri lóð og fokheldar að innan.**



## Kvistavellir 51-53. Verð : 29,5millj.

Gullfallegt raðhús á einni hæð 187 fm. að stærð sem skiptist í 160,2 fm. íbúð ásamt innbyggðum 26,9 fm. bílskúr. Húsið er staðsteypt einangrað að utan og klætt með dökkri liggjandi báruklæðningu. Húsið skilast fullbúið að utan, lóð grófjöfnuð og fokhelt að innan.

**Nánari upplýsingar veitir Ingólfur í síma 8937806 eða ingolfur@101.is**



## Sifjarbrunnur 18-24. Verð frá : 35millj.

Glæsilegt raðhús í byggingu við Sifjarbrunn í Úlfarfellslandi, Reykjavík.
Um er að ræða raðhús á tveimur hæðum byggð úr steyptum einingum.
Húsið er 212,7 fm. að stærð með innbyggðum ca 27 fm. bílskúr.
**Teikningar liggja fyrir á skrifstofu.**

tala um einhvers konar nýsköpunar- og endurreisnaráætlun sem við eigum að leggja niður fyrir okkur. Við eigum að setja okkur markmið og leggja niður í áætlun áfangaskiptar aðgerðir sem við ætlum að fara í næstu mánuði og misseri og skapa þannig stemningu í samfélaginu og trú á framtíðina. Ég segi náttúrlega, hvað er þetta? Ætlum við, núverandi kynslóð í landinu, með alla okkar möguleika og burði til að takast á við hlutina, að láta það um okkur spyrjast að við glutrum þessu niður? Að við klúðrum þessu? Að við glötum ávinningum af þrotlausri uppbyggingu íslensks velferðarsamfélags alla 20. öld? Nei, það bara getur ekki verið.“

**SEÐLABANKINN LÆKKI VEXTI**

Valgerður segir að nú þegar stefni í mikla erfiðleika á vinnumarkaði. Þegar hafi vel á annað þúsund manns misst vinnuna í hópuppsögnum og margir fleiri í öðrum uppsögnum. „Það getur ekki verið að Seðlabankinn eigi að gera það eitt að einblína á verðbólgutölur, en taka ekkert mark á öðru sem er að gerast jafnhliða í þjóðfélaginu,“ segir Valgerður og vísar til stöðu fjölmargra heimila. „Ég tel að Seðlabankinn verði að hefja þetta vaxtalækkunarferli. Ég er ekki endilega að meina í stórum stíl. En hann þarf að sýna að það sé verið að horfa á heildarmyndina.“

Valgerður segir hins vegar að stærsta verkefnið sé að ná upp hagvexti. Spár geri ráð fyrir því, segir Valgerður, að meðal OECD-ríkja verði hagvöxtur minnstur hér á landi á þessu ári og hinu næsta. Spárnar geri ráð fyrir mun meiri hagvexti í löndum eins og Lúxemborg og Sviss, svo minnkandi hagvöxtur verði augljóslega ekki rakinn til fjármálamarkaðarins eingöngu.

**NÝTA ÞARF ORKUAUÐLINDIRNAR**

„Það er atvinnustefna eða réttara sagt atvinnuleysisstefna Samfylkingarinnar sem ræður för, og Sjálfstæðisflokkurinn eltir. Ég er auðvitað sérstaklega að tala um nýtingu orkuauðlinda, til uppbyggingar atvinnulífs. Og þessar framkvæmdir, bæði fyrir norðan og í Helguvík eru settar í óvissu með stjórnvaldsaðgerðum. Sérstaklega fyrir norðan með þessu heildstæða umhverfismati, með úrskurði umhverfisráðherra, sem er á skjön við þá fagstofnun sem hefur með þetta mál að gera. Það er augljóst að þetta þýðir frestun.“

Valgerður nefnir einnig loftslagsmálin og gagnrýnir að ekki sé reynt að fá sérstöðu landsins viðurkennda. „Það er ekki hægt að halda því fram að við séum að auka vandann ef við lítum á þetta hnattrænt, því við notum endurnýjanlega orku til þessarar uppbygginga. Og ég held að þetta sé eitt mikilvægasta atriðið sem við getum bent á við þessar aðstæður.“

**EVRAN TIL LENGRI TÍMA**

Valgerður segir að til lengri tíma verði að líta á gjaldmiðilsmálin. „Eigum við framtíð með þessa sjálfstæðu mynt og utan Evrópusambandsins, þegar horft er til lengri tíma? Það er spurning sem allir ábyrgir stjórnmálaflokkar þurfa að ígrunda en því miður virðast sumir flokkanna reyna að tefja fyrir því að þessi grasrótarumræða fari fram og þvæla hana út og suður.“

Valgerður rifjar upp að fyrir um tveimur og hálfu ári setti hún fram hugmynd um að lagalega væri ekkert sem kæmi í veg fyrir upptöku evrunnar án aðildar að Evrópusambandinu. „Mér finnst að aðrir hafi farið illa með þennan tíma, því menn hefðu getað unnið í málinu. Og ef menn telja að það sé ekki komið endanlegt svar, þá hefði það getað legið fyrir miklu miklu fyrr. Því er það bara broslegt að dómsmálaráðherra skuli koma fram með þessa skoðun núna og telja þetta órannsakað. Nú eigi svo eftir að fá úr því skorið hvort þetta sé hægt,“ segir Valgerður.

**SVARIÐ ER LÖNGU KOMIÐ**

Hún segist þó hafa glaðst þegar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti hugmyndina fram að nýju. „Því mér finnst í því felast viðurkenning hjá honum, sem er nú áhrifamaður í Sjálfstæðisflokknum, að vafi leiki á því að íslenska krónan geti þjónað okkur til framtíðar.“ Slíkt beri vott um raunsæi og því hafi hún tekið vel í málið og talið að nú myndi forsætisráðherra bera það upp við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Nú standi hins vegar til að nefnd, sem virðist hafa lítið hlutverk, eigi eftir að ræða þetta við lægra setta í Brussel. „Ég efast nú um að sú nefnd fái viðtöl við æðstu menn. Að því leyti til þá er þetta bara tómur vandræðagangur. Maður bara hálfskammast sín fyrir að Ísland ætli að koma fram með þeim hætti gagnvart Evrópusambandinu. Svo er þetta þversögn í málflutningi Björns [Bjarnasonar] og sjálfstæðismanna þegar þeir halda því stöðugt fram að það sé ekki hægt að semja við Evrópusambandið um sjávarútvegsmálin. Það er bara ákveðið fyrirfram að það sé ekki hægt. En í öðrum tilvikum, eins og með upptöku evrunnar, láta þeir eins og það sé bara hægt að semja um það sem sagt var þegar fyrir tveimur og hálfu ári að væri ekki hægt.“

Nú virðist eiga að þvæla málið í nefndinni til að koma í veg fyrir opinbera umræðu. „Ég tel að það sé verið að eyða kröftunum, vinna tíma og dreifa umræðunni,“ segir Valgerður, sem telur að svarið við spurningunni um einhliða upptöku evru hafi þegar verið svarað neitandi.

**VERKEFNIÐ FRAM UNDAN**

Steingrímur á síðasta orðið. „Það er auðvitað ekki hægt að takast á við þennan vanda öðruvísi en að greina hann og skilja orsakir hans. Að því leytinu verða menn að vera menn til að líta til baka og viðurkenna mistök, en síðan látum við þau liggja milli hluta. Sökudólgar frá liðnum tíma breyta engu um verkefnið sem fram undan er, sem er að sameina kraftana og snúa sér að því að sigrast á erfiðleikunum. Þar bjóðum við okkur fram. Við erum tilbúin til að axla ábyrgð. Vinstri græn eru tilbúin til þess að taka þá pólitíska áhættu að leggja tillögur okkar í púkk og koma með í verkefnið, og mér sýnist, satt best að segja, ekki veita af.“


# Óslitin sigurganga

## – Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar




Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent




* Meðallestur 18–49 ára – allt landið

**Auglýsendur athugið!**

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?




Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

## Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir. Í stærsta neysluhópnum, 18–49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí–júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vilja menn ekki horfast í augu við raunveruleikann?

# *Hvað er kreppa?*

**Björn Ingi Hrafnsson**

„Við eigum við ákveðna erfiðleika að etja í okkar efnahagsmálum, en þó má ekki tala eins og það sé kreppa í landinu," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, í viðtali við Viðskiptablaðið í fyrri viku. Þau ummæli hafa talsvert verið gagnrýnd og tekin sem dæmi um að leiðtogar þjóðarinnar séu fastir í sínum fílabeinsturni og annaðhvort átti sig ekki á raunverulegu ástandi í samfélaginu eða neiti hreinlega að horfast í augu við stöðuna eins og hún er.

Auðvitað er ástæðulaust að mála skrattann á vegginn, eins og formaður Samtaka atvinnulífsins bendir réttilega á í grein í Markaðnum í dag. En að sama skapi er með öllu ástæðulaust að viðurkenna ekki að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf glímir nú við einhverja mestu erfiðleika í manna minnum. Í Bandaríkjunum hefur lánsfjárkreppunni verið líkt við þann eiginfjárbruna sem varð við hrunið í kauphöllinni á Wall Street 1929. Í Bretlandi segir fjármálaráðherrann að við blasi mesta efnahagslægð í sextíu ár. Í þessu ljósi ætti mörgum að þykja fengur í hinni bjartsýnu yfirlýsingu utanríkisráðherrans, eða hvað?

„Í grunninn í þessu vaxtastigi sem er núna og með þessa verðbólgu þá er, leyfi ég mér að segja, nánast allur rekstur verðlaus." Svo mælti Bjarni Benediktsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og stjórnarformaður N1, í Ríkisútvarpinu um liðna helgi. „Það er ekkert vit í að fara út í neinn rekstur af nokkru tagi. Það er langbest ef þú átt pening að geyma hann og gera ekkert við hann og reyna að ávaxta hann," sagði þingmaðurinn enn fremur og bætti við: „Þetta eru svo augljós sannindi að rekstrarumhverfið er skelfilegt í dag. Það er það."

Ætla mætti að yfirlýsingar þessara tveggja fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna eigi alls ekki við um sama landið eða sama efnahagsástandið, svo ólíkar eru þær. Annars vegar er engin kreppa og má ekki tala þannig, en hins vegar er rekstrarumhverfið hreinlega skelfilegt og allur rekstur verðlaus, hvorki meira né minna.

Markaðurinn hefur á undanförnum vikum rætt við fjölmarga stjórnmálamenn um ástand og horfur í efnahagsmálunum og hafa þau viðtöl vakið mikla athygli. Þau Illugi Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Árni Páll Árnason, Geir H. Haarde og nú Valgerður Sverrisdóttir og Steingrímur J. Sigfússon hafa lýst sinni sýn á ástand mála og komið fram með tillögur um hvað mætti betur fara. Þótt áherslur í þeim málflutningi hafi verið ólíkar frá einum stjórnmálamanni til annars og tillögurnar margvíslegar, var þó einkennandi að allir töldu þeir mikilvægt að viðurkenna vandann og að ákveðin hagstjórnarmistök hefðu verið gerð. Slík viðurkenning á veruleika máls væri beinlínis forsenda þess að bregðast mætti við með skynsamlegum hætti.

Á þessum vettvangi hefur margsinnis verið varað við aðsteðjandi vanda á undanförnum mánuðum. Sama hafa margir aðrir gert, til dæmis forsvarsmenn atvinnulífsins og launþegahreyfingarinnar. Á fyrstu haustdögum er niðursveiflunnar þegar tekið að gæta í formi hópuppsagna, gjaldþrota fyrirtækja og aukinna vanskila einstaklinga. Verðbólgan hækkar áfram, verðlag er á fleygiferð og krónan enn sem fyrr á valdi spákaupmanna sem skeyta lítt eða ekkert um þjóðarhag.

Fyrir þá sem reka fyrirtæki við þessar aðstæður er tilgangslítið að halda því fram að hér sé engin kreppa. Sama á við um þá sem nýlega hafa misst vinnuna eða geta ekki staðið skil á fjárskuldbindingum sem hafa hækkað um tugi prósenta vegna hækkunar vísitölu eða gengisfalls krónunnar. Þessir aðilar kalla eftir skýrum svörum og raunverulegum tillögum. Þeir krefjast þess að horft sé lengra fram á veg og komið með raunveruleg svör við aðkallandi spurningum.

Og þau svör mættu gjarnan koma fram strax og áður en það er orðið of seint.

bjorn.ingi@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is




# Íslenska efnahagsundrið er engin bóla

ORÐ Í BELG



**Þór Sigfússon**
formaður Samtaka atvinnulífsins

Í síðustu viku var haldinn hér í Reykjavík fundur formanna samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum. Þar var meðal annars gerður samanburður á framtíðarhorfum milli OECD-landa sem unninn hafði verið af frændum okkar á hinum Norðurlöndunum. Þar kom skýrt fram að Ísland er í forystu í Evrópu á sviðum sem talin eru skipta miklu máli þegar horft er til framtíðarhorfa og langtímahagvaxtar. Í þeim samanburði kemur styrkur Íslandsvélarinnar vel fram. Nauðsynlegt er að rifja hann upp nú þegar svo virðist sem við séum sjálf farin að trúa því að íslenska efnahagsundrið hafi verið bóla.

Fram kom að Íslendingar eru með hæstu fæðingartíðni á Norðurlöndum árið 2007. Það þýðir með öðrum orðum að hlutfall vinnandi fólks af heildaríbúafjölda verður áfram hærra hér en annars staðar á næstu áratugum. Reiknað er með að á Íslandi og í Noregi verði hlutfallsleg fjölgun í hópi vinnandi fólks en hlutfallsleg fækkun verði á hinn bóginn í fjölmörgum Evrópulöndum. Hlutfallslega fáir Íslendingar sem eru á aldrinum 16-66 ára eru á bótum frá hinu opinbera og mun færri en á hinum Norðurlöndunum.

Þá kom fram að í flestum löndum OECD ríkjanna er lögð áhersla á að auka atvinnuþátttöku fólks og fjölga vinnustundum. Flest viðmið til næstu ára og áratuga hjá OECD ríkjum þykja róttæk en þau liggja nær öll undir núverandi hagtölum frá Íslandi. Atvinnuþátttaka eldri starfsmanna, 60-74 ára, er hærri á Íslandi en í nokkru öðru landi OECD.

**„Það er orðið einkennilegt þegar það þarf útlendinga, sem eru að skoða ýmsar framtíðarhorfur landsins, til að auka manni þrótt í þeim bölmóð sem nú ríður húsum. Í nýlegri skýrslu Alþjóðabankans sagði að íslenska hagkerfið standi „á erfiðum og óvissum tímamótum en langtímahorfur í íslenska hagkerfisins eru öfundsverðar".**

Þá er íslenska skattkerfið talið hvetja fólk og fyrirtæki til vinnu og athafna en skattkerfi marga landa eru fjarri því að hafa þau einkenni.

Það er ekki síst þegar horft er til nýrrar kynslóðar sem við getum litið bjartsýn fram á veginn. Atvinnuleysi meðal ungs fólks hefur verið lítið sem ekkert um áratugaskeið á meðan atvinnuleysi á meðal ungs fólks á sumum hinna Norðurlandanna hefur verið yfir 15 og 20% um árabil. Hérlendis er einnig algengara að ungt fólk stofni fyrirtæki.

Það er orðið einkennilegt þegar það þarf útlendinga, sem eru að skoða ýmsar framtíðarhorfur landsins, til að auka manni þrótt í þeim bölmóð sem nú ríður húsum. Í nýlegri skýrslu Alþjóðabankans sagði að íslenska hagkerfið standi „á erfiðum og óvissum tímamótum en langtímahorfur í íslenska hagkerfisins eru öfundsverðar".

Þrátt fyrir mjög alvarlega stöðu í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir þá megum við ekki gleyma því að íslenska efnahagsundrið er engin bóla og ef við stöndum rétt að málum þá er Ísland land tækifæranna og horft verður til Íslands um fyrirmyndir á næstu árum og áratugum.



**Börn að leik.** Íslendingar eru með hæstu fæðingartíðni á Norðurlöndum.

ORÐSKÝRINGIN

# Uppboðsskuldabréf



Uppboðsskuldabréf, stundum kölluð ARS-skuldabréf (Auction Rate Securities), eru tegund langtímaskuldabréfa með breytilegum vöxtum. Vextirnir eru ákvarðaðir, líkt og nafnið bendir til, á uppboðum sem haldin eru á 7, 28 eða 35 daga fresti, sem gerir það að verkum að verðmyndun er virkari og seljanleiki bréfanna því meiri. Mörg stórfyrirtæki geymdu reiðufé sitt í uppboðsskuldabréfum, enda voru þau markaðssett sem ígildi reiðufjár.

Síðan 1988 þegar Goldman Sachs byrjaði að gefa út uppboðsskuldabréf í stórum stíl í Bandaríkjunum hefur markaðurinn vaxið í um 330 milljarða dollara. Til dæmis hafa fjármálastofnanir sem veita námslán, sem yfirleitt eru til mjög langs tíma en njóta ríkistryggingar, fjármagnað lánveitingar sínar með útgáfu uppboðsskuldabréfa.

Í byrjun árs 2008 hrundi markaðurinn fyrir uppboðsskuldabréf þar sem engir mótaðilar voru til staðar á uppboðum, með þeim afleiðingum að fjölmargir fjárfestar sátu uppi með óseljanleg bréf. Stærstu útgefendur þeirra, UBS, Morgan Stanley, Merrill Lynch og Citigroup, hafa verið sakaðir um að hafa leynt fyrir viðskiptavinum um hversu mörg uppboð enduðu án kaupenda, og fyrir að hafa blekkt viðskiptavini til að kaupa uppboðsskuldabréf.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Guðný Helga Herbertsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

# GÆÐI ALLA LEIÐ

PROMAX er háhreinsað protein fyrir alla sem vilja byggja upp og ná hámarksárangri




**AF HVERJU PROTEIN ?**

Nægilegt protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt til að viðhalda og auka vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem er í reglulegum átökum eða vill minnka fituhlutfall líkamans.
PROMAX inniheldur Biomax sem er háhreinsuð blanda mysuproteina. Biomax tryggir hámarks amminosýruflæði sem stuðlar að endurhleðslu vöðva eftir erfið átök. Ekkert eggja, mjólkur eða sojaprotein er í blöndunni þar sem það getur valdið magaþemdu hjá mörgum einstaklingum.
PROMAX inniheldur vöðvastuðningsblöndu "Nitrogain" sem er blanda NAC, Taurine, Chromium Polynicotinate og Glutamin peptides.

Vegna góðrar virkni sinnar er PROMAX orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hvers konar íþróttir og hreyfingu. PROMAX er mest selda proteinblandan í Bretlandi og nú meðal viðskiptavina HREYSTI.

PROMAX blandast og bragðast vel, fæst í 6 bragðtegundum auk PROMAX natural sem ekki er bragðbætt og án viðbættra aukaefna.

Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun.

MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

**164** þúsund pund er meðalverð fasteigna í Bretlandi, 19 þúsund pundum lægra en í fyrra, samkvæmt breska ríkisútvarpinu BBC.

**3,8** prósent mælist nú verðbólga í evrulöndum, samkvæmt mælingum Eurostat, en hún hjaðnaði um 0,2 prósentustig milli mánaða.

**251** kaupsamningur var gerður hér á húsnæðismarkaði í ágúst, en samdráttur frá sama tíma í fyrra nemur 70 prósentum.

BANKAHÓLFIÐ

## Andrés vill góð samskipti

Kreppuástandið kemur ekki í veg fyrir að enn stofni athafnasamir menn fyrirtæki og freisti þess að ná árangri í atvinnulífinu upp á eigin spýtur. Andrés Jónsson, sem starfað hefur við blaðamennsku, markaðsmál og almannatengsl um nokkurt skeið, hefur nú stofnað sitt eigið fyrirtæki, Góð samskipti.

Andrés, sem var einn af stofnendum vefritsins Eyjunnar, hefur undanfarið starfað sem kynningarstjóri B&L, en lætur nú af þeim störfum. Nýtt fyrirtæki tekur þó við almannatengslum fyrir bifreiðaumboðið, en Andrés segist bjartsýnn geta bætt við sig fleiri skjólstæðingum. Og hver verða helstu verkefni fyrirtækisins? Jú, almannatengsl, fjölmiðlasamskipti, þjálfun í framkomu, atburðastjórnun og gerð kynningarefnis.



## Í atvinnuleit

Menn spyrja sig nú hverjir taki við forstjórastólum í Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun. Sem kunnugt er hafa stjórnir þessara fyrirtækja, fólk sem situr í umboði kjósenda, ákveðið að nöfn umsækjenda verði ekki birt. Þeir sem sæmilega fylgjast með telja að Hjörleifur Kvaran sé líklegur til að stýra áfram Orkuveitunni. Um Landsvirkjun sé meiri óvissa, en þangað fari vafalaust sjálfstæðismaður. Einn viðmælandi Markaðarins sagði að nóg af þeim væri í atvinnuleit. Erfiðara væri hins vegar að spá í úr hvaða fylkingu flokksins viðkomandi kæmi. Meðal nafna sem hvíslað er í eyru Markaðarins eru Ingimundur Sigurpálsson, núverandi stjórnarformaður, Ásdís Halla Bragadóttir, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa hér á landi, að ógleymdum Árna Mathiesen, sem raunar segist ekki vera á förum úr fjármálaráðuneytinu.

## Verðtryggingu eða ekki

Nokkur umræða hefur orðið um ágæti þess að verðtryggja lán, en kannanir sýna orðið mikla andstöðu við lánaformið. Í Öðrum sálmum Vísbendingar rifjar Benedikt Jóhannesson upp að neytendur hafi haft af því mikinn hag þegar hér var tekin upp verðtrygging langtímalána, en áður hafi þau öll verið óverðtryggð og með lögbundnum hámarksvöxtum. Hann segir hægt að láta sér í léttu rúmi liggja þótt „heimalærðir alþjóðasérfræðingar og hagfræðingar“ tali óvarlega um lánaformið, en finnst alvarlegra þegar talsmaður neytenda klifar á andstöðu við lánaformið. „Með því vinnur hann beinlínis gegn umbjóðendum sínum. Slíkt yrði hvergi liðið nema á Íslandi,“ segir í Vísbendingu.

Skrifstofuhúsgögn













Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær **www.pwc.com/is**

PRICEWATERHOUSECOOPERS

# Heimgreiðslur – afturhvarf til forneskju

**UMRÆÐAN**
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir skrifar um heimgreiðslur

Falskir tónar streyma nú úr ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkurinn reyna að stilla saman strengi sína á ný. Síðasta feilnótan heyrðist úr leikskólaráði þegar heimgreiðslur voru endanlega samþykktar í vikunni sem leið, en þá snarsnérist framsókn um sjálfan sig í málinu. Fyrir örfáum mánuðum taldi fulltrúi Framsóknarflokksins að fyrirááætlanir Sjálfstæðisflokksins um heimgreiðslur – vera skref aftur á bak í jafnréttisbaráttunni. Nú aftur á móti þegar framsókn er komin í faðm Sjálfstæðisflokksins er í lagi að senda konurnar heim.

„Þjónustutryggingin“ sem meirihlutinn kallar nú heimgreiðslurnar átti að fela í sér „tryggingu“ í formi 35 þúsund króna, fyrir þá foreldra sem biðu eftir plássi fyrir barn sitt á leikskóla eða hjá dagforeldri. Nú hins vegar stendur greiðslan til boða fyrir foreldra barna yngri en 24 mánaða eftir að fæðingarorlofi lýkur, þrátt fyrir að barninu standi dagvistun til boða.


BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

Gert er ráð fyrir að 260 milljónir fari í heimgreiðslur næsta eina og hálfa árið. Hverju barni fylgir 35 þúsund krónur sem er fráleit upphæð sem er langt frá því að duga sem framfærsla fyrir barn og fullorðinn. Betur væri að verja þeim fjármunum í að hraða uppbyggingu leikskólanna í borginni, fjölga plássum svo hægt sé að lækka innritunaraldur barna. Auk þess sem verulega þarf að huga að leiðum til að hækka laun starfsmanna, ekki síst til að vinna bug á manneklunni. Þá teljum við að þrýsta þurfi á ríkisstjórnina að flýta lengingu fæðingarorlofsins enda er það mikilvægt að foreldrar geti verið lengur heima með börnum sínum, en með sómasamleg laun. Ef meirihlutanum er alvara með því að greiða foreldrum svo þau geti átt lengri samveru með börnum sínum fyrstu mánuðina þarf sú upphæð að vera í takt við rauntekjur fólks – ekki smánarlaun eins og nú er boðið upp á.

Áhrif heimgreiðslna í Noregi og Finnlandi hafa sýnt að nær eingöngu konur nýta sér þær, ástæðan er að þær hafa að jafnaði lægri laun en karlar, líkt og hérlendis. Þessi staðreynd hefur því styrkt gamaldags hlutverkaskiptingu kynjanna á heimilinu og eru taldar hafa dregið verulega úr jafnrétti kynjanna. Heimgreiðslurnar vinna því beinlínis gegn markmiðum feðraorlofsins í því að jafna þátttökumöguleika beggja kynja í uppeldi barna sinna, ný samþykktum jafnréttislögum og mannréttindastefnu borgarinnar.

Bilið sem myndast hefur á milli loka fæðingarorlofs og þar til dagvistun fæst fyrir barn er ekki viðunandi ástand en stjórnmálamenn verða að sýna ábyrgð og vinna að lausn vandans til frambúðar en ekki freistast til að plástra ástandið – á kostnað kvenna.

*Höfundur er fulltrúi Samfylkingarinnar í leikskólaráði.*

# Tvíeggjað sverð

**UMRÆÐAN**
Helgi Helgason skrifar um hagsmuni Rússa á Íslandi

Með hliðsjón af því sem hefur verið að gerast í Georgíu verðum við Íslendingar að spyrja okkur að því hvort við viljum virkilega taka þá áhættu að Rússar eigi hér efnahagslegra hagsmuna að gæta. Hér er ég að tala um olíuhreinsunarstöð sem einhverjir aðilar virðast vinna hörðum höndum að koma á fót á Vestfjörðum. Ég segi einhverjir aðilar vegna þess að það er með þessa olíuhreinsunarstöð líkt og með Fréttablaðið forðum, það virðist vera farið með það sem mannsmorð hverjir eigi fyrirtækið. Þó hefur það vitnast að stöðin verði í eigu rússneskra aðila en ekki hverra.


HELGI HELGASON

Rússar hafa farið hamförum í Georgíu og Ossetíu. Ekki einungis hafa traust vitni borið þeim illa söguna heldur hafa borist af þeim myndir þar sem klárlega sést að rússneskir hermenn haga sér eins og verstu níðingar. Og við skulum athuga það að voðaverk Rússa eru mjög sennilega framin að skipun valdhafa í Moskvu. Ofan í allt saman ljúga svo rússneski forsetinn, forsætisráðherrann og hershöfðingjar til um brottflutning rússneska hersins eins og um var samið í vopnahléssamkomulagi milli Georgíu og Rússlands að tilstuðlan vesturvelda.

Nú eru Rússar farnir að efla heraflann sinn að nýju. Flugvélar þeirra eru farnar að fljúga framhjá og umhverfis Ísland á nýjan leik. Rússneski sendiherrann á Íslandi sagði í viðtali í sjónvarpinu, með þjósti, að Íslendingar ættu bara að sætta sig við þetta. Þegar fréttamaðurinn spurði sendiherrann eitthvað í þá veruna hvort svona hátterni væri sæmandi í garð vinaþjóðar þá kom hik á hann og augun hringsnerust í hausnum á honum. Mér fannst eins og í þögninni og hikinu hjá honum fælust orðin: „Við erum ekki vinaþjóð ykkar.“

Það er undarlegt fyrir mig sem gömlum NATO-sinna og sjálfstæðismanni að enda þessa grein á því að biðla til ráðherra Samfylkingarinnar um að koma í veg fyrir þessi áform um olíuhreinsunarstöð. Á hugsjónalausu hagsmunasamtökin sem kalla sig Sjálfstæðisflokk er ekki lengur að treysta.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og formaður Frjálslynda flokksins í Reykjavík.*


HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í SEPTEMBER

**Haustnámskeið í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna**

ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR FUNDIÐ EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI Í TÓNLISTINNI.



25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

**Söngur og framkoma**
Þetta er nú í áttunda skipti sem þetta skemmtilega og gagnlega námskeið er haldið. Margrét Eir Hjartardóttir sem leiðir þetta námskeið sem fyrr en hún útskrifaðist sem söngkennari frá Linklater akademiunni í New York í fyrra. Þetta er námskeið fyrir þá sem ætla að fara að stíga sín fyrstu skref á söngsviðinu t.d. með því að fara á áheyrnarprufur leikhúsanna, sjónvarpsstöðvanna eða jafnvel ganga til liðs við hljómsveit. Einnig hentar þetta þeim sem lengra eru komnir sem vilja leysa ákveðin vandamál hjá sér eins og t.d. hæsi eða þreytu í raddböndum.

Í FYRSTA SKIPTI!

**Barna- og unglinganámskeið**
Þá er komið að nýju námskeiði fyrir þá yngri. Núna verður námskeiðið byggt upp í kringum Evróvisjónæði okkar Íslendinga. Skólinn á í fórum sér undirspil af öllum Íslensku Evróvisjónlögunum og mun námskeiðið miða að því að undirbúa skemmtilega tónleika fyrir vini og vandamenn.

Kennarar að þessu sinni eru Jón Jósep Snæbjörnsson Evróvisjónfari og Hulda Dögg Proppé.
Gestir verða Evróvisjónhetjurnar Selma Björnsdóttir og Birgitta Haukdal.

**Gítarnámskeði fyrir byrjendur**
Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski að stofna hljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítagripin.
Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

**Fyrir þá sem vilja læra meira**
Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfræði og kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter" -tegundir gítara og- gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.
Lengd námskeiðs: 12 einkatímar
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

Kennarar að þessu sinni eru: Vignir Snær Vigfússon, Gunnar Þór Jónsson og Hafþór Valur Guðjónsson.

**Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School“**
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School“. Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro Tools 101 og Pro Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

**Veitir rétt til framhaldsnáms**
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro Tools Operator“ sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins. Á ekki við um námskeið í tónvinnslu.




**Námskeiðin hefjast í september.**
**Kennt verður í Kópavogi, Grafarvogi, Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur og hljóðveri RMP**
**Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090**

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

**BANDARÍSKI LEIKARINN CHARLIE SHEEN ER 43 ÁRA Í DAG.**



*„Mér finnst óskynsamlegt að velta sér upp úr hlutum sem maður sér eftir. Hvað sem maður kann að hafa gert, þá er það hluti af manni sjálfum og maður getur aðeins breytt sjálfum sér.“*

***Leikarinn Charlie Sheen á skrykkjóttan feril að baki í kvikmyndum. Hann vakti fyrst athygli í kvikmynd Olivers Stone, Platoon (1986). Eftir það lá leiðin upp á við með myndum á borð við Wall Street (1987), Young Guns (1988) og Hot Shots (1991). Á tímabili var útlit fyrir að ferill Sheens væri á enda sökum fíkniefnaneyslu, en hann hefur nú náð sér að mestu á strik og mestmegnis haldið sig við leik í sjónvarpi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. SEPTEMBER 1995

## *Veffyrirtækið eBay stofnað*



Húsmunir, tölvur, farartæki, föt og safngripir í misjöfnu ásigkomulagi, eru á meðal þess sem er skráð, boðið í og selt í milljónatali á hverjum degi á vefsíðunni eBay sem var stofnuð á þessum degi árið 1995.

Stofnanda vefsíðunnar, hinn fransk-íranski forritari Pierre Omidyar, hefur sjálfsagt ekki órað fyrir vinsældum síðunnar þegar hann fór fyrst af stað með hana undir heitinu AuctionWeb það ár.

Fyrsti hluturinn sem seldist á vefsíðunni var bilaður leisir-bendill sem fór á 14.83 dollara. Undrandi spurði Omidyar kaupandann hvort hann áttaði sig á í hvers konar ásigkomulagi bendillinn væri og fékk það svar að hann safnaði biluðum leisirbendlum. Segja má að það hafi gefið tóninn þar sem hlutirnir á síðunni hafa allar götur síðan verið í æði misjöfnu ásigkomulagi, allt frá biluðum leisir-bendlum upp í sportbíla beint úr kassanum.

Fyrirtækið eBay Inc. sem stendur á bakvið síðuna, sem fékk á sig heitið eBay árið 1997 og var sett á hlutabréfamarkað árið 1998, á nú fyrirtæki eins og PayPal, Skype og StubHub og veltir himinháum fjárupphæðum á ári hverju.

### MERKISATBURÐIR

**1919** Flogið er í fyrsta sinn á Íslandi, nánar tiltekið í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Flugvélin er af Avro-gerð og flugmaðurinn enskur, Cecil Faber að nafni.

**1921** Brúin yfir Jökulsá á Sólheimasandi er vígð. Brúargerðin þykir ein sú mesta og vandasamasta sem ráðist hefur verið í á Íslandi.

**1982** Sýning á verkum Bertels Thorvaldsens er opnuð á Kjarvalsstöðum. Er það í fyrsta sinn sem sýning á verkunum er haldin utan Danmerkur.

**1988** Brúin yfir ósa Ölfusár er formlega tekin í notkun. Leiðin milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka styttist úr 45 í 15 kílómetra.

## *Í þágu allra landsmanna*

„Við ætlum að hefja nýliðaþjálfun í vikunni og erum þess vegna með stutta kynningu á starfinu, þar sem formenn allra flokka sveitarinnar segja frá sinni starfsemi,“ segir Íris Marelsdóttir, formaður Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, um kynningarfund sveitarinnar sem fer fram í húsnæði hennar að Bryggjuvör 2 í Kópavogi klukkan 20 í kvöld. Íris segir að yfirleitt sé tekið á móti 20 til 25 nýliðum um þetta leyti á ári hverju. Menn þurfa að vera sautján ára á árinu til að geta hafið nýliðaþjálfun sem tekur átján mánuði og hefst á morgun. „Þá munum við ganga á Vífilsfell til að njóta útiverunnar og fá tækifæri til að kynnast hvert öðru,“ segir hún og bætir við að ekki veiti af átján mánaða þjálfun, þar sem menn geti lent í erfiðum útköllum og verði því að kunna vel til verka.

Ókeypis verður á kynninguna í kvöld og veitingar í boði. Nánar á www.hssk.is.



**HJÁLPARSTARF** Starf í björgunarsveit býður upp á öryggishlutverk í þágu allra landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AFMÆLI** „Konurnar tólf áttuðu sig á því að nauðsynlegt var að standa saman og efla fagið,“ segir Selma Gísladóttir, formaður Félags klæðskera- og kjólameistara og vísar þar til upphafs félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÉLAG KLÆÐSKERA- OG KJÓLAMEISTARA:** FAGNAR SEXTÍU OG FIMM ÁRA AFMÆLI

# Kaffisamsæti og fatasýning

Hópur eldri klæðskera og kjólameistara hittist í gær í hátíðakaffi ásamt kennurum á fataiðnbraut hins nýja Tækniskóla - skóla atvinnulífsins. Tilefnið var sextíu og fimm ára afmæli Klæðskera- og kjólameistarafélagsins. Í framhaldinu er fyrirhuguð sýning á gömlum og flottum flíkum saumuðum af fagfólki. Hún verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 19. til 22. september. Þar verða 60 gínur dubbaðar upp og meðal sýningargripa er fatnaður sem þekktir einstaklingar hafa borið við opinberar athafnir.

Selma Gísladóttir, sölustjóri í saumavéladeild Pfaff, er formaður félagsins nú um stundir og lumar á fróðleik um það.

„Það var í kjólaversluninni Fix sem tólf konur komu saman og stofnuðu Félag kjólameistara í Reykjavík 2. september árið 1943. Það barðist frá upphafi fyrir því að kjólasaumur yrði viðurkennd og lögvernduð iðngrein,“ byrjar Selma frásögn sína. „Þá voru líka gjaldeyrishöft í landinu og félagið fékk skammtaðan gjaldeyri sem það mátti kaupa tískublöð fyrir og fleira til reksturs saumastofanna. Konurnar tólf áttuðu sig á að nauðsynlegt var að standa saman og efla fagið.“

Selma segir félagið hafa breyst í áranna rás. Fyrst hafi það einungis starfað í Reykjavík en síðar náð til alls landsins. Haldnar hafi verið tískusýningar og störf félagsmanna orðið sýnileg í þjóðfélaginu. „Fataiðndeild Iðnskólans tók til starfa árið 1977, tæpum tuttugu árum eftir að hugmyndin að því námi kom fram,“ segir Selma og heldur áfram að rekja söguna. „Árið 1983 sameinaðist Félag kjólameistara, Félag kvennaklæðskera og Klæðskerameistarafélagið undir nafninu Félag meistara og sveina í fataiðn. Síðan var nafninu breytt í Klæðskera- og kjólameistarafélagið árið 2005.“

Nú eru um hundrað manns í félaginu að sögn Selmu. Þar af er aðeins einn karlmaður klæðskeri, fæddur árið 1931. „Klæðskeraiðn er orðin alger kvennagrein hér á landi,“ segir hún. „Einn karlmaður er lærður í kjólasaumi en hefur ekki starfað við fagið í fjörutíu ár.“

Sjálf útskrifaðist Selma úr Iðnskólanum árið 1998. Þá var námsefni klæðskera og kjólameistara sameiginlegt fyrstu þrjú árin en greindist svo á fjórða og síðasta árinu. Nú segir hún svið fataiðnar hafa verið víkkað. Nemendur geti útskrifast sem fatatæknar eftir tveggja ára nám en sveinn í klæðskurði eða kjólasaumi eftir fjögur. Spurð hvort vandasamara sé að sauma kjóla eða karlmannaföt svarar hún. „Það er kannski álíka vandasamt en jakkafatasaumur krefst ýmissa tækja umfram kjólasaum. Saumastofur eru ekki allar búnar þessum græjum og geta því ekki tekið klæðskurð.“

Selma segir saumastofum hafa fækkað mikið á undanförnum árum því öll fjöldaframleiðsla sé farin úr landi. Nóg sé samt að gera hjá þeim sem eftir eru. „Það þarf að sauma fyrir leikhús og bíómyndir auk þess að sérsauma fyrir einstaklinga,“ segir hún og bætir við að lokum. „Það er ekki bara verið að sauma brúðarkjóla.“

**gun@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurjónsdóttir Jörgensen**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 29. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 5. september kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Róbert Jörgensen** | **María Hjálmarsdóttir** |
| **Haraldur Jörgensen** | **Matthildur Sigursveinsdóttir** |
| **Petrún Jörgensen** | **Friðjón Skúlason** |
| **Jenný Sigrún Jörgensen** | **Jóhann Tryggvason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Jón Snær Sigurjónsson**

frá Snæhvammi í Breiðdal, til heimilis að Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi,

lést mánudaginn 1. september á Landakoti. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Hlíf Þ. Jónsdóttir.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Halldórsdóttir**

frá Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 29. ágúst. Útför hennar fer fram frá Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd föstudaginn 5. september kl. 14.00.

**Hreinn Ketilsson**

| | |
|---|---|
| **Hólmfríður Hreinsdóttir** | **Stefán Stefánsson** |
| **Ingibjörg Hreinsdóttir** | **Haukur Már Ingólfsson** |
| **Hólmkell Hreinsson** | **Kristín Sóley Sigursveinsdóttir** |

**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Ólafsdóttir**

ljósmóðir, frá Tungu í Fljótshlíð,

varð bráðkvödd á heimili sínu, Dalsbakka 14, Hvolsvelli, fimmtudaginn 28. ágúst síðastliðinn.

**Oddgeir Guðjónsson**

| | |
|---|---|
| **Guðlaug Oddgeirsdóttir** | **Sigurður Sigurðsson** |
| **Ólafur Sv. Oddgeirsson** | **Fiona MacTavish** |

**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Systir okkar,*

**Elín Sigurjónsdóttir**

Steinum undir Eyjafjöllum,

verður jarðsungin frá Eyvindarhólakirkju laugardaginn 6. september kl. 11.00.

**Þórarinn Sigurjónsson**
**Árni Sigurjónsson**
**Eyjólfur Sigurjónsson**
**og aðstandendur.**

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

## Bayonneskinka
**frá Kjarnafæði**

**998** kr./kg.
Merkt verð 1.664 kr./kg

## Saltað folaldakjöt m/beini
**frá Kjarnafæði**

**382** kr./kg.
Merkt verð 637 kr./kg




## Texaspylsa
**frá Kjarnafæði.**

**479** kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.




## Gamaldags sveitakæfa, 250g.
**frá Kjarnafæði.**

**179** kr. dósin

## Íslensk lambakæfa, 250g.
**frá Kjarnafæði.**

**179** kr. dósin




## Sérverkuð svið
**frá Vopnafirði - verkuð með gamla laginu**

**479** kr./kg.
Merkt verð 599 kr./kg.




BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

allt & sumt


nýtt mazda2 djásn
Glænýr Mazda2 Advance
1,3i 86 hö 122 Nm 5 gíra 5 dyra
Nýtt djásn kostar 2.190.000 kr.*
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
4 bílar á þessu tilboði.
Breyttu druslunni í nýtt
Fiesta
nýtt fiesta djásn
Glænýr Ford Fiesta Trend
1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
Nýtt djásn kostar 2.130.000 kr.*
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
3 bílar á þessu tilboði.
Fusion
nýtt fusion djásn
Glænýr Ford Fusion Trend
1,6i 100 hö 146 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Nýtt djásn kostar 2.390.000 kr.*
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
3 bílar á þessu tilboði.
Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is
* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Á sumum myndum í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**Brimborg kaupir hvaða druslu sem er uppí glænýjan bíl**
**Nú áttu 200.000 kr. útborgun í glænýjan bíl hjá Brimborg**

# Druslan öðlast nýtt líf í dag

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú glænýjan í Brimborg. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl. Komdu bara í Brimborg í dag.

## nýtt c3 djásn

**Glænýr Citroën C3 SX**
1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
**Nýtt djásn kostar 2.090.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
2 bílar á þessu tilboði.



# djásn í dag

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í nýjan bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann á 200.000 kr. Komdu bara með bíldrusluna og settu tvöhundruðþúsundkallinn upp í glænýjan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern bíl. 100% fjármögnun.

**Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.**



## nýtt ka djásn

**Glænýr Ford Ka**
1,3i 70 hö 106 Nm 5 gíra 3 dyra
**Nýtt djásn kostar 1.490.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
2 bílar á þessu tilboði.

**100% fjármögnun**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Fiton/SÍA




# NÚ FÁ SÉR ALLIR ÁSKRIFT!

## 4 leiksýningar á einungis 8.900 kr.

### Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsárið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

### Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

### Áskriftarkort

Hringdu í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið



NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# Ískalt IKEA-land og ilmur af sápu

Hann er kominn! IKEA-bæklingurinn hefur ratað í húsakynni mín og tekið sér bólfestu á náttborðinu. Bæklingur draumanna. Bæklingur lífsins. Þegar IKEA-bæklingurinn kemur í hús hjá foreldrum mínum má merkja ró og sæld innan veggja heimilisins, sérstaklega hjá kvenpeningnum.

Ég varð reyndar pínulítið vonsvikin með gripinn í ár. Mér fannst fátt nýtt á boðstólum og hugmyndir innanhússhönnuða í musterinu ekki jafn ferskar og árið áður. Ég lagði bæklinginn frá mér og gleymdi honum um stund. Allt í einu var ég hins vegar komin með málband í hönd og farin að sjá fyrir mér LACK-hillu hér, eða vildi ég frekar EXPEDIT? Ég var búin að mæla hvern einasta vegg í húsinu, færa nokkur húsgögn og í huga mér var ég búin að kaupa LACK-hilluna, hirslu á hjólum og rauðu gardínurnar og...



Í lokaverkefni mínu í leiklist í LHÍ var öll leikmyndin keypt í IKEA. Á einni æfingunni kom sú ákvörðun mín til tals og áður en nokkur fékk rönd við reist vorum við komin á kaf í umræður um hvaða IKEA-dót við ættum og hvað við vildum eignast næst. Kennarinn sem sat æfinguna skarst í leikinn og spurði hvort við gerðum okkur grein fyrir hvað við vissum mikið um IKEA? Það var eins og hann hefði kippt okkur snögglega á jörðina. Mér hefur aldrei fundist ég jafn mikill millistéttar-Íslendingur.

Sama verk var að miklum hluta byggt á Fight Club. Þar veltir aðalpersónan fyrir sér hvers konar kaffiborð skilgreini hann sem manneskju. Er ég farin að hugsa þannig? Ef já, er þá ekki kominn tími til að sprengja upp líf sitt og búa til sápu?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**MAGNÚS PÁLSSON** Skemmti sér vel á opnun sýningar sinnar í StartArt.

# Magnús Pálsson snýr aftur

Í listamannahúsinu StartArt, Laugavegi 12b, stendur nú yfir sýning á hljóðljóði eftir Magnús Pálsson. Magnús er nýlega fluttur aftur til Íslands eftir margra ára búsetu í Lundúnum, en hann á langan og farsælan feril að baki sem listamaður.

Magnús hefur sýnt verk sín víða um heim og hefur einnig sýnt á tveimur sýningum hérlendis nú í sumar. Um miðjan mánuðinn verður opnuð sýning á verkum hans í Gallery Crystal Ball í Berlín, þar sem hann mun fremja gjörning sem tengist verkinu Rainbow Clippings sem hann sýnir nú í StartArt.

Hljóðljóðið Rainbow Clippings er myndrænt klippiverk á tuttugu blöðum sem myndar leikrænan texta til flutnings af þremur röddum. Í StartArt er verkið flutt af hljóðlistamönnunum Rod Summers og Tom Winter ásamt höfundinum Magnúsi Pálssyni. Flutningur verksins er einnig einskonar klippimynd því raddirnar þrjár eru teknar upp sín í hverju landi og að síðustu klipptar saman á Íslandi af Steinþóri Birgissyni. - vþ



**ILMUR STEFÁNSDÓTTIR** Opnar fjöruga sýningu á föstudag.

# Skemmtileg myndlist

Sýning á verkum Ilmar Stefánsdóttur myndlistarmanns verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar á föstudag. Sýningin ber heitið Fjölleikar og er markmiðið með henni að breyta svipmóti myndlistarinnar í eins konar skemmtanalist þar sem fagurlistir og skemmtanaiðnaður mætast. Sýningin er á dagskrá ljósanætur, menningar- og fjölskylduhátíðar Reykjanesbæjar.

Sýningin er í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum og stendur til 19. október. - vþ

# Sólveig sýnir í ASÍ

**Sýning á verkum listakonunnar Sólveigar Aðalsteinsdóttur var opnuð í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41, um helgina. Verkin á sýningunni tengjast öll tíma, rými og frásagnarmætti efnanna, en sýningin samanstendur af teikningum á pappír, viðarskúlptúrum og ljósmyndum.**

**Í Gryfjunni eru teikningar af köngulóavefjum, í Arinstofu eru litljósmyndir og í Ásmundarsal sýnir listakonan skúlptúra og svarthvítar ljósmyndir þar sem ljósið hefur teiknað beint á ljósnæma filmuna. Sólveig hefur sýnt myndlist sína síðan árið 1980 á fjölmörgum einka- og samsýningum hérlendis og erlendis.**

**Sýningin stendur til 21. september. - vþ**

# Klezmer-sving í kvöld

Fransk-íslensk klezmerhljómsveit kemur fram á Nasa í kvöld. Sveitina skipa fimm hljóðfæraleikarar og er Heiða Björg Jóhannsdóttir klarinettuleikari þeirra á meðal. Sveitina kalla þau Klezmer Kaos og hefur hún verið á faraldsfæti um Evrópu undanfarna mánuði og kom meðal annars fram í hópi tuttugu og fimm sveita sem sóttu alþjóðlega hátíð í Amsterdam sem helguð er gyðingatónlist, á liðnu vori.

Gyðingatónlist, eða klezmertónlist er sprottin upp úr samfélagi evrópskra gyðinga á fyrri öldum og hefur á síðari árum notið mikilla vinsælda víða í Evrópu og Bandaríkjunum, ekki aðeins í samfélögum fólks af kynstofni gyðinga, heldur líka meðal fólks af öllum þjóðernum. Hraði og skemmtan sem fylgir klezmertónlist er meginástæða vinsældanna. Klezmer Kaos hefur á starfstíma sínum sótt stef sín í alls kyns tónlist úr mörgum áttum, jafnvel í safn íslenskra þjóðlaga en klætt þau og flutt í búning hefðar tónlistar gyðinga.

Íslenska þjóðlagarokksveitin Múgsefjun mun hita upp fyrir Klezmer Kaos í kvöld en Nasa opnar kl. 20 og hefjast tónleikarnir skömmu eftir það. Áhugasamir geta litið á síður sveitarinnar á www.com/klezmerkaos. Miðasala er á midi.is.



MYND: CRISCB

**TÓNLIST** Heiða Björg Jóhannsdóttir klarinettuleikari.

# Núna, þá og seinna

**Darri Lorenzen myndlistarmaður verður með fyrirlestur og gjörning í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi annað kvöld kl. 20. Viðburðurinn ber yfirskriftina „Núna, þá og seinna“ og byggir á nýlegum verkum og verkefnum sem listamaðurinn er með í vinnslu. Darri er meðal listamanna sem eiga verk á Tilraunamaraþoni Hafnarhússins, en þar býður hann áhorfandanum að ganga inn í rými sem lokast og ekki er hægt að yfirgefa að vild. Annað verk Darra sem vakti athygli hér á landi vann hann í leikfimisal Austurbæjarskóla á menningarnótt 2007. - vþ**




# Sáu svín með rakaðan pung

**Skemmtiverksmiðjan Baggalútur er snúin aftur eftir langt sumarfrí. Sjö-undi árgangur netsíðunnar er kominn „í loftið“ og von er á tveimur plötum úr sarpi meðlima. Í fríinu fór ritstjórnin á Íslendingaslóðir í Norður-Ameríku.**



**VIÐ STYTTUNA AF VIGDÍSI FINNBOGADÓTTUR Í GIMLI** Baggalútur ásamt spúsum sínum og viðhöldum.

„Við komumst að því að allt gestrisna og skemmtilega fólkið hefur flúið land á sínum tíma. Hvar sem við komum vorum við bornir á gullstól þegar í ljós kom að við værum íslenskir,“ segir Bragi Baggalútur. Hann segir marga hápunkta hafa verið í ferðinni. „Við sátum kjötveislu hjá Curtis Olafsson, harðasta repúblikana Norður-Dakóta. Þar var þverskurður af belju borinn á borð fyrir hvern og einn og við sátum umkringdir öldruðum Vestur-Íslendingum. Einn þeirra sagðist lítið hafa fylgst með á gamla landinu fyrr en hann fór að brúka internetið 87 ára gamall. Á landbúnaðarsýningu í Iowa sáum við stærsta svín í fylkinu. Það var 600 kíló og var kallað „Freight Train“, eða „Vörulestin“. Við sáum ekki betur en svínið væri með rakaðan pung eins og Gillzenegger.“



**VÖRULESTIN MEÐ RAKAÐA PUNGINN** Hápunktur Ameríkuferðar Baggalúts. „Framsókn ætti að taka sér landbúnaðarsýningar í Iowa til fyrirmyndar,“ segir Bragi.

Baggalútur leggur nú á ráðin með tónleikaferð á Íslendingaslóðir næsta vor og lætur sig dreyma um að spila í Gimli og Hecla-Island. „Við eignuðumst marga vini, til dæmis Kristínu Hall, sem er 99 ára og hellti tvisvar upp á kaffi fyrir tíu manna hóp. Hún brást ókvæða við þegar við buðumst til að hjálpa henni að ganga frá.“

Barnaplata Braga og Memfismafíunnar, Gilli Gill, er væntanleg á næstu vikum. Þar flytja valinkunnir söngvarar eins og Sigtryggur Baldursson, Björgvin Halldórsson, Magga Stína og Egill Ólafsson lög og texta Braga og er lagið „Pabbi minn er ríkari en pabbi þinn“ þegar farið að hljóma. „Ég varð pabbi árið 2005 og ætli maður sé ekki bara orðinn svona mjúkur,“ segir Bragi sem er viss um að mörg laganna verði sígildar perlur þegar fram í sækir. „Þarna er sungið um ýmislegt, meðal annars laugardagsmorgna áður en barnaefnið er byrjað og skrímslin í skápnum.“

Fjórða breiðskífa Baggalúts, Nýjasta nýtt, er svo væntanleg í október. „Við höldum okkur að mestu við strauma 8. áratugarins á þessari plötu og það má heyra áhrif frá Bee Gees og Gunna Þórðar,“ segir Bragi.

Smellurinn „Kósíkvöld í kvöld“ verður á plötunni og hið illræmda lag „Þjóðhátíð 93“ – „Það fær að fljóta með, greyið, við felum ekki óhreinu börnin. Við erum annars nýbúnir að senda nýtt lag frá okkur. Það heitir „Stúlkurnar á Internetinu“ og fjallar um lystisemdir internetsins.“

Bragi neitar alfarið að lagið sé einhvers lags óður til sjálfsfróunar – „Nei nei, og það mun ábyggilega gleðja femínistana mikið,“ segir hann háalvarlegur.

gunnarh@frettabladid.is





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GET SMART | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8:30 - 10:20 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50D | L |
| GET SMART | kl. 10:10 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| MAMMA MÍA Síð. sýn. | kl. 8 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 10:10 | 12 |
| X-FILES 2 | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| GET SMART | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 - 10 | L |




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TROPIC THUNDER LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.40 - 10.20 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.20 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 10.10 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR







| LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 16 |
| GET SMART | kl. 5.40, 8 og 10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 9 | L |



# Frosnir hesthausar

Ef það er eitthvað sem allir smábæir eiga sameiginlegt, þá er það þörf þeirra sem þar búa til að komast í burtu. Þetta á ekki síst við um smábæi sem eru staðsettir mikið norðar en heilbrigt getur talist að búa. Um 700.000 manns búa í Winnipeg í Manitoba, og þar eru yfirvöld mjög meðvituð um þetta vandamál. Í Winnipeg er hvert ár haldinn ratleikur þar sem þátttakendur ferðast vítt og breitt um bæinn. Vinningshafinn fær lestarmiða í burtu í verðlaun, en leikurinn er þannig settur upp að fólk er nýbúið að sjá allt það fallegasta í bænum og enginn hefur því nokkurn tíma nýtt sér verðlaunin. Hér er þó einhver sem hefur ákveðið að gera það, og lítur nú til baka.

Myndin er því byggð upp af sögum úr æsku leikstjórans. Sumar sögurnar hljóma æði ótrúlegar. Í einni frjósa hestar í ís þannig að höfuð þeirra standa upp úr allan veturinn. Þetta þykir bæjarbúum rómantískur kvöldgöngustaður og næsta haust verður mikið um barnsfæðingar. Í spjalli að lokinni sýningu spyr Björk Guðmundsdóttir leikstjórann hvort þetta sé sönn saga og hann sver fyrir það.

Yfirlýst markmið Maddins er að skapa kanadískar goðsögur, en hann segir Kanada standa öðrum þjóðum að baki hvað það varðar að setja sjálfa sig fram á þann hátt. Móðir Maddins er íslensk og því hefur hann ef til vill slíka áráttu í blóðinu. Að minnsta kosti kemur þetta heim og saman við nýlegar íslenskar myndir eins og Skrapp út eða Mýrina, sem virðast á margan hátt frekar gerðar til að sýna útlendingum það sem við höldum



**KVIKMYNDIR**

**My Winnipeg**

Leikstjóri: Guy Maddin.

Kanada 2007.

★★★★★

að þeir vilji sjá en hvernig við raunverulega upplifum okkur sjálf.

Myndin My Winnipeg er þannig full af litlum myndskeiðum sem hvert og eitt hefðu getað verið efniviður í heila bíómynd. Enda er hugmyndaauðgin svo mikil að áhorfandinn á í mestu erfiðleikum með að taka allt inn. Líklega væri gaman að horfa á hana aftur, enda er hún næstum byggð upp eins og sinfónía. Stundum er hamagangurinn mikill og rólegri kaflar inn á milli, sum stef eru endurtekin og allt endar þetta á fallegum Coda. Við erum í Winnipeg, komin ansi langt frá Hollywood.

Hvert sem sannleiksgildi hennar er, er My Winnipeg að minnsta kosti afar vel heppnuð mynd. Einhvern tímann sagði ég að önnur Maddinmynd, The Saddest Music in the World, væri einhver besta mynd í heimi. My Winnipeg er ekki mikið síðri.

**Valur Gunnarsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 3. september**

### Sýningar

**Rainbow Clippings** Magnús Pálsson sýnir hljóðljóð í START ART, listamannahúsi, Laugavegi 12b. Opið þri.-lau. frá kl. 13-17. Sýningunni lýkur 24. september.

### Myndlist

**Kraftur og mýkt** Sigrún Ólafsdóttir er með yfirlitssýningu á teikningum og skúlptúrum. Sýningin stendur yfir til 29. september. Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði. Opið alla daga frá kl. 11-17 nema þriðjudaga. Opið fimmtudaga til 21.00.

### Tónleikar

**20.00 Carion** blásarakvintett frá Danmörku heldur tónleika á Kjarvalsstöðum.

**20.30 Montaña** Retro Stefson heldur tónleika á Organ af því tilefni að hljómsveitin var að klára sína fyrstu plötu. Ásamt Retro Stefson koma fram Sudden Weather Change. Einnig verða sýndar teikningar eftir Gylfa Sigurðsson og Jón Ingva Seljeseth. Aðgangur ókeypis.

### Málþing

**14.00 Umhverfisdagar** Í Norræna húsinu verða fyrirlestrar um myndun um umhverfisvæna samfélaga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Smáfuglar í forvali

Stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, Smáfuglar, er komin í forval fyrir Óskarsverðlaunin sem verða afhent næsta vor. Með því að vinna til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Melbourne fyrr í sumar fór myndin sjálfkrafa í hóp þeirra sem valið er úr þegar kosnar eru þær fimm myndir sem fá tilnefningu. Fyrsta stuttmynd Rúnars, Síðasti bærinn, hlaut tilnefningu til Óskarsins árið 2006 sem besta stuttmyndin.

Smáfuglar, eða 2 Birds, hefur fengið mjög góðar viðtökur á kvikmyndahátíðum erlendis. Um síðustu helgi var hún sýnd við góðan orðstír á hinni virtu kvikmyndahátíð í Telluride í Colorado auk þess sem hún hlaut tvenn verðlaun á alþjóðlegu stuttmyndahátíðinni Noci sem var haldin á Suður-Ítalíu á dögunum.

Einnig má geta þess að tvær íslenskar kvikmyndir hafa verið valdar til sýninga á kvikmyndahátíðinni í Toronto sem verður haldin 4. til 13. september. Um er að ræða Brúðgumann í leikstjórn Baltasars Kormáks og Sveitabrúðkaup í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur.



**RÚNAR RÚNARSSON** Stuttmynd Rúnars, Smáfuglar, er komin í forval fyrir Óskarsverðlaunin sem verða afhent næsta vor.



Gildir til 15. sept.

Silfurtilboð í september

Andlitsbað: kr. 5000,-
Líkamsnudd: kr. 4900,-
Litun og plokkun: kr. 2800,-

SNYRTISTOFAN
salon ritz
Laugavegur 66, 2.h. Sími 552 2460



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

FYRIR

EFTIR







HAFÐU ÞAÐ AÐEINS BETRA

Þú færð 20% meira frelsi á vodafone.is ef þú borgar með Stúdentakorti Glitnis. Sæktu um Stúdentakortið á glitnir.is og gerðu lífið aðeins betra.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á GLITNIR.IS EÐA Í SÍMA 440 4000

GLITNIR

## >Breytingar á landsliðshópnum

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari neyddist í gær til þess að gera tvær breytingar á landsliðshópi sínum fyrir leikina gegn Norðmönnum og Skotum. Inn komu þeir Jónas Guðni Sævarsson úr KR og Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson í stað þeirra Ólafs Inga Skúlasonar og Theodórs Elmars Bjarnasonar sem báðir eru meiddir. Leikurinn við Norðmenn fer fram næstkomandi laugardag en Skotaleikurinn á miðvikudag eftir viku.



# sport

sport@frettabladid.is

KÁRI STEINN REYNISSON: HÆTTI VIÐ AÐ HÆTTA OG FÓR Á KOSTUM MEÐ ÍA GEGN VALSMÖNNUM

# Konan fékk leiða á að hafa mig heima

Skagamenn eygja veika von um að forðast fall úr Landsbankadeildinni. Þeir unnu aðeins sinn annan leik í sumar gegn Val á dögunum. Þar fór á kostum gamla brýnið Kári Steinn Reynisson sem hefur tekið skóna niður úr hillunni líkt og Pálmi Haraldsson.

„Það kom mér á óvart hvað það var létt yfir mannskapnum þó svo að ástandið væri eins og það er. Það kveikti í mér að gera þetta af einhverri alvöru. Ég ætlaði ekkert að spila strax, var meira að hugsa um að mæta á æfingar og reyna að létta undir móralinn. Svo eru hinir svo lélegir að ég komst beint í liðið," sagði hinn 34 ára gamli Kári Steinn léttur.

Það var ekki að beiðni bræðranna, Arnars og Bjarka, sem Kári Steinn ákvað að mæta aftur á æfingar og hjálpa félaginu sínu.

„Ég hafði aðeins verið að spá í þetta og ákvað svo að kíkja því konan var komin með leiða á að hafa mig heima. Ég var farinn að skipta mér af hlutum sem ég á ekkert að skipta mér af," sagði Kári Steinn á gamansömum nótum. „Ég var nú ekki búinn að sakna fótboltans mikið og var mjög sáttur í vor með að hafa allan þennan frítíma. Svo þegar grasið fór að grænka meira fékk maður aðeins fiðring. Svo var í raun ekkert tilefni til að koma aftur og Gaui [Guðjón Þórðarson] var allt of stoltur til þess að tékka á manni enda hafði ég sagt honum að ég væri hættur."



Kári Steinn starfar á daginn í Landsbankanum og Pálmi hjá Glitni. Það liggur því beinast við að spyrja hvort það sé svona leiðinlegt að telja peninga að menn þurfi að byrja aftur í boltanum?

„Nei, það er nú ekki alveg svo," sagði Kári og hló. „Við Pálmi höfðum verið að halda okkur í formi með gömlum jöxlum í fótbolta tvisvar í viku. Það er annars mjög gaman að vera byrjaður aftur og ég nýt þess að spila. Það er ekkert stress á okkur þrátt fyrir vonda stöðu og mórallinn góður," sagði Kári Steinn en er hann kominn til að vera? „Ég veit það ekki og er lítið að spá í það. Ætla að klára þetta sumar og sjá svo til. Ég ákvað síðast að taka mér frí fram að áramótum og naut þess mjög vel. Ég ákvað því að láta gott heita þá."

Evrópukeppni kvennaliða:

## Valsliðið missti af fluginu sínu

**FÓTBOLTI** Kvennalið Vals lenti í miklum hrakförum í gær á leið sinni til Sala í Slóvakíu þar sem riðill liðsins í Evrópukeppninni hefst á fimmtudaginn.

Flugtaki frá Keflavík í gærmorgun seinkaði um meira en þrjá tíma og öll ferðaáætlun liðsins fór úr skorðum. Þegar liðið komst loksins til Sala í gærkvöld var farangurinn enn þá í Kaupmannahöfn.

Valsliðið spilar sinn fyrsta leik í keppninni á fimmtudaginn þegar liðið mætir velsku meisturunum í Cardiff. Í riðlinum eru einnig gestgjafarnir frá Sala í Slóvakíu sem og Maccabi Holon frá Ísrael. - óój

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Vill helst spila á Akureyri

**Handknattleikskappinn Árni Þór Sigtryggsson er enn án félags þegar stutt er í að Íslandsmótið hefjist. Hann er búsettur á Akureyri, er byrjaður þar í skóla og segist helst kjósa að spila þar. Það muni þó skýrast á næstu dögum.**

**HANDBOLTI** Mörg félög í N1-deild karla bítast um að fá örvhentu skyttuna Árna Þór Sigtryggsson í raðir sínar fyrir næsta tímabil og nægir þar að nefna félög á borð við Val og HK. Árni Þór sneri heim í sumar eftir skamma dvöl á Spáni og hefur verið búsettur í uppeldisbæ sínum, Akureyri, síðan hann kom heim. Hefur hann verið að æfa með Akureyrarliðinu og spilaði einnig með þeim á opna Reykjavíkurmótinu um síðustu helgi.

„Það var alltaf fyrsti kostur hjá mér að spila með Akureyri og er það í raun enn," sagði Árni Þór sem hefur þó ekki enn fengist til þess að skrifa undir samning við félagið. „Það er verið að vinna í því að hafa alvöru lið hérna heima. Ef það gengur upp þá geri ég fastlega ráð fyrir því að vera hérna áfram. Við erum með ágætis lið en vantar samt styrkingu. Mér skilst að það sé allt að gerast og vonandi gengur það eftir. Það er víst verið að skoða einhverja útlendinga," sagði Árni Þór og bætir við að lítil stemning sé fyrir því meðal heimamanna að senda lið til þess eins að vera með. Akureyri hefur misst nokkuð af mönnum í sumar og þar á meðal skytturnar Magnús Stefánsson og Einar Loga Friðjónsson.



**ÁRNI ÞÓR SIGTRYGGSSON** Kominn heim í heiðardalinn og vonast til þess að spila með Akureyri í vetur. Hann lék síðast með Haukum hér á landi. MYND/OLE NIELSEN

Árni Þór er byrjaður í skóla á Akureyri en hann á eitt og hálft ár eftir af verkfræðinámi sem hann stefnir á að klára eins fljótt og mögulegt er. Hann yrði líklega að fórna önninni ef hann ákvæði að fara suður til þess að spila handbolta en enginn skortur er á tilboðum að sunnan. „Það eru vissulega möguleikar í stöðunni fyrir mig. Það er samt allt í skoðun og vonandi skýrast málin sem allra fyrst. Vonandi get ég einnig spilað hér heima fyrir mitt lið og mitt fólk," sagði Árni Þór.

henry@frettabladid.is



**GÓÐ** Helena Sverrisdóttir hefur skorað 52 stig í tveimur leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Evrópukeppni kvenna í körfu:

## Mæta Slóveníu

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta spilar þriðja leik sinn í Evrópukeppninni klukkan 19.15 á Ásvöllum í kvöld en stelpurnar taka þá á móti Slóveníu. Þetta er síðasti heimaleikur liðsins í keppninni en tveir síðustu leikirnir fara fram á Írlandi og í Svartfjallalandi.

Slóvenía var fyrirfram talin vera með sigurstranglegasta liðið í riðlinum en liðið hefur tapað tveimur fyrstu leikjum sínum og er þegar búið að reka aðalþjálfara sinn. Í liðinu eru meðal annars leikmenn sem eru að gera góða hluti í sterkum deildum á Spáni og Ítalíu.

Íslenska liðið vann góðan sigur á Sviss í fyrsta leik sínum fyrir viku en tapaði síðan fyrir Hollandi á útivelli um helgina.

Helena Sverrisdóttir hefur verið í miklu stuði í tveimur fyrstu leikjunum og er sem stendur langstigahæsti leikmaður b-deildarinnar með 26,0 stig að meðaltali í leik. - óój

Landsleikur í körfubolta
Evrópkeppni kvenna · B-deild
ÍSLAND · SLÓVENÍA
Í dag, miðvikudaginn 3. september
kl 19:15 að Ásvöllum, Hafnarfirði
1000 kr. fullorðnir · 500 kr. börn

„Mætum og styðjum stelpurnar til sigurs"
Næstu heimaleikir Íslands í körfubolta:
10. september · ÍSLAND · DANMÖRK kl 20:45 (karlar)
17. september · ÍSLAND · SVARTFJALLALAND kl 19:15 (karlar)
Skeljungur
Iceland Express með ánægju
FIBA EUROPE We Are Basketball
KKÍ

Nýir eigendur Man. City ætla sér stóra hluti:

## Ríkari en Roman

**FÓTBOLTI** Dr. Sulaiman Al-Fahim er í forsvari fyrir fjárfestingarfélagið Abu Dhabi United Group (ADUG) sem er nú að ganga frá 150 milljóna punda yfirtöku á ráðandi eignarhlut í Manchester City. Al-Fahim hefur tengsl inn í konungsfjölskylduna í Abu Dhabi og með þann bakhjarl sér við hlið telur Sky Sports-fréttastofan að fjárfestingarfélagið sé um það bil tíu sinnum ríkara en Roman Abramovich, rússneskur eigandi Chelsea.



**STÓRSTJARNA** Robinho gæti verið fyrsta af mörgum stórstjörnum sem koma til City. NORDIC PHOTOS/GETTY

Al-Fahim og City lögðu fram kauptilboð í marga stærstu bitana á leikmannamarkaðnum á lokadegi félagsskiptagluggans, þá David Villa hjá Valencia, Mario Gomez hjá Stuttgart, Dimitar Berbatov hjá Tottenham og Robinho hjá Real Madrid. Kauptilboðin í Berbatov og Robinho voru samþykkt en Berbatov ákvað að lokum frekar að fara til Manchester United. Robinho gekk hins vegar í herbúðir City og varð þar með dýrasti leikmaður enska boltans á 32,5 milljónir punda.

Al-Fahim og félagar eru stórhuga og kaupin á Robinho eru aðeins byrjunin ef marka má nýlegt viðtal hans við dagblaðið Daily Mirror.

„Ég á eftir að tala við knattspyrnustjórann [Mark Hughes] en bestu leikmenn heims kosta að meðaltali um þrjátíu milljónir punda og við þurfum minnst átján slíka til þess að geta náð markmiðum okkar. Við viljum ekki aðeins keppa um alla titla í boði á Englandi heldur er aðaltakmarkið að vinna meistaradeildina," sagði Al-Fahim við Daily Mirror en samkvæmt dagblaðinu fær Hughes þrjú ár til þess að skila meistaradeildardollunni í hús. - óþ



**MOLDRÍKUR** Dr Sulaiman Al-Fahim er yfirlýsingaglaður og ætlar sér stóra hluti. NORDIC PHOTOS/GETTY

# EVRÓPSKA KVIKMYNDAAKADEMÍAN

Býður þér að taka þátt í ÁHORFENDAVERÐLAUNUNUM 2008
og kjósa uppáhalds myndina þína frá Evrópu.

## TILNEFNDAR ERU:

**ARN – TEMPELRIDDAREN**
(Arn: The Knight Templar)
Leikstjóri: Peter Flinth
Handrit: Jan Guillou og Hans Gunnarsson

**ATONEMENT**
Leikstjóri: Joe Wright
Handrit: Ian McEwan og Christopher Hampton

**BEN X**
Leikstjórn og handrit: Nic Balthazar

**BIENVENUE CHEZ LES CH'TIS**
(Welcome to the Sticks)
Leikstjórn: Dany Boon
Handrit: Dany Boon og Alexandre Charlot

**DIE WELLE** (The Wave)
Leikstjórn: Dennis Gansel
Handrit: Dennis Gansel og
Peter Thorwarth

**EL ORFANATO** (The Orphanage)
Leikstjóri: Juan Antonio Bayona
Handrit: Sergio G. Sánchez

**ENSEMBLE, C'EST TOUT**
(Hunting and Gathering)
Leikstjóri: Claude Berri
Handrit: Anna Gavalda og Claude Berri

**HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX**
Leikstjórn: David Yates
Handrit: Michael Goldenberg

**KEINOHRHASEN**
(Rabbit Without Ears)
Leikstjórn: Til Schweiger
Handrit: Anika Decker og Til Schweiger

**MONGOL**
Leikstjórn: Sergei Bodrov
Handrit: Arif Aliyev og Sergei Bodrov

**[REC]**
Leikstjórn: Jaume Balagueró og Paco Plaza
Handrit: Jaume Balagueró og Luis Berdejo

**SATURNO CONTRO**
Leikstjórn: Ferzan Ozpetek
Handrit: Ferzan Ozpetek og
Gianni Romoli



## ATKVÆÐAGREIÐSLA Á VEFNUM:

**www.peopleschoiceaward.org**

nánari upplýsingar er einnig hægt að nálgast á www.visir.is

Frestur til að greiða atkvæði rennur út 1. nóvember 2008. Netkosningin lýtur reglum sem hægt er að nálgast hjá Ernst & Young AG, sem annast framkvæmd verðlaunahátíðarinnar.

Evrópsku kvikmyndaakademíuna skipa 1.800 fagmenn úr kvikmyndageiranum í þeim tilgangi að vekja athygli á kvikmyndalist í Evrópu.

**EVRÓPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN VERÐA VEITT Í 21. SKIPTI, hinn 6. desember 2008 í Kaupmannahöfn,**

í útsendingu Star! á Íslandi á kerfi Símans.

EFA
EUROPEAN FILM ACADEMY
EUROPEAN FILM AWARDS

EFA
PRODUCTIONS



> Rhys Ifans

„Ég held að það sé stórlega vanmetið hvað menn hafa fengið margar góðar hugmyndir yfir ölglasi úti á pöbb.“ Ifans leikur í myndinni Danny Deckchair sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON FLETTIR BLÖÐUM Á MORGNANA

# Britney, Lindsey og Baltasar



Það er þokkalegra að slúðra um þorpsbúana en fólk úti í heimi sagði sænski blaðamaðurinn Göran Palm á sínum tíma. Morgunkaffið og hafragrauturinn í morgun voru lituð snöggum flettingi á blöðunum þremur. Vinsælasta selebið þann morguninn var Baltasar Kormákur. Kallgreyið var í harðri hríð sem gerist svo oft. Brúðguminn tilnefndur til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.Og fleiri myndir. Balti hafði næstum leikið í einni þeirra hjá leikstjóra sem næstum hafði gert þá mynd eftir öðru handriti sem nú var orðið að veruleika undir leikstjóra annars sem hafði greinilega ekki boðið Balta hlutverkið sem hann hafði áður næstum verið búinn að fá.

Þetta var mikilvægur fréttapunktur og skipti miklu máli í þeim tíðindum sem öll blöðin slógu upp að Brúðguminn væri tillegg okkar til þessara verðlauna að ráði Sjóns og Sifjar Gunnarsdóttur. Sem er gaman og líkast til rétt valið.

Fréttin geymdi í sér uggvænlega forspá: verk eftir Roy Andersson er líka tilnefnt. Balti kallaði þennan virta leikstjóra svona art-mynda leikstjóra svipaðan Degi Kára – sagðist þekkja hann.

Og þá varð líka ljóst hver fær þessi verðlaun: Roy Andersson er einn virtasti og frumlegasti leikstjóri Norðurlanda. Hann gerir myndir með margra ára millibili og er kominn á þann aldur að Brúðguminn á ekki sjens, ekki frekar en hinar myndirnar. Hugsaði ég yfir blöðunum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Afríka heillar SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Kitchen Nightmares SKJÁR EINN



▶ **21.15** Skins STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Ghost Whisperer STÖÐ 2



▶ **22.00** The Night We Called It a Day STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (28:52)
**17.55 Gurra grís** (53:104)
**18.00 Disneystundin** Nýi skólinn keisarans, sígildar teiknimyndir og Fínni kostur.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.00 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (4:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Aðalhlutverk: Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson, Luke Ward-Wilkinson, Deon Stewardson og Rafaella Hutchinson.
**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (5:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er. Aðalhlutverk: Christina Applegate, Jean Smart, Jennifer Esposito, Kevin Dunn, Barry Watson og Melissa McCarthy.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Upphafið** (Genesis) Frönsk kvikmynd frá 2004 um sögu jarðar.
**23.45 Kastljós** (e)
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Over the Hedge**
**10.00 The Ringer**
**12.00 Danny Deckchair**
**14.00 Dear Frankie**
**16.00 Over the Hedge**
**18.00 The Ringer**
**20.00 Danny Deckchair** Hugljúf og heillandi mynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum um vörubílstjórann Danny sem útbýr sér farartæki úr sólstól og helíumblöðrum.
▶**22.00 The Night We Called It a Day** Dennis Hooper fer hér með hlutverk Frank's Sinatra þar sem hann lendir í einu stærsta fjölmiðlafári í Ástralíu vegna ummæla sem hann lét hafa eftir sér og sármóðgaði þannig fréttakonu þaðan.
**00.00 The Door in the Floor**
**04.00 The Night We Called It a Day**
**06.00 Stealth**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (140:300)
**10.15 Sisters** (24:24)
**11.10 60 minutes**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Sisters** (5:28)
**13.55 Friends** (15:24)
**14.20 Friends** (16:24)
**14.45 Newlywed, Nearly Dead** (3:13)
**15.10 Grey's Anatomy** (33:36)
**15.55 Skrímslaspilið**
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tommi og Jenni**
**17.08 Tracey McBean**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (21:25)
**19.55 Friends 3** (1:25)
**20.20 Project Runway** (1:15)
**21.05 Hotel Babylon** (4:8)
▶**22.00 Ghost Whisperer** (42:44) Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum sem hún býr í. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.
**22.45 The Complete Guide To Parenting** (3:6)
**23.10 Grey's Anatomy** (34:36)
**23.55 The Tudors** (5:10)
**00.50 Women's Murder Club** (11:13)
**01.35 Moonlight** (15:16)
**02.20 House of 1000 Corpses**
**03.50 Crossing Jordan** (10:21)
**04.35 The Closer** (6:15)
**05.20 The Simpsons** (21:25)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**17.05 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt Heimi Guðjónssyni.
**17.50 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
**18.50 NFL deildin** Útsending frá leik New York Giants og New England Patriots sem léku til úrslita í Superbowl.
**22.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**22.55 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valencia og Mallorca í spænska boltanum

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**19.30 English Premier League**
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.45 Leikur vikunnar**
**23.25 Enska 1. deildin** Útsending frá leik Southampton og Blackpool í ensku 1. deildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Design Star** (e)
▶**20.10 Kitchen Nightmares** (2:10) Núna tekst Gordon Ramsey á við risavaxið verkefni. Veitingastaðurinn The Mixing Bowl er á vonarvöl. Framkvæmdastjórinn er ráðþrota, eigandinn hefur misst áhugann og eiginkona hans vill loka staðnum. Þetta er síðasta tækifærið fyrir þennan vonlausa veitingastað.
**21.00 Britain's Next Top Model** (9:12) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Það reynir á úthald og hugrekki stúlknanna þegar þær eru sendar í sirkus. Síðan þurfa þær að nota það sem þær lærðu í sirkusnum á tískusýningu í miðborg Lundúna.
**21.50 Sexual Healing** (7:9) Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með Sálfræðingnum dr. Lauru Berman hjálpa pörum sem komin eru í kynlífskrísu. Í hverjum þætti kynnumst við þremur pörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma "heimaverkefnin" sem þeim eru sett fyrir.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.40 Eureka** (e)
**00.30 Da Vinci's Inquest**
**01.20 Trailer Park Boys**
**02.10 Vörutorg**
**03.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# RÝMINGARSALA!
## NUDDPOTTAR



**Innifalið í tilboði:**
7 sæta nuddpottur stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnudddælur
21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nudddælum,
hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari
4 LED ljós í skel / Einangruð skel og vandað lok, lágmarkað hitatap.
Verð: ~~499.900~~

**Takmarkað magn!**

*Tilboðsverð:*
**399.900***
Greiðslukjör til allt að 36 mán.
*Sérskilmálar

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆR - SÍMI: 585 2888
Opið: Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20
### Project Runway



Vinsælasti og besti tískuraunveruleikaþáttur í Bandaríkjunum. Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta stóra nafnið í heimi hátískunnar. Í upphafi keppninnar mæta tólf ungir og upprennandi fatahönnuðir til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir þar til aðeins einn stendur eftir og sigrar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Upphafið (Genesis)
### Sjónvarpið kl. 22.25

Frönsk kvikmynd frá 2004 um sögu jarðar eftir Claude Nuridsany og Marie Pérennou. Hér er sagt í máli og myndum frá uppruna og hringrás lífsins á jörðinni, allt frá Stóra hvelli til þess fjölskrúðuga dýralífs sem prýðir jörðina í dag. Sex ár tók að gera myndina en þess má geta að í upphafsatriðinu eru myndir frá Íslandi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Hafborg
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Tímakorn
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Rósin rjóð
**22.45** Jazzhátíð Reykjavíkur 2008
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (7:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (8:260)
**17.00 Seinfeld** (13:24)
**17.30 Special Unit 2** (14:19)
**18.15 Skins** (1:10)
**19.00 Hollyoaks** (7:260)
**19.30 Hollyoaks** (8:260)
**20.00 Seinfeld** (13:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Special Unit 2** (14:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir.
▶**21.15 Skins** (1:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Chuck** (1:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst sem matar hann af öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er.
**22.45 Moonlight** (15:16)
**23.30 Twenty Four 3** (15:24)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Sigríður Klingenberg, Freyja og vinkonur frá Danmörku.
**21.00 Vigtarráðgjafarnir 1. þáttur** Umsjón: Kristín V. Óladóttir.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Gunnlaugur Briem, trommuleikari og lagasmiður.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.25** Grøn glæde **11.50** Ha' det godt **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Flight 29 savnes! **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Hjerteflimmer. Pigerne mod drengene **14.30** Hannah Montana **14.55** Svampebob Firkant **15.20** Grumme historier om grusomme børn **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Benjamins tragedie **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.15** Onsdags Lotto **21.20** OBS **21.25** Seinfeld **21.45** Den menneskelige zoo

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Tinas mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Melodi Grand Prix junior 2006. Finale **14.00** NRK nyheter **14.10** Melodi Grand Prix junior 2006 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Uventet besøk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.35** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis. Med røtter i fremmed jord **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Sarah? **22.25** Kunstnerbyen New York **23.15** Kulturnytt **23.25** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** En kapplöpning med tiden **11.25** Drakarna över Helsingfors **12.55** Logga in! **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Charlie och Lola **15.15** Dra mig baklänges **15.30** Bror, min bror **15.50** Wallace & Gromit. Magnifika mackapärer **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Väckelsemöte **20.00** Tell me you love me **20.50** Kulturnyheterna **21.05** Logga in! **21.20** Förtigen barnhandel **22.20** Sändningar från SVT24


N O R D I C A S P A

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið
## fyrir konur og karla



**Rannveig I. Marelsdóttir** 48 ára
bókari hjá Mannviti

**Björk Baldvinsdóttir** 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

*Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.*



**Styrmir Þór Bragason** 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

*Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.*



**Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir** 27 ára
Hjúkrunarfræðingur

**Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir** 32 ára
Viðskiptafræðingur

*Við systurnar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.*



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 8. september**
**Skráning** er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

## GAMLA MYNDIN



*„Mér hefur heldur farið fram í útliti þótt skeggið sé farið, hárið orðið hvítt og hrukkurnar hafi dýpkað. Nú er ég líka orðinn sextugur og sexfaldur afi þannig að útlitið hlýtur að mildast og mótast af því. Meðan ég var rauðhærður ungur maður var mér raun af litnum en nú sakna ég þessa bráðfallega háralitar.“*

Magnús Jónsson veðurstofustjóri

Myndin er tekin í janúar 1989.

# Jón Gnarr er ekki Hannes Hólmsteinn

Ekkert er nýtt undir sólinni, sérstaklega ekki í auglýsingabransanum. Í nýrri auglýsingu fyrir „Núllið“, fjölskylduáskrift Símans, eru meðlimir sömu fjölskyldunnar sýndir tala ofsalega hratt og klykkt er út með að segja: „Þú þarft ekki lengur að tala svona hratt.“

Eins árs gömul auglýsing frá bandaríska símafyrirtækinu T-mobile er sláandi lík þeirri íslensku. Þar sést fjölskylda tala rosalega hratt í farsíma og klykkt er út með því að spyrja: „Er fjölskyldan þín að greiða of mikið fyrir farsímann?“

Ennemm auglýsingastofan með Jón Gnarr í fararbroddi samdi auglýsinguna. „Það er nú svo margt líkt,“ segir Jón og viðurkennir að hafa séð bandarísku auglýsinguna áður en hann samdi þá íslensku. „Ég myndi nú ekki ganga svo langt að segja að auglýsingin sé stolin, en það má segja að hún sé „inspíruð“ af þeirri amerísku eða í sama anda.“

Jón segir að svipuð atvik hafi áður komið upp. „Það voru stundum skets með Fóstbræðrum sem fólk taldi sig hafa séð áður,“ segir hann. „Ég hef aldrei tekið svona gagnrýni mjög alvarlega enda eru oft svipaðar hugmyndir í gangi á mismunandi stöðum. Og svo er þetta nú bara auglýsing. Það er ekki eins og ég sé Hannes Hólmsteinn.“

Auglýsingarnar tvær má bera saman á netinu, til dæmis hjá godsamskipti.blog.is. - glh



**VAR BÚINN AÐ SJÁ AMERÍSKU AUGLÝSINGUNA** Jón Gnarr gengur samt ekki svo langt að viðurkenna stuld.



**LÁRÉTT**
**2.** klettur, **6.** ryk, **8.** knæpa, **9.** áverki, **11.** tveir eins, **12.** kompa, **14.** særa, 16. tveir eins, **17.** hvoftur, **18.** kk nafn, **20.** vörumerki, **21.** mergð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vöndull, **3.** tveir eins, **4.** strits, **5.** rangl, **7.** afsökun, **10.** segi upp, **13.** starfsgrein, **15.** svari, **16.** átti heima, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sker, **6.** ím, **8.** krá, **9.** sár, **11.** ff, **12.** klefi, **14.** skaða, **16.** bb, **17.** gin, **18.** jón, **20.** ss, **21.** ótal.
**LÓÐRÉTT:** **1.** vísk, **3.** kk, **4.** erfiðis, **5.** ráf, **7.** málsbót, **10.** rek, **13.** fag, **15.** ansi, **16.** bjó, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 2.777.276 krónur.
2. Varmá.
3. Samúel.

MAGNÚS KJARTANSSON: ERFIÐ ÁKVÖRÐUN AÐ SELJA LAG SEM VILLI SÖNG

# Lítill drengur dýrasta auglýsingalag Íslandssögunnar

„Þetta lag er auðvitað fyrir löngu orðið sameign þjóðarinnar, þó ég sé svo heppinn að vera skrifaður fyrir því. Það hlýtur því að segja sig sjálft að það þurfti töluvert til að ég samþykkti að lagið færi í auglýsingu fyrir peningastofnun,“ segir Magnús Kjartansson tónlistarmaður. Lagið sígilda sem Magnús ræðir um er Lítill drengur sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng og kom út á plötunni Hana nú árið 1977. Lagið heyrist nú í sjónvarpsauglýsingu Spron í ósunginni útgáfu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Lítill drengur dýrasta lag sem selt hefur verið í auglýsingu á Íslandi. Þær heimildir herma að Spron hafi greitt 1,75 milljónir króna fyrir notkun á laginu. Magnús vill ekki tjá sig um hvað hann fékk greitt. „Ég lít á það sem trúnaðarmál milli mín og viðsemjenda minna.“ Fyrr í sumar var greint frá því að Megas hefði fengið um það bil 1,5 milljónir króna fyrir lagið Ef þú smælar framan í heiminn sem notað var af Toyota.

Magnús segir að hann hafi verið á báðum áttum með hvort hann ætti að selja lagið til Spron. Það gæti verið viðkvæmt fyrir mjög marga. „Strax þegar þessi hugmynd kom upp þá gerði ég mér grein fyrir því að málið var ákaflega viðkvæmt því lagið hefur verið flutt í skírnum, í jarðarförum og við alls konar persónulega viðburði hjá næstum öllum fjölskyldum á landinu. Ég þurfti að veltast með þessa spurningu í brjósti mínu í þó nokkurn tíma. Ég tel þó, að eins og lagið birtist núna þá sé það til sóma og allir geti verið rólegir. Það er allavega mín einlæga von. Svo get ég fullvissað fólk um að lagið mun eingöngu tengjast nafni Spron, það verður ekki hægt að kaupa það út úr Spron, hvorki framan frá né aftan frá.“

Eftir að Megas seldi lag sitt á dögunum spratt upp töluverð umræða um réttmæti þess að listamenn selji lög sín í auglýsingar. Magnús hefur ákveðnar skoðanir á þessu. „Ég verð að segja að í sambandi við mín auglýsingalög í gegnum tíðina, sem og lög Megasar og annarra höfunda, þá fagna ég því að til séu fyrirtæki á Íslandi sem enn sjá sóma sinn í því að nota íslenska tónlist í íslenskar auglýsingar. Og þegar þær eru sungnar að það sé gert á íslensku. Ég trúi ekki mínum eigin augum þegar ég sé íslenskan sveitabæ í auglýsingu að það sé gaulað undir af erlendri plötu, „Love, love, love“. Og þegar ég sé íslenskt lindarvatn að þá heyri ég „And your Body is a Temple“. Ég get ekki hugsað mér að eiga viðskipti við fyrirtæki sem hlaupa svona um í íslensku samfélagi eins og fílar í glerbúð. En það getur verið að ég tilheyri fámennum hópi hvað þetta varðar.“

hdm@frettabladid.is



**ERFITT AÐ SELJA** Magnús Kjartansson segir að það hafi verið erfið ákvörðun að selja lagið Lítill drengur í auglýsingu Spron. Lagið er dýrasta lag sem selt hefur verið í auglýsingu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sigur Rós** og fjölmennt fylgdarlið er nú í tveggja vikna pásu frá heimsyfirreið sinni. Flestir úr hópnum eru komnir heim með sjóriðu og flugþreytu til að hvíla sig fyrir næstu tónleika; í New York hinn 17. september. Síðasta „gigg“ fyrir pásu var á festivali í Skotlandi á sunnudaginn en þar deildi bandið aðalhlutverki með **Franz Ferdinand**. Eftir „gigg“ fóru sveitirnar saman á fyllirí sem reyndar var fremur hóflegt. Ýmiss konar fyrirmenni troða sér jafnan baksviðs eftir tónleika Sigur Rósar til að lýsa yfir velþóknun sinni. Meðal þeirra var söngkonan **Duffy** sem átti varla orð til að mæra tónlistarfólkið íslenska.



Það gerist æ algengara að íslenskt tónlistarfólk gefi tónlist sína eingöngu út á netinu. Nýverið kom út „platan“ Standard v.1 á Tónlist.is. „Platan“ inniheldur þrjú lög eftir **Hallgrím Bergsson**, sem á árum áður var í hljómsveitunum Orfeus og Eglu. Hann tók upp grunna laganna árið 1982 en gaf sér það svo í fimmtugsafmælisgjöf að klára og fínpússa upptökurnar. **Eiríkur Hauksson** syngur eitt lag, Eiríkur og **Hera Björk** syngja annað, en fyrir marga er eflaust mestur fengur í laginu „Dreams“, sem **Pétur** heitinn **Kristjánsson** syngur, enda ekki á hverjum degi sem „nýtt“ lag með honum heyrist. - glh




Getum bætt við okkur nokkrum verkefnum í skrautsteypu



MYNSTRUN ehf
Sími: 898 7436 • mynstrun@internet.is


# Áritar við afgreiðsluborðið

Tónlistarmaðurinn André Bachmann hóf nýverið afgreiðslustörf hjá Olís í Álfheimum. Er það ekki í frásögur færandi nema það að síðasta plata hans, Með kærri kveðju, er þar einnig til sölu og hafa kaupendur hennar nýtt tækifærið og fengið André til að árita hana fyrir sig.

„Þetta er fólk á öllum aldri sem kemur. Ég er með þar til gerðan penna og fólk bara biður um þetta, ég er ekkert að troða þessu upp á það,“ segir André, sem seldi fjórtán plötur í fyrradag.

Auk þess að fást á tonlist.is og bonusvideo.is er platan til sölu í öllum afgreiðslustöðvum Olís á höfuðborgarsvæðinu og er André þakklátur vinnuveitendunum fyrir stuðninginn. „Þeir hafa stutt vel við bakið á mér. Þetta er sjálfsagt vegna þess að maður er að rækja sitt starf vel,“ segir hann og þverkeur fyrir að hann sé að misnota aðstöðu sína.

André byrjaði sem lausamaður á öllum bensínstöðvum Olís á höfuðborgarsvæðinu í fyrra en hefur nú fest rætur í Álfheimum. Áður en hann stimplar sig þar inn ekur hann þó enn strætó um borgina með bros á vör eins og hann hefur gert undanfarin ár. „Maður getur ekki slitið sig frá farþegunum og gulu limmunni,“ segir hann og hlær.

Einn af fastakúnnum bensínstöðvarinnar er Raggi Bjarna, kollegi og góðvinur André, enda var hluti af Olís-auglýsingu Ragga tekinn þar upp. „Það er alltaf mikill fögnuður þegar við hittumst,“ segir André, sem hefur brátt undirbúning fyrir jólavertíðina. „Ég held mína árlegu jólatónleika fyrir fatlaða og síðan eru það jólaböllin og jólahlaðborð. Maður þarf að vera vel skipulagður.“ - fb



**VIÐ AFGREIÐSLUBORÐIÐ** André Bachmann áritar sína nýjustu plötu fyrir þá sem óska eftir því hjá Olís í Álfheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





40%
afsláttur af grillum, grillvörum og ferðavörum!
Ellingsen
SUMARAUKI OLÍS
Allskyns vörur á hreint ótrúlegu verði
Nú er tækifæri til að græja sig upp fyrir lítinn pening.
Gæðagrill, grillvörur og viðlegubúnaður í miklu úrvali.
Það sem nýtist þér ekki nú í sumar notarðu í útileguna
næsta sumar. Tilboðið gildir til 15. september 2008.
Komdu við á næstu Olís-stöð og gerðu kjarakaup!
olís
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083161

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

# Nóg er nóg er nóg

Á dögunum þáði ég boð um að mæta á samkomu hjá Samhjálp. Bjóðandinn er dæmalaust vel gerður piltur sem nýlega sneri við blaðinu og kvaddi förunaut sinn fíkniefnadjöfulinn sem hafði verið honum fylgispakur um hríð. Svo sem hjá fleirum reyndist snertilending við botninn vel, á elleftu stundu getur verið einkar hollt að fá harkalegt raunveruleikaspark þótt það sé ónotalegt í bili.

**SALURINN** var þétt skipaður ungu fólki einkum sem flest var trúlega búið með partí- og tattúkvótann. Tónlistin var vissulega öðruvísi en í venjulegri messu og predikunin ýtin og persónuleg. Aldrei fyrr hef ég heyrt talað um guð og rúnk í sömu málsgreininni. Virðuleg frú í settlegri dragt hefði jafnvel getað farið hjá sér stöku sinnum ef hún væri ekki svona hrifnæm og áhrifagjörn yfirhöfuð. Að hálfu var athyglin þó á vini mínum sem á bak við hardcore lúkkið hafði ekki verið svona glaður í sjálfum sér og meyr í háa herrans tíð, því virk fíkn er sjúkdómur sem heltekur lífið eins og það leggur sig. Rænir sálinni í einu lagi ef færi gefst og smitar heilu fjölskyldurnar eins og skæður vírus.

**EKKERT** er auðveldara en að vera uppfullur af skilgreiningum á öðru fólki. Hinn otandi vísifingur er ekki bara tamur þeim sem lifa lífinu samkvæmt Upplýsingariti samfélagsins um góða siði og fyrirmyndar ákvarðanir, heldur líka okkur hinum sem burðumst með allskyns brotalamir sjálf. Þótt fíkn sé einkum skilgreindur sjúkdómur hjá þeim sem sýna ýktustu einkennin og glíma við verstu fráhvörfin, þá er veröldin líklegast full af fíklum sem hafa ekki hugmynd um eigin neyslu. Á sumu er bara stigsmunur en ekki eðlis.

**ÞAÐ** væri náttúrlega dálítið lasið að stimpla þá alla fíkla sem hafa viðþolslausa þörf fyrir til dæmis athygli eða aðdáun annarra en tilhugsunin er áleitin um vaxandi friðleysi. Sífellt fleiri virðast aldrei geta fallið nóg í kramið eða upplifað nógu mikla dramatík, eignast nógu mikla peninga eða nógu mikil völd. Eða geta aldrei étið nóg eða orðið nógu mjóir eða nógu massaðir. Einkennin eru fjölbreytileg en afneitunin sameiginleg. Ef til vill verður fljótlega orðin þörf fyrir tólf spora kerfið sem valgrein í menntó.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 3. september, 247. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.17 | 16.27 | 20.35 |
| Akureyri | 5.56 | 13.12 | 20.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070